ÓMAR ÁGÚSTSSON

*Breyttist til hins betra eftir tvö ár í bootcamp*

• heilsa • nám • matur

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




FLUTNINGAR

*Hverju skal halda og henda í flutningum*

Sérblað um flutninga

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. september 2008 — 245. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**



**Nýtt lag í spilun**

Áður útgefið lag með Vilhjálmi Vilhjálmssyni, Tölum saman, fer í spilun á öldum ljósvakans.

FÓLK 30

**Stöð 2 fyrirmyndin**

Nýtt útlit sjónvarpsstöðvarinnar Sky þykir sláandi líkt útliti Stöðvar 2

FÓLK 30

**Fær andlitslyftingu**

Sveinsbakarí fagnar 100 ára afmæli á árinu.

TÍMAMÓT 18



**Fagnar aukinni samkeppni**



Hermanni Hreiðarssyni finnst frábært að leika fyrir Harry Redknapp.

ÍÞRÓTTIR 26

**VEÐRIÐ Í DAG**




**LÆGIR Í DAG** Í fyrstu verður stíf suðaustan átt sunnan og vestan til en lægir eftir hádegi. Hægari annars staðar. Víða rigning eða skúrir en þurrt Norðanlands. Hiti 10-16 stig.

VEÐUR 4

# Rammaáætlun með um 50 virkjanakosti

**Í birtum skýrslum um rammaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir ríflega 50 virkjanakostum á Íslandi. „Ólíklegt að fleiri bætist við,“ segir formaður verkefnisstjórnar. Nokkur svæðanna hafa verið sett til hliðar í stjórnarsáttmála.**

**ORKUMÁL** „Það hefur ekki verið ákveðið hversu margir virkjanakostirnir verða endanlega, en mér finnst ólíklegt að fleiri bætist við. Ég held að það sé í rauninni búið að kemba öll svæði þar sem virkjun er möguleg,“ segir Svanfríður Inga Jónasdóttir, sem er formaður verkefnisstjórnar annars áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Í skýrslu um fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar er gert ráð fyrir 21 hugsanlegum vatnsaflsvirkjunarkosti, þótt einungis hafi tekist að fjalla um nítján þeirra í lokaáfanga hennar. Sá þekktasti af þessum möguleikum, Kárahnjúkavirkjun, hefur nú þegar litið dagsins ljós.

Vinnu við annan áfanga rammaáætlunar á að ljúka á næsta ári, en þar verður að mestu fjallað um jarðvarmasvæði.

Birt hefur verið svokölluð framvinduskýrsla um annan áfangann og þar eru tilgreind nítján jarðvarmasvæði, sem meta skuli.

Framvinduskýrslan er frá maí 2007 og er þar ennfremur rætt um tólf vatnsaflsvirkjunarkosti sem ekki komust inn í fyrsta áfanga rammaáætlunar. Meðal þeirra er Bjallavirkjun í Tungnaá og Hvítá.

Áfanga- og framvinduskýrslurnar eru víðtækar og skoða kosti sem ætla mætti að yrðu umdeildir, svo sem þegar mælst er til að jarðvarmasvæði við Geysi verði metið.

„Skýrslurnar var búið að vinna þegar núverandi verkefnastjórn kom til. Sú skoðun var uppi að meta ætti alla hugsanlega möguleika til þess að geta raðað þeim eftir fýsileika, með samanburði,“ segir Svanfríður Jónasdóttir.

Hún tekur fram að annar áfanginn sé með öðrum blæ en sá fyrri, því nú sé einnig fjallað um verndun náttúrusvæða.

Sex möguleg jarðvarmasvæði í framvinduskýrslunni voru sett til hliðar sérstaklega í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar.

Nýting þeirra er ekki útilokuð í sáttmálanum, en svæðin eru „undanskilin nýtingu og jarðraski“ þar til endanleg rammaáætlun lítur dagsins ljós. - kóþ




**LÁLAND 2** Einbýlishús byggt 1975 hverfur af yfirborði jarðar og víkur fyrir nýju húsi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kreppan virðist ekki skollin á af fullum þunga í Fossvogsdalnum:

# Forstjóri rífur nýkeypt hús

**SKIPULAGSMÁL** Hafist var handa í gær við niðurrif einbýlishússins í Lálandi 3 í Fossvogi.

Umrætt hús var selt fyrir um 70 milljónir króna í maí í fyrra. Í fyrstu stóð til af hálfu nýrra eigenda að endurnýja húsið en svo miklar skemmdir munu þó hafa komið í ljós við undirbúning þess verks að á endanum var ákveðið að byggja nýtt hús. Í staðinn rís nú hús sem er 100 fermetrum stærra en hið 230 fermetra stóra hús sem nú víkur

Eigendur Lálands 3 eru hjónin Margrét Gunnarsdóttir og Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, sem sinnir þjónustu vegna MasterCard, Maestro og American Express greiðslukorta. - gar

Guðjón um landsliðið:

## Þurfum að hafa trúna

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson, fyrrum landsliðsþjálfari, segir að leikmenn íslenska landsliðsins þurfi að hafa trú á eigin getu sem og liðsins til að ná árangri.

„Við erum með fullt af frambærilegum leikmönnum í liðinu og við verðum að standa fast í fæturna og ætla okkur hlutina,“ segir Guðjón sem var ánægður með Noregsleikinn og þá helst vinnuframlag leikmanna. Hann segir liðið þó geta gert enn betur.

- hbg / sjá síðu 26

Krónan niður um prósent:

## Dollarinn ekki dýrari í sex ár

**VIÐSKIPTI Gengi íslensku krónunnar veiktist um eitt prósent í gær og endaði gengisvísitalan í rúmum 166 stigum.**

**Bandaríkjadalur hefur styrkst verulega síðustu daga gagnvart helstu gjaldmiðlum og kostar nú rúmar 89,3 krónur.**

**Hann hefur ekki verið dýrari síðan á þjóðhátíðardaginn fyrir rúmum sex árum en þá var hann að koma niður úr methæðum gagnvart krónu. Bandaríkjadalur hefur styrkst um 41 prósent frá áramótum og evra um 36 prósent, en krónan hefur fallið um 37,6 prósent á sama tíma.** - jab

Umfjöllun um bankana:

## Ísland stóð af sér storminn

**VIÐSKIPTI** Fjallað er um íslensku bankana í nýjasta hefti fagritsins Acquisitions Monthly. Í greininni er staðhæft að íslenska bankakerfið virðist hafa staðið af sér þær þrengingar sem hafa gengið yfir fjármálaheiminn og sagt að útlit sé fyrir að „íslenska ævintýrið“ muni enda vel. Greinarhöfundur er mjög bjartsýnn á útlitið hjá íslensku bönkunum, sem hann telur hafa mjög sterka eiginfjárstöðu.

- msh/ sjá síðu 12










**SPURNING DAGSINS**



*Katrín, hringir þessi virkjun engum bjöllum?*

„Hún gerði það ekki, en er farin að hringla í hausnum á mér núna."

Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðarnefndar, segist ekki kannast við hugmyndir um Bjallavirkjun, sem Landsvirkjun setti fram í síðustu viku.

Forstjóri Útlendingastofnunar um heimildir til brottvísunar erlendra brotamanna:

# Engin linkind en heimildin þröng

**INNFLYTJENDAMÁL** Útlendingastofnun beitir þeim heimildum, sem hún hefur til að vísa erlendum brotamönnum úr landi, af fullum þunga, segir Haukur Guðmundsson, starfandi forstjóri stofnunarinnar aðspurður um gagnrýni Snorra Magnússonar, formanns Landsambands lögreglumanna. Snorri sagði í Fréttablaðinu í gær að hann vildi að erlendum brotamönnum yrði vísað úr landi og undraðist að Útlendingastofnun hefði ekki vísað fimm litháískum mönnum, sem réðust á lögreglumenn í janúar síðastliðnum, af landi brott. Einn þeirra hlaut 60 daga skilorðsbundinn dóm.



**HAUKUR GUÐMUNDSSON** Segir oft beðið með brottvísun uns dómur hefur fengist í máli viðkomandi.

Aðspurður af hverju þeim var ekki vísað úr landi segist Haukur ekki vilja tjá sig um einstök mál.

„En almennt þegar um er að ræða brottvísun á grundvelli refsiverðrar háttsemi," segir Haukur, „þá er sérstakt ákvæði um það að brottvísun EES borgara megi ekki verða með sjálfvirkum hætti heldur verður að liggja fyrir mat um það að af manninum stafi einhver hætta. Þannig að þetta er mjög þröng og takmörkuð heimild en við beitum henni hins vegar af fullum þunga."

Hann segir að oft sé beðið með brottvísun uns dómur hefur fengist í máli viðkomandi. „Við viljum eðlilega að erlendir brotamenn fái sinn dóm en sleppi ekki með brot sín með því að vera vísað úr landi." Eins segir hann að taka verði tillit til fjölskylduaðstæðna í brottvísunarmálum. **- jse**

**UM BROTTVÍSUN Í ÚTLENDINGALÖGUM**

**Heimilt er að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum frá komu ef:**

- hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar
- það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Námskeið fyrir litla kokka:

## Fræg rotta höfð að fyrirmynd

**BÖRN** Íslensk börn á aldrinum átta til ellefu ára geta nú eldað rétti frá ýmsum heimshlutum á matreiðslunámskeiði undir áhrifum frá Disney-myndinni Ratatouille. Líkt og rottan Remy, hetja teiknimyndarinnar, gefst börnunum kostur á að sýna að margur er knár þótt hann sé smár.



NATALIA VICO

„Við verðum með asískt þema, mexíkóskt, íslenskt og fleira, förum yfir næringarefnin og hvað við getum borðað til að bæta húð eða hár svo eitthvað sé nefnt. Þá fjöllum við um hættur eins og krossmengun, hnífa, heitt vatn og olíu," segir Natalia Vico, eigandi fyrirtækisins Stjörnustelpna, sem heldur námskeiðið. **- ve / sjá Allt í miðju blaðsins**

**VESTMANNAEYJAR**

**Lík fannst í Kaplagjótu**

Lík af miðaldra karlmanni fannst um miðjan dag í gær í Kaplagjótu í Vestmannaeyjum. Dánarorsök mannsins er enn óviss en lögregla telur að ekki hafi verið um saknæmt atvik að ræða.

**VINNUMARKAÐUR**

**Samningafundur í dag**

Samninganefnd ljósmæðra á fund með samninganefnd ríkisins í húsnæði ríkissáttasemjara klukkan eitt í dag. Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélagsins, segir að ljósmæður reyni áfram að ná samkomulagi. Tveggja daga verkfall hefur verið boðað á miðnætti á miðvikudagskvöld.

# Sprenging í fjöldakynferðisbrotamála

**Kynferðisbrotamálum á borði lögreglu fer sífjölgandi milli ára. Einkum hefur orðið aukning í kynferðisbrotamálum gegn börnum. „Sprenging," segir lögreglan á Selfossi. Þar þarf að ýta öðrum brotamálum til hliðar vegna álags.**

**LÖGREGLUMÁL** Sautján mál komu til kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í ágústmánuði.

Kynferðisbrotamálum á borði lögreglu höfuðborgarsvæðisins og á Selfossi hefur fjölgað verulega á síðustu vikum og mánuðum. Í febrúar voru þau enn fleiri, eða nítján talsins. Rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi verður að leggja önnur brotamál til hliðar vegna fjölda kynferðisbrotamála, sem hafa forgang hvað rannsóknir varðar.

„Þau mál sem koma inn til okkar eru í öllum brotaflokkum," segir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Mér sýnist kynferðisbrotamálum fjölga milli ára. Það sem vekur athygli er að brotum gegn börnum, sem tilkynnt eru af barnaverndarnefndum, virðist vera að fjölga. Skýringin getur falist í því að barnaverndarstarfsmenn eru mjög meðvitaðir um þennan möguleika."

Björgvin útskýrir að barnaverndarmál af þessum toga fari í forskoðun og séu síðan send til lögreglu til rannsóknar þyki ástæða til.

Þorgrímur Óli Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á Selfossi, tekur í sama streng og Björgvin hvað varðar fjölgun mála.

„Það má segja að sprenging hafi orðið í fjölda þessara mála hjá okkur," segir hann. „Mér sýnist að komin séu fjórutíu og eitt mál til okkar það sem af er árinu."



**BÖRN AÐ LEIK** Kynferðisbrotamálum á borði lögreglu hefur fjölgað verulega á síðustu vikum á höfuðborgarsvæðinu og í umdæmi lögreglunnar á Selfossi. Þá hefur málum þar sem brotið er gegn börnum fjölgað. Myndin er úr safni og tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Þorgrímur Óli segir að sú fjölgun sem varð á kynferðisbrotamálum á síðasta ári hafi verið rakin til Byrgismálsins. Þá hafi samtals tæplega fimmtíu mál borist lögreglu.

„En núna höfum við fengið að jafnaði rúmlega eitt mál á viku, þannig að það virðist verða aukning frá því í fyrra og mikil aukning frá árinu áður þegar við vorum með um sextán mál."

Þorgrímur Óli segir aukninguna einkum vera í barnaverndarmálum sem varði kynferðisbrot. Þá séu barnaklámsmál til rannsóknar hjá lögreglu. Þar á meðal sé mál sem upp hafi komið nýverið þegar fangaverðir á Litla-Hrauni gerðu leit í klefum fanga og fundu barnaklám í tölvum.

„Við erum fjögur í rannsóknardeild og erum bara ekki að ná að klára þann pakka brotamála sem berst til okkar. Við leggjum áherslu á kynferðisbrotamál og líkamsárásarmál en önnur brotamál, svo sem þjófnaðarmál, standa þá út af borðinu."

**jss@frettabladid.is**

Línuívilnun ónýtt:

## Rúmlega 2.000 tonn ekki veidd

**SJÁVARÚTVEGUR** Stór hluti af úthlutuðum kvóta vegna línuívilnunar í þorski og steinbít var ónýttur á síðasta fiskveiðiári. Alls var 1.671 tonn af þorskkvótanum sem féll niður og 454 tonn af steinbít. Þetta nemur 1,28 prósentum af þorskkvótanum og 3,63 prósentum af kvóta í steinbít.

Þetta kemur fram í greinargerð Björns Jónssonar, sérfræðings hjá LÍÚ, og er birt á heimasíðu samtakanna. Aflamark fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 var skert um 3.375 tonn af þorski og 894 tonn af steinbít vegna línuívilnunar. Á fiskveiðiárinu 2006/2007 féllu niður alls 920 tonn af þorski og 344 tonn af steinbít. **- shá**

Frumvarp um nálgunarbann:

## Líklega afgreitt úr nefnd í dag

**ALÞINGI Frumvarp um nálgunarbann verður að líkindum afgreitt úr allsherjarnefnd Alþingis í dag.**

**Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar, sagðist í samtali við Fréttablaðið vonast til að svo gæti orðið en vildi fátt annað um málið segja. Fréttablaðið hefur áður greint frá því að innan nefndarinnar sé að nást samhljómur um að ákvörðun um nálgunarbann verði færð frá dómstólum til ákærenda og/eða lögreglu. Einnig að einhugur ríki um víkkun á skilyrðum þess að nálgunarbanni sé beitt. - bþs**



**SARKOZY OG MEDVEDEV** Forsetar í hrókasamræðum í Moskvu.

NORDICPHOTOS/AFP

Sarkozy hitti Medvedev:

## Rússar fallast á evrópskt eftirlit

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Medvedev, forseti Rússlands, segir Rússa hafa fallist á að friðareftirlitsmenn á vegum Evrópusambandsins komi í staðinn fyrir rússneska hermenn, sem Rússar segja hafa sinnt friðargæslu í Georgíu.

Medvedev lýsti þessu yfir eftir að hafa rætt í fjórar klukkustundir við Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta, sem hélt til Moskvu í gær til að reyna að bjarga friðarsamkomulagi, sem Rússar og Georgíumenn undirrituðu í síðasta mánuði. **- gb**

Karlmaður handtekinn á höfuðborgarsvæðinu í gær:

# Grunaður um að hafa áreitt barn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók síðdegis í gær karlmann sem er grunaður um að hafa farið í heimildarleysi inn í hús við Grettisgötu aðfaranótt laugardagsins.

Kona var heima ásamt sex ára stúlkubarni þegar maðurinn braust inn í húsið. Konan var í fasta svefni en vaknaði við að einhver var á ferli í íbúðinni. Hún fór á stjá og mætti þá ókunnugum manni. Hann lagði á flótta þegar hann sá hana.

Lögreglan hóf þegar í stað leit að manninum og fannst hann sem fyrr segir síðdegis í gær. Maðurinn var yfirheyrður að handtöku lokinni.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fer kynferðisbrotadeild lögreglunnar með málið. Hinn grunaði hefur komið við sögu lögreglu áður vegna kynferðisbrota og rannsókn málsins snýst meðal annars um hvort hann hafi haft afskipti af litlu stúlkunni.

Lögregla tekur ákvörðun fyrir hádegi í dag hvort krafist verður gæsluvarðhalds yfir manninum. **- jss/aþ**



**LÖGREGLAN** Rannsakar grun um áreitni.

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

**Er barn á heimilinu?**

*LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!*

Börn eru oft viðkvæmari fyrir hinni síaukinu streitu í þjóðfélaginu en hinir fullorðnu. Ónæmiskerfi nútímabarna verður líka fyrir miklu áreiti, þau fara víðar og umgangast fleiri en börn fyrri tíma. Veittu barninu þínu liðsstyrk með LGG+. Það er bragðgott og stuðlar að vellíðan.



SUBARU

# SUBARU GERIR BETUR




# 2.990.000 kr.

## FYRIR SJÁLFSKIPTAN FJÓRHJÓLADRIFINN LEGACY

Margir velja SUBARU vegna þess að hann bilar svo sjaldan. Enn fleiri velja SUBARU vegna þess að hann er fjórhjóladrifinn, öruggur, með ríkulegan staðalbúnað og á hagstæðu verði. Flestir velja þó SUBARU vegna alls þessa og þeirrar staðreyndar að SUBARU er góður í endursölu. Við bjóðum nú takmarkað magn af SUBARU LEGCY SEDAN á sérstökum kjörum. SUBARU GERIR BETUR!



**Ríkulegur búnaður:**

**Fjórhjóladrif**, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislaspilari,17” álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt, tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, akksturstölva, hraðastillir o.m.fl.

ENNEMM / SÍA / NM35190

SYMMETRICAL AWD SINCE 1972

## SÉRSTAÐA SUBARU

Subaru er með AWD sídrif – alltaf með drif á öllum hjólum. Þetta gerir hann góðan í snjó og á erfiðum vegum en þýðir líka að hann lætur frábærlega að stjórn í venjulegum akstri. Boxer vélin er hönnunarafrek út af fyrir sig. Hún liggur lárétt í vélarrúminu og er því með lágan þyngdarpunkt sem eykur jafnvægi bílsins og margfaldar eiginleika AWD sídrifsins.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH INGVAR HELGASON

## GENGIÐ 08.09.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 87 | 87,42 |
| Sterlingspund | 153,1 | 153,84 |
| Evra | 123,57 | 124,27 |
| Dönsk króna | 16,571 | 16,667 |
| Norsk króna | 15,444 | 15,534 |
| Sænsk króna | 13,058 | 13,134 |
| Japanskt jen | 0,8004 | 0,805 |
| SDR | 134,15 | 134,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
162,7312

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Uppgjör meðal sósíaldemókrata í Þýskalandi:

# Steinmeier verður kanslaraefni

**ÞÝSKALAND, AP** Leiðtogaskipti urðu í Sósíaldemókrataflokki Þýskalands á sunnudag. Kurt Beck hefur sagt af sér og við tekur varaformaðurinn Franz Müntefering. Leiðtogakjör verður svo haldið innan skamms.

Jafnframt var skýrt frá því að Frank-Walter Steinmeier, sem verið hefur utanríkisráðherra í samsteypustjórn íhaldsmanna og sósíaldemókrata, verði kanslaraefni flokksins á næsta ári, þegar Þjóðverjar kjósa nýtt þing.

„Ég tók að mér þetta embætti til að koma flokki mínum til hjálpar,“ sagði Beck í yfirlýsingu. „Úr því að það virðist ekki lengur mögulegt, hef ég tekið afleiðingum þess.“




**FRANK-WALTER STEINMEIER** utanríkisráðherra Þýskalands verður kanslaraefni sósíaldemókrata gegn Angelu Merkel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samstarf sósíaldemókrata við Kristilega demókrataflokkinn í ríkisstjórn hefur kostað flokkinn vinsældir og félagar í flokknum eru í fyrsta sinn í sögunni orðnir færri en félagar í Kristilega demókrataflokknum.

Angela Merkel, leiðtogi íhaldsmanna og kanslari samsteypustjórnar stóru flokkanna, hefur hins vegar grætt fylgi á samstarfinu og er orðin vinsælasti stjórnmálamaður Þýskalands.

Beck tók við flokknum fyrir rúmum tveimur árum, þegar Gerhard Schröder, fyrrverandi kanslari, sagði af sér í kjölfar þingkosninga, þar sem sósíaldemókratar töpuðu naumlega fyrir kristilegum demókrötum. Schröder fékk sér síðan vinnu hjá rússnesku orkufyrirtæki. **- gb**

Mannslát við Skúlagötu:

# Einn áfram í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fimmtugsaldri var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 15. september. Hann sat í gæsluvarðhaldi fyrir, en öðrum manni, sem einnig sat í haldi, var sleppt.

Fyrir viku fannst maður látinn í íbúð sinni við Skúlagötu og er talið að höfuðáverkar hafi dregið hann til dauða. Báðir mennirnir voru hjá hinum látna þá um helgina.

Á fréttavefnum Vísi segir að maðurinn neiti staðfastlega sök. Hann hafi setið að drykkju í íbúðinni föstudaginn 29. ágúst með húsráðanda og þriðja manni og yfirgefið húsið fyrstur. Vísir segir þriðja manninn staðfesta það. **- kóp**



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Mengun frá virkjuninni talin eiga sök á gróðurskemmdum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hellisheiðarvirkjun:

# Mengun talin drepa mosa

**NÁTTÚRA** Mosinn í kringum Hellisheiðarvirkjun er víða mjög skemmdur, vaxtarsprotar mosans hafa drepist og göt hafa komið í mosaþekjuna. Frá þessu var greint á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands í gær.

Á þessu stigi er ekki fullljóst hvað veldur mosadauðanum. Það þykir þó afar líklegt að mengun af völdum Hellisheiðarvirkjunar sé ástæðan fyrir gróðurskemmdunum. Á síðu Náttúrufræðistofnunar kemur fram að öllum líkindum sé skaðvaldurinn brennisteinsvetni sem er mjög eitruð lofttegund, nokkru þyngri en andrúmsloft og getur því safnast í allmiklu magni í lægðir einkum í kyrru veðri. Hellisheiðarvirkjun losar brennisteinsvetni í talsverðum mæli. **- kdk**

## ALÞINGI

### Þrír varamenn á þingi

Varaþingmennirnir Alma Lísa Jóhannsdóttir, VG, Guðmundur Steingrímsson, Samfylkingunni, og Samúel Örn Erlingsson, Framsóknarflokki, sitja á þingi þessa dagana í fjarveru aðalmanna.

# Skuldir þingmanna komi ekki til tals

**Í drögum að reglum um skráningu eigna þingmanna er ekki gert ráð fyrir því að þingmenn upplýsi um skuldir sínar, né um störf og hagsmunatengsl í fyrirtækjum. Eignir maka verða fram taldar, telji hjónin fram saman.**

**ALÞINGI** Ekki er gert ráð fyrir því að þingmenn greini frá skuldum sínum í drögum að reglum um skráningu eigna þeirra, segja heimildir blaðsins.

Þó er að heyra á viðmælendum úr stjórnarandstöðu að þeim þyki eðlilegast að greint sé frá þessu.

Ekki mun heldur vera gert ráð fyrir því að þingmenn greini frá hagsmunatengslum, svo sem störfum í stjórnum fyrirtækja og þess háttar.

„Þetta finnst mér rangt. Það er grundvallaratriði að þingmenn greini frá öllum hagsmunatengslum, svo sem störfum fyrir fyrirtæki,“ segir varaformaður þingflokks frjálslyndra, Jón Magnússon. Upplýsingaskyldan eigi að vera „sem víðtækust“.

„Og þá erum við að tala um allt sem getur haft áhrif við ákvarðanatöku,“ segir Jón. Ekkert sé því athugavert við að hafa skuldirnar með.

Varaformaður þingflokks framsóknarmanna, Magnús Stefánsson, minnir á að mikil hagsmunatengsl geti verið milli skuldara og lánara. Þetta komi því vel til álita. Um störf í fyrirtækjum, segir Magnús: „Þau tengsl eru ekki síður mikilvæg en það hvort ég eigi hlut í fyrirtæki.“

Nauðsynlegt sé að skilgreina vandlega markmið reglnanna, enda álitamál hversu langt skuli ganga. Ákveða þurfi hvað sé átt við með hagsmunatengslum, til dæmis hvort þau nái til maka.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, segist vilja hafa allt á borðinu.

„Ég trúi á eitt tæki í tilverunni sem heitir heilbrigð skynsemi og við hljótum að skoða þessa hluti út frá þeim markmiðum sem svona lagasetning hefur. Eru tengsl milli þeirra sem véla með almannahag og hinna, sem eru aðnjótendur? Vinstri græn munu ekki standa í vegi fyrir nokkurri opnun í því samhengi.“

Ekki náðist í þingflokksformenn stjórnarflokkanna við gerð fréttarinnar og varaformaður þingflokks Samfylkingar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, vildi ekki ræða reglurnar í þaula. Hún telur þó að skuldir eigi að telja fram.

**klemens@frettabladid.is**



**ALÞINGISHÚS AÐ MORGNI** Drög að reglum um skráningu eigna þingmanna gera ekki ráð fyrir skráningu skulda þeirra, né að þeir upplýsi um störf sín í þágu fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÓN MAGNÚSSON**



**MAGNÚS STEFÁNSSON**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

## VALKVÆÐAR REGLUR

Gert er ráð fyrir því að reglurnar, sem eru að danskri fyrirmynd, verði valkvæðar þannig að þingmenn geti valið hvort þeir fari eftir þeim eða ekki.

Einnig er gengið út frá því að þær verði almennar starfsreglur fyrir þingmenn en ekki lögbundnar. Það þýðir að ekki verður hægt að ákæra þingmenn fyrir að brjóta þær.

Reglurnar hafa tafist í meðförum Alþingis í eina 18 mánuði, án þess að heyranleg umræða um þær hafi orðið milli flokka.



**SAMAK KAUPIR Í MATINN** Ákærður fyrir stjórnarskrárbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Taílands:

# Að falli kominn vegna matseldar

**TAÍLAND, AP Samak Sundaravej, forsætisráðherra Taílands, er staðráðinn í að sitja áfram í embætti þrátt fyrir fjölmenn mótmæli vikum saman í höfuðborginni Bangkok.**

**Nú gæti svo farið að hann missti embættið fyrir að hafa stjórnað sjónvarpsþætti um matseld eftir að hann varð forsætisráðherra, og þar með brotið reglur sem banna að starfa hjá einkafyrirtæki samhliða opinberu embætti. Samak varði mál sitt fyrir stjórnlagadómstól landsins í gær, en úrskurðar dómstólsins er að vænta í dag.**

**Samak sigraði í þingkosningum sem her landsins efndi til eftir að hafa steypt forvera hans, Thaksin Sinawatra, af stóli árið 2006.** **- gb**

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Fjölmenning á Vestfjörðum

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á félagsmálaráðherra að gera Fjölmenningarsetrið að stjórnsýslustofnun á landsvísu, með höfuðstöðvar á Ísafirði, sem yrði ráðgefandi um málefni innflytjenda.

## SJÓSLYS

### Skút hvolfdi í Hafnarfirði

Ungur maður lenti í sjónum í Hafnarfjarðarhöfn þegar lítill skútu, sem hann var á, hvolfdi. Hann komst í nærstaddan bát, en hann var vel búinn og aldrei í hættu.


# TILBOÐ DAGSINS

Ýsa í Toscana-Sinneps-Karrý sósum

**890kr/kg**

**Hafið Fiskiprinsinn**
hefur einnig opnað að
Reykjarvíkurvegi 68, Hafnarfirði

*Þú getur alltaf treyst á prinsinn*

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**FYRIRFERÐ Í RIGNINGUNNI**
Hún er nokkuð fyrirferðamikil rigningin í kortunum næstu daga. Í dag verður reyndar þurrt á norðanverðu landinu en síðan er útlit fyrir að rigningin nái norður yfir land. Ekki er þó að sjá annað en að úrkomumagnið verði þar fremur lítið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 19° |
| Ósló | 13° |
| Stokkhólmur | 14° |
| Gautaborg | 19° |
| London | 19° |
| París | 25° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Berlín | 22° |
| Alicante | 29° |
| Mallorca | 32° |
| Basel | 27° |
| Eindhoven | 25° |
| Las Palmas | 26° |
| New York | 26° |
| Orlando | 31° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# FÆRÐ ÞÚ HAUSTUPPBÓT?

Þetta sólríka sumar námu vinningar í HHÍ heilum 257 milljónum!
Tveir þeirra voru upp á 25 milljónir króna og aðrir 163 fóru yfir 100 þúsund.
Nú heldur gleðin áfram; þann 10. september drögum við út um 3 þúsund vinningshafa til viðbótar.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

Næsti útdráttur verður
10.09.2008

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## KJÖRKASSINN



*Ert þú hlynnt(ur) fyrirhugaðri Bjallavirkjun?*

| | |
|---|---|
| Já | 47,2% |
| Nei | 52,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að beita brottvísunum á erlenda brotamenn meira en nú er gert?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Tveir úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna hnífsstungu við Mánagötu á sunnudag:

# Tveir í varðhaldi, tveggja leitað

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 12. september, en þeir eru grunaðir um að hafa átt þátt í hnífsstungu á heimili við Mánagötuna. Lögreglan leitar enn tveggja vegna málsins.

Lögreglunni barst tilkynning rétt eftir hádegi á sunnudag frá manni sem sagði hóp manna vera að reyna að ryðjast inn í íbúð sína. Þegar lögregluna bar að garði voru mennirnir á bak og burt en sá sem tilkynnti um atburðinn var með stungusár á læri eftir hníf. Sá sem fyrir stungunni varð sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gærkvöldi að hann hefði verið að verja systur sína fyrir ágangi mannanna. Þeir hefðu setið að sumbli í innréttuðum bílskúr tengdum húsinu, þar sem þeir dveljast. Síðan hafi þeir með háreysti heimtað að verða hleypt inn í íbúðina.

Þegar systur fórnarlambsins bar að og fór inn í íbúðina hafi mennirnir reynt að brjótast inn á eftir henni, en maðurinn varnað þeim inngöngu. Einn mannanna hafi þá lagt til hans með hnífi og þeir síðan flúið af vettvangi.

Ekki eru önnur tengsl á milli hinna meintu árásarmanna og þess sem fyrir árásinni varð en að þeir eru nágrannar. - kóp




**MÁNAGATA** Lögreglan leitar enn tveggja manna vegna hnífsstunguárásarinnar.

Veiðiþjófar í Hraunsfirði:

## Grunur beinist að heimafólki

**LÖGREGLUMÁL Stangaveiðifélag Reykjavíkur hótar nú veiðiþjófum í Hraunsfirði á Snæfellsnesi kæru til lögreglu. „Þeir leggja net með bökkunum og jafnvel hefur sést til manna við ádráttarveiði við botn fjarðarins þar sem hrygningarstöðvar laxfiska er að finna,“ segir á svfr.is. „Virðist sem lítill hópur manna af Snæfellsnesi fari fram með þessum hætti og stundi sjálftöku í firðinum í formi netaveiði og hunsi öll lög og reglur svo og rétt þeirra sem veiðiréttinn leigja.“ Eru stangveiðimenn síðan hvattir til að taka niður bílnúmer veiðiþjófa.** - gar


Golfferðir



## Villaitana
### Alicante - Spánn
**4.-11. október**

**Fararstjóri:** Snorri Steinn Þórðarson

Verð á mann í tvíbýli

**136.900 kr.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt fyrir golfsettið í flug, gisting með morgunverði á Villaitana, fimm golfhringir á Levante, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.



## Manor of Groves
### England
**2.-5. október / 9.-12. október**

Verð á mann í tvíbýli

**79.700 kr.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á Manor of Groves, 4 golfhringir, akstur á Stansted í lok ferðar.

# Golfvertíðinni lýkur aldrei hjá okkur!

Stundaðu golf þar sem þeir bestu spila og láttu dekra við þig á dásamlegum hótelum þess á milli. Hjá Express ferðum finnur þú golfferð við þitt hæfi, hvort sem þú ert byrjandi eða reynslubolti. Einnig skipuleggjum við sérsniðnar golfferðir fyrir einstaklinga og hópa. Kynntu þér þjónustuna og úrvalið á www.expressferdir.is

Ferðaskrifstofa — Leyfishafi Ferðamálastofu

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



## Hanbury Manor
### England
**2.-5. október / 9.-12. október**

Verð á mann í tvíbýli

**93.800 kr.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á Marriott Hotel Hanbury Manor, 4 golfhringir, akstur á Stansted í lok ferðar.


# Ike rústar Kúbu og stefnir á Bandaríkin

**Níu hundruð þúsund Kúbumenn fóru að heiman meðan fellibylurinn Ike reið yfir eyjuna. Eyðileggingin var mikil en engar fréttir bárust af dauðsföllum. Í suðurríkjum Bandaríkjanna búa menn sig nú undir hamfarir enn á ný.**

**KÚBA, AP** Fellibylurinn Ike fór ómildum höndum um Kúbu í gær, blés fjölmörg íbúðarhús um koll og þeytti sjónum yfir strandbyggðir. Hátt í milljón manns þurftu að yfirgefa heimili sitt.

Fellibylurinn stefnir nú yfir Mexíkóflóa og gæti komið á land í Louisiana eða Texas í Bandaríkjunum síðar í vikunni.

Ike mældist þriðja stigs fellibylur þegar hann fór yfir Kúbu í gær, en áður hafði hann valdið usla á Bahamaeyjum og aukið enn á flóðin í Haítí, sem kostað hafa á fjórða hundrað manns lífið.

Engar fréttir bárust af mannfalli á Kúbu af völdum óveðursins, en óttast var að bylurinn færi yfir höfuðborgina Havana áður en hann kveður eyjarskeggja, en þar í borg er fjöldi gamalla húsa í niðurníðslu sem gætu farið afar illa út úr óveðrinu.

„Ég hef aldrei á ævi minni séð nokkurn skapaðan hlut sem líkist þessu. Annað eins afl og þetta vekur manni skelfingu,“ sagði Olga Alvarez, sjötug kona í Camaguey, sem hreiðraði um sig í stofunni sinni ásamt eiginmanni sínum og barnabarni þeirra. „Við gátum varla neitt sofið síðustu nótt. Það vara bara búmm, búmm, búmm.“

Miðja fellibylsins fór fram hjá skammt sunnan við bæinn Camaguey og felldi fjölda staura, sem lentu á bifreiðum sem lagt var í röðum í þröngum götum bæjarins. Nokkur gömul múrsteinshús hrundu til grunna og víða rifnuðu tré upp með rótum.

Löng og góð reynsla er af því á Kúbu að rýma hús, sem eru á hættusvæðum, til að forðast mannfall. Að þessu sinni fóru meira en 900 þúsund manns að heiman og biðu af sér veðrið þar sem hættan var ekki eins mikil.



**Á REIÐHJÓLI Í ÓVEÐRINU** Þessi Kúbumaður lét hvorki steypiregn né storm á sig fá og hjólaði sína leið í Cameguey á Kúbu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvíst er hvar fellibylurinn gengur næst á land, en það verður einhvers staðar á suðurströnd Bandaríkjanna, líklega Louisiana þar sem íbúar eru enn að jafna sig eftir fellibylinn Gústav, sem var þar á ferð í síðustu viku.

Á Key West í Flórída höfðu tugir þúsunda manna forðað sér burt um helgina, íbúar jafnt sem ferðamenn. Stjórnvöld þar hvöttu íbúa til að halda sig að heiman fram á miðvikudag og báðu ferðamenn um að koma ekki fyrr en um næstu helgi. Allar líkur bentu til þess að Ike kæmi hvergi nærri Key West, þótt svo hafi virst um tíma.

gudsteinn@frettabladid.is

Verum á varðbergi við kassana:

# Ekki sama kálhaus og kálhaus

Fjölmargar grænmetis- og ávaxtategundir má fá í íslenskum verslunum. Úrvalið hefur aukist til mikilla muna síðustu árin og má tala um algjöra sprengingu í því sambandi. Mikill verðmunur er á tegundum og því borgar sig fyrir neytendur að vera vel vakandi. Þegar í boði eru sex tegundir af misdýrum eplum eða tíu tegundir af misdýrum melónum er nauðsynlegt að neytandinn passi að starfsmaður á kassa stimpli inn rétta tegund.



Erla Gunnarsdóttir skrifar: *„Ég fór í Bónus um daginn og keypti mér hvítkálshaus í eina rammíslenska kjötsúpu. Vegna þess hversu athugul ég var sá ég að stelpan á kassanum stimplaði inn Iceberg-salat sem átti að kosta 348 krónur en ég leiðrétti hana og benti henni á að þetta væri hvítkál og þá kostaði hausinn 103 krónur. Mikill munur þar á!“*

Sennilega er ekki hægt að ætlast til þess að kassastarfsmenn séu útlærðir í ávaxta- og grænmetisfræðum og ólíklegt má telja að verslunareigendur splæsi í yfirgripsmikil námskeið fyrir starfsfólkið. Í ljósi þessa er það enn og aftur neytandans að vera á varðbergi við kassann.



**HVAÐ ER ÞETTA?** Jöklasalat eða hvítkál?

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

# SEPTEMBERTILBOÐ RAFTÆKJADAGAR

**TAKMARKAÐ MAGN**

DENON

CANTON

TOSHIBA



## SJÓNVÖRP / HLJÓMTÆKI / HÁTALARAR

Verðdæmi ...

**Sjónvarpsskápar með allt að 60% afslætti – Takmarkað magn**
**Hágæða QED kaplar og tengi – 50% afsláttur**
**Hátalarar, miðjur og bassabox – Allt að 70% afsláttur**
**Denon stereó og heimabíó hljómtæki á frábæru verði**
**Toshiba sjónvörp með miklum afslætti**

| Toshiba C3000 42" LCD sjónvarp | Denon AVR1508 Heimabíómagnari | Canton ASD110 Bassabox | DVD spilarar |
|---|---|---|---|
| 30% AFSLÁTTUR | 50% AFSLÁTTUR | 70% AFSLÁTTUR | frá kr. 3.990 |
| TILBOÐSVERÐ 124.900 | TILBOÐSVERÐ 29.900 | TILBOÐSVERÐ 14.990 | DENON TOSHIBA |
| FULLT VERÐ 179.900 | FULLT VERÐ 59.900 | FULLT VERÐ 49.990 | |

GÆÐA KAPLAR - ALLAR GERÐIR

*Gerðu frábær kaup í dag!*

QED



**50% AFSLÁTTUR**

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## VEISTU SVARIÐ?




1. *Hvað er bæjarhátíðin í Reykjanesbæ kölluð?*
2. *Hvaða fyrirtæki vill reisa átöppunarverksmiðju í Hafnarfirði?*
3. *Hvenær var Háskólinn í Reykjavík stofnaður?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Íbúasamtök Lindahverfis í Kópavogi krefja bæjaryfirvöld um mælingar:

# Skipulagið verði sett í bið

**SKIPULAGSMÁL** Tafarlausar mælingar á hljóðmengun, loftmengun og umferð á Reykjanesbraut og nærliggjandi stofnbrautum, auk kynningar á niðurstöðum fyrir íbúa í nærliggjandi hverfum er meðal þess sem farið er fram á í áskorun stofnfundar Íbúasamtaka Lindahverfis til bæjaryfirvalda í Kópavogi.

Anna S. Magnúsdóttir, stjórnarmaður í samtökunum segir mikinn áhuga hjá íbúum á að koma að skipulagsmálum í hverfinu en rúmlega hundrað manns sóttu fundinn sem haldinn var síðastliðinn fimmtudag. Hún segir að ályktanir fyrri íbúafundar, þar sem fjallað var um skipulagsmál í hverfinu hafi verið sendar bæjarráði. Ráðið hafi brugðist skjótt við því sem þar kom fram og lengt frest til athugasemda vegna breytinga á aðalskipulagi fyrir svokallað Glaðheimasvæði við Lindahverfi.



**SKUGGAVARP** Nýstofnuð Íbúasamtök Lindahverfis krefjast útreikninga á skuggavarpi fyrirhugaðs turns við Skógalind.

Íbúar í Lindahverfi krefjast þess einnig að ekki verði gerðar frekari breytingar á gildandi aðal- og deiliskipulagi fyrr en mælingarnar hafa farið fram. Þá vilja íbúarnir að bæjaryfirvöld kynni með ítarlegri hætti, meðal annars á íbúafundi, þær hugmyndir sem þau hafa um þróun skipulags í hverfum við Reykjanesbraut.

„Þessar nýju ályktanir verða núna sendar bæjarráði,“ segir Anna. **- ovd**

Borgarstjórinn í Róm:

# Neitar að fordæma fasisma

**ÍTALÍA, AP** Þingmenn stjórnarandstöðunnar á Ítalíu og leiðtogar gyðinga þar í landi brugðust ókvæða við þegar borgarstjórinn í Róm, Gianni Alemanno, neitaði í viðtali að fordæma fasisma.

Í viðtalinu, sem birtist í dagblaðinu Corriere della Sera, fordæmdi Alemanno kynþáttalöggjöf, sem fasistastjórn Mussolinis setti árið 1938. Þegar hann var spurður hvort hann teldi fasismann hafa verið „algjöra illsku“ vildi hann ekki taka svo djúpt í árinni: „Ég tel ekki svo vera og hef aldrei talið svo vera: fasisminn var flóknara fyrirbæri en svo,“ sagði hann. **- gb**

Barnaníðingur á reynslulausn:

# Ágúst nemur orð guðs ytra

**LÖGREGLUMÁL** Ágúst Magnússon, sem dæmdur var í fimm ára fangelsi fyrir barnaníð árið 2004, er fluttur til Svíþjóðar þar sem hann nemur orð guðs í sænskum biblíuskóla.

Ágúst er á reynslulausn en fékk leyfi til að hefja nám við skólann, sem er í Uppsölum. Á fréttavefnum Vísi kemur fram að Ágúst leigi herbergi hjá hjónum með tvö börn. Þau hafi ekki haft hugmynd um bakgrunn hans. Ágúst var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn fimm drengjum. Ríkissaksóknari krafðist þess við réttarhöldin að hann yrði beittur öryggisráðstöfunum að afplánun lokinni. **- kóp**

Maður á þrítugsaldri:

# Kveikti í jakka annars manns

**DÓMSMÁL Reykvískur karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að kveikja í jakka annars manns.**

**Ríkissaksóknari ákærir manninn fyrir tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar, en til vara hættubrot. Hann er ákærður fyrir að hafa kveikt í jakkabaki annars manns á skemmtistað. Sá sem kveikt var í varð eldsins fljótt var og komst úr jakkanum, slökkti eldinn og kom þannig í veg fyrir að líkamstjón hlytist af. - jss**

# Bæjarstjóri biðlar til íbúa vegna lausra leikskólastofa

**Hafnarfjarðarbær mátti ekki setja niður lausar stofur við leikskólann Hvamm nema uppfylla skilyrði byggingarleyfis. Bæjarstjórinn hyggst í dag ná sátt þannig að 40 börn fái þegar útlutað leikskólaplássi.**

**SKIPULAGSMÁL** „Við horfum á framtíðarlausnir á öðrum stöðum í hverfinu,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, eftir úrskurð um að lausar kennslustofur við leikskólann Hvamm séu þar í óleyfi.

Hópur íbúa í Staðarhvammi lagði fram kæru í júlí til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í Hafnarfirði. Kæran er til komin vegna ákvörðunar bæjaryfirvalda í Hafnarfirði um að veita eins árs stöðuleyfi fyrir tveimur færanlegum kennslustofum við leikskólann Hvamm. Stofunum hafði nánast fyrirvaralaust verið komið fyrir við leikskólann. Þeim var ætlað að taka við fjörutíu nýjum leikskólabörnum sem þegar hafa verið innrituð. Er þetta hluti af stefnu bæjaryfirvalda um að öll börn sem náð hafa eins og hálfs árs aldri geti fengið leikskólapláss.



**LÚÐVÍK GEIRSSON**

Íbúarnir telja að mikið ónæði muni skapast af aukinni umferð vegna stækkunarinnar í Hvammi. Bentu þeir á að bærinn hefði ekki getað leyft að stofunum yrði komið fyrir á bráðabirgðastöðuleyfi einu saman heldur þyrfti að gefa út hefðbundið byggingarleyfi að undangenginni grenndarkynningu.

Úrskurðarnefndin tók undir með íbúunum. „Umfang og eðli kennslustofa með fjölda barna og starfsmanna verður engan veginn lagt að jöfnu við hjólhýsi, gáma eða torgsöluhús,“ segir í niðurstöðu nefndarinnar sem þar vitnar til skilmála fyrir stöðuleyfi til bráðabirgða.

Íbúar í nágrenni leikskólans í Norðurbergi kærðu einnig stöðuleyfi fyrir færanlegum kennslustofum þar og komst úrskurðarnefndin að sömu niðurstöðu í því máli. Það mál fer nú, að sögn Lúðvíks, í ferli í ljósi úrskurðarins.

Bæjarstjórinn óskaði eftir því fyrir helgi að fá fund með nágrönnum Hvamms og verður sá fundur í dag. „Ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að það náist samkomulag og samstaða á þeim fundi,“ segir Lúðvík og bendir á að í sumar hafi verið rætt um ákveðnar úrbætur í samgöngumálunum til að tryggja að ekki yrði aukin umferð um heimagötu fólksins.



**AÐRIR ÍBÚAR Í STAÐARHVAMMI** Nágrannar leikskólans Hvamms mótmæltu harðlega þegar tvær kennslustofur voru fluttar þangað að næturlagi í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Þá minnir bæjarstjórinn á að færanlegu stofurnar séu tímabundin ráðstöfun. Framtíðarlausn á málinu verði kynnt á fundinum með íbúunum. „Við ættum að ná samkomulagi sem byggir á því að menn gera sátt um að þessi starfsemi geti verið þarna í vetur þrátt fyrir þennan úrskurð á meðan við erum að vinna að því að klára skipulagsþáttinn.“ gar@frettabladid.is






**GRAFIR HINNA LÁTNU** Í árásinni á Azizabad fyrir hálfum mánuði eru tugir almennra borgara sagðir hafa fallið. NORDICPHOTOS/AFP

Mannfall óbreyttra borgara í Afganistan:

# Líkin lágu í röðum

**AFGANISTAN, AP** Tvö myndbönd renna stoðum undir fullyrðingar bæði afganskra stjórnvalda og fulltrúa Sameinuðu þjóðanna um að tugir óbreyttra borgara hafi fallið í árásum, sem bandaríski herinn stjórnaði, á þorpið Azizabad vestantil í Afganistan þann 20. ágúst síðastliðinn.

Á öðru myndbandinu, sem er óskýrt og líklega tekið með farsíma, má sjá tugi líka liggja í tveimur röðum á gólfi í mosku. Líkin eru öll hulin ábreiðum, en grátandi menn og konur sjást stundum lyfta ábreiðunum og þá koma í ljós látin börn eða afmynduð andlit látinna karla.

Á hinu myndbandinu, sem er mun greinilegra, sjást þrjú ung börn vafin í hvíta klæðisdúka, og á líki fjórða barnsins sjást skelfileg höfuðsár.

Samskipti afganskra stjórnvalda við Bandaríkin hafa verið stirðari eftir árásina.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur árum saman gagnrýnt Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið fyrir það hve margir óbreyttir borgarar hafa fallið í árásum þeirra á ýmsum stöðum í Afganistan. Hann segir slík mistök grafa undan bæði stjórn sinni og alþjóðaherliðinu í Afganistan.

Bandaríkjamenn hafa haldið því fram að sjö almennir borgarar hafi farist í árásinni, auk 35 uppreisnarmanna, en Sameinuðu þjóðirnar og afgönsk stjórnvöld segja 60 börn og 15 konur meðal þeirra almennu borgara sem létu lífið. **- gb**

Stal fé og Frelsiskortum:

# Stakk 112 þúsund krónum í endaþarminn

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri var nýlega dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands vestra.**

**Maðurinn er dæmdur fyrir þjófnaðarbrot á Sauðárkróki þar sem hann starfaði hjá ræstingafyrirtæki sem annaðist ræstingar eftir lokun verslunar N1 á Sauðárkróki. Þaðan stal hann meðal annars Frelsis-símkortum fyrir gsm síma að andvirði rúmlega 360 þúsund króna. Þá er hann einnig sakfelldur fyrir að stela 112 þúsund krónum frá vinnuveitenda sínum. Þeir peningar fundust við líkamsleit lögreglu í endaþarmi þess dæmda.**

**Maðurinn var og dæmdur til að greiða 200 þúsund krónur í málsvarnarlaun auk 360.500 króna til N1. - ovd**

## STJÓRNMÁL

### Vilja fresta frumvarpi

Ungir jafnaðarmenn, ungliðahreyfing Samfylkingarinnar, skora á flokkinn að slá frumvarpi heilbrigðisráðherra um sjúkratryggingar á frest. Í ályktun þeirra segir að frumvarpið gangi í grundvallaratriðum gegn stefnu Samfylkingarinnar.

# FERSKT Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

SÓMI

## TORTILLUR
REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR
REYKTUR LAX & EGGJASALAT




## SAMLOKUR
RÆKJUSALAT
HEILSUBITI
ROAST BEEF
SKINKA & SALAT
TÚNFISKSSALAT
KJÚKLINGUR & EGG
HANGIKJÖT & SALAT
KALKÚNN OG TÓMATBRAUÐ




## LANGLOKUR
SKINKA, OSTUR & SINNEPSSÓSA
KJÚKLINGUR & LÉTTSÓSA
SKINKA, EGG & PÍTUSÓSA
LANGLOKA MÁNAÐARINS
ROAST BEEF



## PÍTUBRAUÐ
REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR




## SAMLOKURISTAR
SKINKA, OSTUR & BEIKON
SKINKA & OSTUR







## LANGLOKURISTAR
SKINKA, OSTUR & PEPPERONI
KJÚKLINGUR, OSTUR & BEIKON
AMERÍSK GRÍSALANGLOKA



## BÁTAR
SKINKA, ASPAS & BEIKON
KJÖTLOKA MEÐ NAUTAHAKKI OG OSTI
KJÖTLOKA MEÐ NAUTAHAKKI, SVEPPUM & OSTI




## HAMBORGARAR
HAMBORGARI MEÐ OSTI
LÚXUSBORGARI




## PASTABAKKAR
KJÚKLINGUR
SKINKA

## HYRNUR
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
KJÚKLINGUR & PESTO
LÚXUS SKINKA & EGG
HYRNA MÁNAÐARINS
BACON & EGG




Sómi ehf., Gilsbúð 9, 210 Garðabæ, sími 565 6000, fax 565 6084, somi@somi.is, www.somi.is



**STENDUR Á RANANUM** Þessi myndastytta af fíl, sem stendur á hvolfi á rana sínum, er nú til sýnis í Fontainbleu-kastala sunnan við París. NORDICPHOTOS/AFP

Ólympíumót fatlaðra:

## Jóhanna fylgist með í Peking

**FÓLK Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra var viðstödd opnunarhátíð Ólympíumóts fatlaðra í Peking á laugardag.**



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

**Hefur hún fylgst með íslensku keppendunum og tekur þátt í verðlaunaafhendingu fyrir keppni í frjálsum íþróttum í dag.**

**Jóhanna er á mótinu í boði Íþróttasambands fatlaðra.**

**Fimm íslenskir íþróttamenn taka þátt í mótinu: Sonja Sigurðardóttir, Eyþór Þrastarson, Þorsteinn Magnús Sölvason, Jóhann Oddur Halldórsson og Baldur Ævar Baldursson.** - bþs

**FRÉTTASKÝRING:** Þjóðnýting fasteignalánasjóða í Bandaríkjunum

# Óvissu eytt með þjóðnýtingu

**Á sunnudagsmorgun tilkynnti Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, um stærsta inngrip ríkisins á bandarískum fjármálamarkaði síðan í heimskreppunni. Enn er þó óvíst hvort þjóðnýting fasteignalánasjóðanna Fannie Mae og Freddie Mac nægi til að eyða óvissu á bandarískum fjármagnsmörkuðum.**

Hlutabréfamarkaðir brugðust vel við yfirlýsingu Paulsons. Mest hækkuðu bréf í fjármálafyrirtækjum, en óvissa um stöðu Fannie Mae og Freddie Mac, sem eru tvær meginstoðir fasteignalánamarkaðarins og eru í ábyrgð fyrir helmingi allra bandarískra fasteignalána, hefur ýtt undir ókyrrð á mörkuðum undanfarið.

### Stærsta inngrip síðan í kreppunni

Yfirtakan á Fannie og Freddie er ekki aðeins stórtækasta aðgerð ríkisins vegna yfirstandandi fjármálakreppu, heldur er óhætt að segja að hér sé á ferðinni stærsta opinbera inngripið á fjármálamörkuðum síðan í kreppunni miklu. Fannie Mae og Freddie Mac eiga eða eru í ábyrgð fyrir fasteignalánum sem nema 5.400 milljörðum dollara, eða nærri helmingi allra bandarískra fasteignalána.

Þó bandarískir stjórnmálamenn hafi sneytt hjá því að lýsa aðgerðinni sem þjóðnýtingu er óumdeilanlegt að yfirtakan er í raun réttri þjóðnýting. Ríkið hefur að fullu tekið yfir stjórn fyrirtækjanna og ljóst er að núverandi hluthafar verða nánast þurrkaðir út. Í fyrstu atrennu hefur ríkið heimild til þess að leysa til sín 79,9 prósent hlutafjár á málamyndaverði. Að mati Citigroup er hver hlutur í félögunum nú metinn á 31 og 32 cent. Fyrir ári var verð bréfa í Fannie og Freddie um 60 dollarar.

Ríkið mun þegar í stað leggja félögunum til tvo milljarða dollara og talið er að ríkið þurfi að leggja fram allt að 30 milljarða dollara til að halda sjóðunum á floti. Hagfræðingar eru þó á einu máli umað aðgerðirnar séu hagstæðar fyrir bandaríska skattgreiðendur

Þá hefur ríkið skuldbundið sig til þess að kaupa ótilgreint magn fasteignaskuldabréfa af sjóðunum á opnum markaði. Það er ekki síst sú aðgerð sem talin er geta minnkað óvissu á fjármagnsmörkuðum, því stór uppkaup ríkisins geta gert verðmyndun á fasteignatryggðum skuldvafningum markvissari, en til þessa hafa slíkir pappírar verið nánast verðlausir.

### Gjaldþroti frestað með brellum

Fyrir mánuði fengu stjórnvöld fjárfestingarbankann Morgan Stanley til að leggja mat á stöðu Fannie og Freddie, en sú athugun sýndi að staða þeirra var miklu verri en stjórnendur þeirra höfðu viðurkennt. Forstjórar Fannie og Freddie höfðu margsinnis lýst því yfir að eiginfjárstaða sjóðanna væri mjög sterk.

Athugun Morgan Stanley sýndi að sjóðirnir, sem hafa tapað 14 milljörðum dollara á síðasta ári, hafi verið að velta enn meira tapi á undan sér. Stjórnendur þeirra hefðu látið hjá líða að afskrifa töpuð jaðar- og undirmálslán og verðlitla skuldvafninga. Þá höfðu félögin, í krafti hálf-opinberrar stöðu sinnar, eignfært stórfelldar skattafærslur, samtals 64 milljarða dollara. Í Bandaríkjunum mega fjármálastofnanir yfirleitt ekki eignfæra skattafærslur, en án þessara færslna hefði bókfært eiginfé sjóðanna fyrir löngu verið orðið neikvætt.





**VEGAFRAMKVÆMDIR VIÐ INNGANG FREDDIE MAC** Yfirtaka ríkisins á fasteignalánasjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac er stærsta inngrip ríkisins á fjármálamörkuðum síðan í kreppunni miklu. MARKAÐURINN/AFP

### Leiðir til nýrra bankagjaldþrota

Þótt eðlilegt sé að hluthafar í Fannie Mae og Freddie Mac sitji eftir með sárt ennið, enda var ávöxtun þeirra ríkuleg meðan vel gekk, hefur verið bent á að þjóðnýtingin muni hafa í för með sér aukaverkanir. Í því sambandi hefur meðal annars verið bent á að forgangshlutabréf Fannie og Freddie vegi þungt í eignasafni margra lítilla og meðalstórra banka. Talið er að allt að þriðjungur eiginfjár sumra banka sé bundinn í hlutabréfum sjóðanna, sem eru nú nánast verðlaus. Það er því búist við því að einvherjir minni bankar verði gjaldþrota á næstu vikum.

Þá hefur verið bent á að yfirtakan eyði engan veginn óvissu um framtíðarskipan sjóðanna. Enn er óljóst hvaða breytingar verða gerðar á starfsemi þeirra, og þó fyrirætlun sú sem Paulson kynnti geri ráð fyrir að selja eigi nærri helming eignasafns sjóðanna fyrir árslok 2009, og draga smátt og smátt úr umsvifum þeirra eftir það er ekki ljóst hvernig þeim markmiðium verður náð á sama tíma og aðrar fjármálastofnanir hafa stórlega dregið úr umsvifum sínum á fasteignalánamarkaði. Þá er búist við því að ríkið ætli að einkavæða sjóðina aftur í pörtum, en enn er allsendis óvíst hvenær það verður gert eða með hvaða hætti. Talið er að þær ákvarðanir fái að bíða Baracks Obama eða Johns McCain.



FRÉTTASKÝRING
**MAGNÚS SVEINN HELGASON**
msh@markadurinn.is



# Handklæðaofnar

KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR

**HVÍTIR OFNAR Í BOGA**

| | | |
|---|---|---|
| 700x450 mm | 10.900.- | stgr. |
| 700x500mm | 11.900.- | stgr. |
| 800x500mm | 15.900.- | stgr. |
| 800x550mm | 16.900.- | stgr. |
| 970x450mm | 17.900.- | stgr. |
| 1000x500mm | 18.900.- | stgr. |
| 1120x550mm | 19.900.- | stgr. |
| 1200x550mm | 21.900.- | stgr. |
| 1320x500mm | 22.900.- | stgr. |
| 1450x450mm | 23.500.- | stgr. |
| 1450x500mm | 23.900.- | stgr. |
| 1500x550mm | 28.900.- | stgr. |
| 1600x500mm | 31.900.- | stgr. |
| 1760x500mm | 33.900.- | stgr. |

**KRÓMAÐIR OFNAR Í BOGA**

| | | |
|---|---|---|
| 700x450 mm | 17.900.- | stgr. |
| 700x500mm | 18.900.- | stgr. |
| 760x550mm | 19.500.- | stgr. |
| 800x500mm | 23.900.- | stgr. |
| 800x550mm | 24.900.- | stgr. |
| 970x450mm | 25.900.- | stgr. |
| 1000x500mm | 26.900.- | stgr. |
| 1120x550mm | 30.900.- | stgr. |
| 1200x550mm | 34.900.- | stgr. |
| 1320x500mm | 37.900.- | stgr. |
| 1450x500mm | 38.900.- | stgr. |
| 1500x550mm | 42.900.- | stgr. |
| 1600x500mm | 44.900.- | stgr. |
| 1760x500mm | 46.900.- | stgr. |



VERÐ FRÁ 10.900.-

# FRÁBÆR HAUST-TILBOÐ!



*Innifalið í verði:* Innbyggingar WC kassi
- hár eða lár
WC skál með harðri setu
Sturtuspjald / króm eða matt
Affallsrör, beint og bogið
Barki fyrir vatnsinntak
WC kassi fulltengdur,
Festingar uppi og niðri
Viðurkenndir af BS - TÜV - NF

## Innbyggð WC

VERÐ FRÁ 38.900.-



## Blöndunartæki

VERÐ FRÁ 4.900.-



## Baðkör

VERÐ FRÁ 20.900.-




## Handlaugar

VERÐ FRÁ 9.900.-



## Sturtusett

VERÐ FRÁ 3.990.-




## Baðkarshlífar

VERÐ FRÁ 20.900.-




## Sturtuhorn

VERÐ FRÁ 41.900.-

**www.i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI** - *fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.113 **+1,35%**

**Fjöldi viðskipta:369**
**Velta:** 5.427 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **SPRON** | +7,39% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -16,47% |
| **EXISTA** | +5,66% | **EIK BANKI** | -0,91% |
| **ATLANTIC PETROL.** | +2,46% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,53 +0,00% ... Atorka 4,79 +0,42% ... Bakkavör 25,60 +0,79% ... Eimskipafélagið 10,35 -16,47% ... Exista 7,10 +5,66% ... Glitnir 14,55 +1,04% ... Icelandair Group 20,45 +0,74% ... Kaupþing 710,00 +1,87% ... Landsbankinn 23,10 +0,44% ... Marel 84,50 +0,00% ... SPRON 3,49 +7,39% ... Straumur-Burðarás 8,77 +1,15% ... Össur 94,70 +0,53%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# McCain tengist nýjasta bankagjaldþrotinu vestra

Ellefta bankagjaldþrot ársins varð í Bandaríkjunum á föstudag, en þá tók tryggingasjóður bandarískra sparifjáreigenda, FDIC, yfir Silver State Bank í Nevada. Eignir bankans námu 2 milljörðum dollara. Talið er að gjaldþrotið muni kosta skattgreiðendur á bilinu 450 til 550 milljónir dollara.

Einkunnarorð bankans, sem lánaði mikið til byggingarverktaka og fasteignaviðskipta í Las Vegas og annar staðar í Nevada, voru „Þó þú verðir illa úti í viðskiptum þínum við spilavítin munum við koma fram við þig sem mikilvægan viðskiptavin". Fasteignamarkaðir í ríkinu hafa hrunið á síðasta ári.

Andrew McCain, sonur Johns McCain forsetaframbjóðanda repúblíkana sat í stjórn bankans þar til í júlí, þegar hann sagði af sér vegna „persónulegra aðstæðna".

Af þessu tilefni hafa bandarískir fjölmiðlar rifjað upp náið samband Johns McCain og Charles Keating, en Keating fjármagnaði stór fasteignakaup Cindy McCain, eiginkonu McCain.

Bankastofnun Keating, American Continental Corporation, varð gjaldþrota 1989 í upphafi síðustu hrinu bankagjaldþrota í Bandaríkjunum. Það gjaldþrot kostaði skattgreiðendur 3,4 milljarða dollara.

- msh

# Glitnir kaupir í Atorku Group

**Glitnir keypti í gær 8,9 prósenta hlut í Atorku Group fyrir rúma 1,4 milljarða króna. Þetta samsvarar 300 milljón hlutum sem koma úr eignasafni Atorku, samkvæmt flöggun félaganna til Kauphallarinnar.**

**Með viðskiptunum verður Glitnir þriðji stærsti hluthafinn í Atorku. Bankinn átti áður enga hluti í félaginu.**

**Nokkrir snertifletir eru á bankanum og fjárfestingafélaginu en félögin eiga bæði stóra hluti í Geysi Green Energy auk þess sem stjórnarformenn beggja félaga stýrðu áður útgerðarfélaginu Samherja.**

- jab

# Bakkavör gæti tekið írska bitann



ÁGÚST GUÐMUNDSSON

Patrick Coveney, forstjóri írska samlokuframleiðandans Greencore, verður að hífa upp um sig buxurnar til að bæta afkomuna og draga upp gengi fyrirtækisins á markaði. Gangi það ekki eru meiri líkur en minni á að Bakkavör, sem á tæp ellefu prósent í fyrirtækinu kaupi bitann.

Þetta segir í breska blaðinu The Irish Independent um helgina. Geri Bakkavör ekki yfirtökutilboð megi reikna með að félagið sitji lengi á hlutnum.

Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, greindi fyrst opinberlega frá skiptasamningi í Greencore enda apríl. Orðrómur um slíkt hafði lengi legið í loftinu, jafnvel gert því skóna að félagið ætli að taka Greencore yfir.

Síðan Bakkavör tók bitann hafa rúm fimmtíu prósent hlutast af gengi samlokuframleiðans og stendur það í tveimur evrum á hlut í stað um 4,7 sem Bakkavör reiddi fram. Bakkavör tapaði 46,2 milljónum punda, jafnvirði 7,3 milljarða punda, vegna samningsins á fyrri hluta árs. Ágúst sagði í uppgjöri Bakkavarar í enda júlí að þrátt fyrir fall á gengi Greencore sé félagið vel í stakk búið til að styrkja markaðsstöðu sína í framtíðinni, til ávinnings fyrir hluthafa til lengri tíma litið.

- jab

# Spáir farsælum endi hérlendis

„Svo framarlega sem ekki eru fleiri ísjakar marandi rétt undir sjávarborðinu, lítur út fyrir að Ísland muni standa af sér núverandi ókyrrð." Þetta er niðurstaða Roberts Vanes í grein um íslenska bankaerfið sem birtist í tímaritinu Acquisitions Monthly.

Í greininni er því haldið fram að ólíkt flest öllum öðrum fréttum af yfirstandandi fjármálakreppu líti út fyrir að íslenska ævintýrið muni enda vel. Í því sambandi er bent á góða afkomu íslensku bankanna á fyrsta helmingi ársins þrátt fyrir miklar afskriftir. Þó íslensku bankarnir hafi ekki farið varhluta af alþjóðlegu lánsfjárkreppunni segir greinarhöfundur að viðhorf til þeirra á erlendum fjármagnsmörkuðum virðist vera að batna.



**VIÐ KAUPHÖLL ÍSLANDS** Í nýjasta hefti tímaritsins Acquisitions Monthly er farið lofsamlegum orðum um íslenska bankakerfið. MARKAÐURINN/GVA

Í greininni er fjallað ítarlega um álagspróf Fjármálaeftirlitsins frá því í ágúst, en þau sýndu að eiginfjárstaða íslensku bankanna sé það sterk að þeir gætu staðið af sér alvarleg fjárhagsleg áföll. Samkvæmt álagsprófinu myndi eiginfjárhlutfall Kaupþings falla í 10,6 við slík áföll, Glitnis í 10,8 og Landsbankans í 9,4. Lögum samkvæmt má eiginfjárhlutfall ekki falla niður fyrir átta prósent.

Greinarhöfundur telur mikinn styrk felast í alþjóðlegum umsvifum bankanna, og fjallar í því sambandi um umsvif Straums í Finnlandi, Bretlandi og Tékklandi. Nú er svo komið að 65 prósent af tekjum Straums eru af erlendri starfsemi.

- msh



# Varað við Finanzas Forex

**„Við höfum fengið margar fyrirspurnir frá neytendum sem hefur verið boðið að koma í viðskipti,“ segir Hákon Már Pétursson, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu.**

**Þar vísar hann til félagsins Finanzas Forex, sem skráð er í Panama, en hefur ekki starfsleyfi hérlendis. Félagið býður fólki að fjárfesta í gjaldeyrissjóðum með mikilli ávöxtun.**

**Hákon Már segist ekki vita til þess að Finanzas Forex sé svikamylla. „Fjármálaeftirlit á Spáni og í Frakklandi hafa hins vegar gefið út viðvaranir vegna þessa fyrirtækis.“**

- ikh



**BRESKI MARKAÐURINN** Fjárfestar komu að lokuðum dyrum í bresku kauphöllinni í gær þegar alvarleg bilun kom þar upp. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Veltan sprengdi breskan markað

Mikil velta með hlutabréf í kauphöllinni í Lundúnum í Bretlandi, sem í daglegu tali er nefnd LSE, varð til þess að kauphallarkerfið breska bilaði í morgunsárið í gær. Þetta er alvarlegasta bilun í kerfinu í átta ár.

Fjárfestar í Bretlandi og á þeim erlendu hlutabréfamörkuðum sem tengjast breska kerfinu gátu því ekki sýslað með hlutabréf í breskum félögum nema í örskamma stund. Áður en kerfið brann yfir hafði FTSE-vísitalan hækkað um 3,8 prósent.

Breska dagblaðið Telegraph segir tvennt skýra mikla hlutabréfaveltu í gær. Í fyrsta lagi hafi skortsalar verið að loka stöðum sínum eftir mikla lækkun á breskum hlutabréfamarkaði á föstudag auk þess sem margir hafi hugsað sér að sigla með í alþjóðlegri hækkunarhrinu sem skall á í gær eftir að bandarísk stjórnvöld tóku yfir hálfopinberu fasteignasjóðina Fannie Mae og Freddie Mac. Kerfið hafi ekki ráðið við umfangið, sem var tvöfalt meira en á venjulegum degi. Viðskipti hófust aftur um fjögurleytið að íslenskum tíma og var virkt í hálftíma en þá lokaði markaðurinn líkt og aðra daga. - jab

# Undrast flugbann Spánverja

„Það er mjög sérstakt að leggja þetta á flugfélag,“ segir Helgi Jóhannsson, stjórnarformaður Ferðaskrifstofu Íslands sem rekur Úrval-Útsýn.

Ferðaskrifstofan varð í gær að leita nýrra aðila til að annast farþegaflug fyrir sig eftir að spænsk flugmálayfirvöld kröfðust fullnægjandi rekstraráætlunar frá flugfélaginu Futura Airways og settu vélar þess í tveggja daga flugbann fram á þriðjudag. Því var raunar aflétt í gær.

Helgi undrast flugbannið enda geti slíkt veikt mjög tiltrú á Futura Airways, að því virðist að óþörfu. Stjórnendur Úrvals-Útsýnar hafi unnið að því sleitulaust að tryggja hag farþega og verður engin röskun á flugi ferðaskrifstofunnar. Iceland Express flaug með farþegana í gær en Icelandair og Astreus, sem er hluti Northern Travel Holding, fljúga með þá fram í næstu viku. - jab


VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

# Ný sókn í neytendamálum



**Kæru landsmenn,**

Þegar ný ríkisstjórn tók við völdum fyrir rúmu ári síðan einsettum við okkur að byggja upp öflugt ráðuneyti neytendamála innan viðskiptaráðuneytisins. Umfangsmikil vinna í neytendamálum á sér nú stað á vegum okkar og fyrr á árinu gáfum við út skýrsluna Ný sókn í neytendamálum, staða neytenda á Íslandi. Nú er komið að næsta kafla í neytendasókn okkar með opinni fundaröð um málaflokkinn um land allt.

Hvað brennur á ykkur? Hvaða áherslur hefur hver og einn í þessum málum?

Við köllum eftir viðhorfum ykkar allra á opnum fundum með ýmsum góðum gestum um land allt.

Þriðjudaginn 9. september hefst fundaröðin og stendur hún í tvær vikur. Fundirnir eru öllum opnir og almenningur hvattur til að mæta á fundina, kynna sér stefnumótun stjórnvalda í neytendamálum, viðhorf sérstakra gesta á fundunum og eiga samræður um neytendamál við stjórnvöld og góða gesti. Taktu þátt í nýrri sókn í neytendamálum.

**Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra**

## Aukin neytendavernd - allra hagur

### Selfossi, þriðjudaginn 9. september kl. 20:00

**Fundarstaður:** Tryggvaskáli
**Fundarstjóri:** Elín Björg Jónsdóttir, formaður FOSS, Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi

**Ræðumenn:**
Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra
Valgerður Sverrisdóttir, alþingismaður
Ásta S. Helgadóttir, framkvæmdastjóri Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna



### Keflavík, miðvikudaginn 10. september kl. 20:00

**Fundarstaður:** Flughótel, Hafnargötu
**Fundarstjóri:** Guðmundur Finnsson, framkvæmdastjóri, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur

**Ræðumenn:**
Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra
Katrín Jakobsdóttir, alþingismaður
Drífa Sigfúsdóttir, viðskiptafræðingur



### Akranesi, fimmtudaginn 11. september kl. 20:00

**Fundarstaður:** Skrúðgarðurinn, Skólabraut
**Fundarstjóri:** Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness

**Ræðumenn:**
Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra
Jón Magnússon, alþingismaður
Guðbjartur Hannesson, alþingismaður



### Akureyri, þriðjudaginn 16. september kl. 20:00

**Fundarstaður:** Hótel KEA
**Fundarstjóri:** Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar Iðju

**Ræðumenn:**
Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra
Brynhildur Pétursdóttir, starfsmaður Neytendasamtakanna
Einar Már Sigurðarson, alþingismaður



### Egilsstaðir, miðvikudaginn 17. september kl. 20:00

**Fundarstaður:** Hótel Hérað
**Fundarstjóri:** Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Afls starfsgreinafélags

**Ræðumenn:**
Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra
Ruth Magnúsdóttir, kennari



### Höfn í Hornafirði, fimmtudaginn 18. september kl. 20:00

**Fundarstaður:** Pakkhúsið við höfnina
**Fundarstjóri:** Sverrir Albertsson, Framkvæmdastjóri Afls starfsgreinafélags

**Ræðumenn:**
Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra
Ólöf Nordal, alþingismaður



### Ísafirði, mánudaginn 22. september kl. 20:00

**Fundarstaður:** Hótel Ísafjörður
**Fundarstjóri:** Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga

**Ræðumenn:**
Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra
Sigurður Pétursson, sagnfræðingur
Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningarseturs



**Fyrirhugaðir fundir í Vestmannaeyjum, Grundarfirði og á höfuðborgarsvæðinu verða auglýstir síðar.**

# Ford leikur

450.000 300.000 260.000 200.000

**Ford** Explorer
XLT Sport 4,0i 210 hö sjálfsk. 5 d.
**Ford-afsláttur 450.000 kr.**
Septemberverð 4.990.000 kr.*

**Ford** Escape
XLS AWD 2,3i 153 hö sjálfsk. 5 d.
**Ford-afsláttur 300.000 kr.**
Septemberverð 3.870.000 kr.*

**Ford** Focus
Trend 1,6i 100 hö 5 gíra 5 d.
**Ford-afsláttur 260.000 kr.**
Septemberverð 2.590.000 kr.*

**Ford** Fiesta
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 d.
**Ford-afsláttur 200.000 kr.**
Septemberverð 1.930.000 kr.*



Berðu líka saman Mondeo og Avensis, Ka og Aygo, Expedition og LC 200. Komdu í Brimborg í dag.

## Septemberlandsleikur Ford

# Ford skora

Ford skorar aftur á Toyota í spennandi septemberlandsleik. Ford býður sérstök septemberverð og kastar boltanum yfir til Toyota. Markmiðið er að sigra þennan leik og slá Toyota við aftur í september eins og í ágúst. Ford virkjar nú keppnisanda allra Ford-aðdáenda. Vertu með í Ford-liðinu. Komdu í Brimborg í dag – taktu heim nokkra sigra.

Tólf mánuðum ársins í bílasölu má, með jákvæðu hugarfari, líkja við tólf landsleiki í handbolta þar sem bílakaupendur eru leikmennirnir. Að fella Toyota úr fyrsta sæti á lista yfir söluhæstu bíla mánaðarins er stór áskorun. Það tókst núna í ágúst. Ford endurheimti sæti ofar en Toyota á lista yfir söluhæstu bíla mánaðarins í fyrsta sinn í mörg ár. Gullið stefnir á Ford og það hefur oft munað mjóu á árinu.

**Ford skorar með þrusugóðum Ford-afsláttum í september.**
**Að auki: Kaupir þú fyrir 17. september þá færðu gæðavetrardekk í aukaverðlaun.**
**Spennandi áskorun í kreppunni. Þú græðir. Veldu Ford í dag.**

vistvæn skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is*
*og þú ert kominn af stað*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Sumir þeirra bíla sem í boði eru, eru búnir aukabúnaði umfram staðalbúnað viðkomandi gerðar. Septemberverð er nettóverð með afslætti. Á sumum myndum í þessari auglýsingu

# gegn Toyota

Ford
Nýtt tákn um gæði

?
Toyota
Yaris

?
Toyota
Auris

?
Toyota
Rav4

?
Toyota
Land Cruiser

**Farðu á toyota.is og gerðu samanburð. Komdu síðan í Brimborg og semdu um þinn Ford. Ford-liðið er í keppnisstuði. Svaka stuði.**

# ar á Toyota

Ford skorar með þrusugóðum Ford-afsláttum í september. Að auki: Kaupir þú Ford fyrir 17. sept. þá færðu gæðavetrardekk í aukaverðlaun. Spennandi áskorun í kreppunni. Þú græðir. Veldu Ford í dag.

**Landsleikur Ford - Toyota**

**Stefndu á gullið. Komdu í Brimborg**

brimborg
Öruggur staður til að vera á

er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Grundvallarreglur og geðþótti:

## Vindingar

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Upplýst hefur verið að gera eigi breytingar á lögum um Ríkisútvarpið ohf. Markmiðið mun vera að takmarka hversu langt sú stofnun má ganga í að niðurgreiða auglýsingar með ríkisstyrkjum. Lengi hefur verið ljóst að Ríkisútvarpið fylgdi ekki réttum leikreglum samkeppnisréttarins. Þegar stofnuninni var breytt í hlutafélag varð þessi skekkja enn meiri en fyrr.

Eftir þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið virðist þó ekki standa til að Ríkisútvarpið ohf. eigi að fara eftir almennum samkeppnisreglum. Af því má ráða að finna eigi með pólitísku mati leið til að draga úr þeim samkeppnistruflunum sem nú eru á þessum markaði vegna ákvarðana Alþingis.

Þegar frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. var til meðferðar á Alþingi gerði Samkeppniseftirlitið rækilega grein fyrir því með hvaða hætti ríkisvaldið væri með framgangi þess að ganga á svig við þær samkeppnisreglur sem það sjálft hafði sett. Á þau aðvörunarorð var ekki hlustað. Þvert á móti var því beinlínis lýst yfir af hálfu þáverandi ríkisstjórnarflokka að almennar samkeppnisreglur ættu ekki við á þessu sviði fjölmiðlunar.

Nú er til lokameðferðar á Alþingi frumvarp að nýjum lögum um sjúkratryggingar. Það hefur að geyma markverð nýmæli í opinberri heilbrigðisþjónustu. Ætlunin er að beita nýjum aðferðum með það að markmkði að fá meira fyrir hverja krónu sem til málaflokksins er varið. Engin áform eru um að einkavæða þá opinberu heilbrigðisþjónustu sem sannarlega er hryggjarstykki kerfisins.

Við meðferð þessa máls á Alþingi hefur því verið lýst yfir af hálfu núverandi stjórnarflokka að reglur samkeppnisréttarins eigi að taka til þeirrar þjónustu sem ný lög munu mæla fyrir um. Þetta á ekki að draga úr því þjónustustigi sem stjórnvöld ákveða á hverjum tíma að skuli vera á höndum opinberra aðila. En með þessu eru leikreglurnar gagnvart einkaaðilum á heilbrigðismarkaðnum fastákveðnar í samræmi við almennar grundvallarreglur þar að lútandi.

Það sem er líkt með útvarpsþjónustu og heilbrigðisþjónustu í landinu er þetta: Á báðum sviðum leikur ríkið stærsta hlutverkið. Þjónusta einkaaðila er minni en samt sem áður nauðsynlegur þáttur í heildarmyndinni. Á báðum sviðum væri almannaþjónustan rýrari í roðinu ef hennar nyti ekki við.

Það sem er ólíkt með þessum þjónustugreinum er hins vegar þetta: Á útvarpsmarkaðnum gilda ekki almennar reglur samkeppnisréttarins þegar ríkið á í hlut. Samtímis þykir hins vegar rétt og sjálfsagt að þær taki til heilbrigðismarkaðarins. Ekki verður þó með gildum rökum sagt að hann sé síður viðkvæmur fyrir pólitískum tilfinningum en útvarpsmarkaðurinn.

Þessi tvö dæmi sýna hversu mikilvægt það er að stjórnvöld byggi á grundvallarreglum við lagasmíð en ekki geðþóttasjónarmiðum. Þegar grundvallarreglurnar gleymast er jafnan hætta á að menn lendi í mótsögn við sjálfa sig. Það er ennfremur bæði ógott og til ósættis fallið þegar grundvallarhugmyndir eru virtar eftir því sem henta þykir hverju sinni.

Þeir eru mjög fáir sem vilja koma ríkisútvarpi fyrir kattarnef. En þeir eru margir sem vilja að samkeppnisrekstur þess lúti almennum reglum þar um. Það krefst mikilla vindinga að skýra hvers vegna samkeppnisreglur mega ná til heilbrigðisþjónustu en ekki útvarpsþjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



„Hugurinn ber þig alla leið“

**Kári Eyþórsson MPNLP**

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fáir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

**Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.**

**NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.**

**NLP er öflugasta sjálfstyrkingarnámskeið sem völ er á.**

**Námskeið í NLP tækni verður haldið 26. - 28.sept. og 03. - 05.okt. 2008.**

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992

© cKari.com

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allir eiga rétt á leiðréttingu

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tekur undir með Sagnfræðingafélaginu, sem átaldi Guðna Ágústsson fyrir að breyta merkingu orða, sem féllu í ræðustól, fyrir Alþingistíðindi. Að mati Björns hefði Guðni frekar átt að óska eftir leiðréttingu á orðum sínum í upphafi þingfundar, en allir eigi rétt á því að leiðrétta mál sitt. Þetta viðhorf Björns er til fyrirmyndar. Sjálfur hefur hann þá góðu reglu að breyta því ekki sem hann hefur látið á heimasíðu sína „nema um augljósa villu sé að ræða“.



### Augljós villa

Það kemur ekki á óvart að Björn þarf sjaldan að breyta því sem hann hefur látið á heimasíðu sína. En gerist þó endrum og eins, til dæmis við upphaf Ólympíuleikanna í Peking. Þá skrifaði Björn: „Sjálfsagt er, að Þorgerður Katrín fari sem ráðherra íþróttamála. Önnur opinber þátttaka af Íslands hálfu er óþörf.“ Stuttu síðar var búið að fjarlægja seinni setninguna, væntanlega var þar um augljósa villu að ræða.

### Leiðinlegi frambjóðandinn

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi viðrar kenningu vinar síns um hvað ráði úrslitum í bandarísku forsetakosningunum: „[H]vað sem líður öllum greiningum á forsetaframbjóðendunum í Bandaríkjunum, málefnaáherslum eða hverju sem er, þá er ósköp einfalt mannlegt atriði sem ræður úrslitum: Leiðinlegi frambjóðandinn tapar,“ skrifar Gísli Marteinn á vef sinn. Þetta er athyglisverð kenning. En ef rétt reynist einskorðast þetta lögmál varla við Bandaríkin; er ekki líklegra að hið „ósköp einfalda mannlega atriði“ sé meira eða minna innbyggt í hina vestrænu lýðræðishefð? Skyldi skemmtanagildið þá líka hafa verið ráðandi þáttur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, þar sem Gísli Marteinn og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson bitust um oddvitasætið?



bergsteinn@frettabladid.is

# Heldur vitleysan áfram



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Forsetakosningar í Bandaríkjunum

Í nokkra mánuði hefur blasað við að tveir menn myndu berjast um að verða næsti forseti Bandaríkjanna, Barack Obama úr flokki Demókrata og John McCain úr flokki Repúblikana. Síðan þá hefur Obama lengst af haft forystu í skoðanakönnunum og ekki erfitt að sjá hvers vegna. Maðurinn er hæfileikamikill, hefur skrifað nokkrar bækur og góður ræðumaður. Það sem er þó óvenjulegast við hann er að hann er blökkumaður og myndi því marka straumhvörf í bandarískum stjórnmálum ef hann yrði forseti. Það sem vinnur þó mest með Obama er ferill þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Í sjö ár hefur hún komið miklu illu til leiðar í heimsmálum, hafið nokkur stríð, stundað pyntingar, brotið rétt stríðsfanga, skert mannréttindi fólks heima fyrir og efnahagur Bandaríkjanna er illa á sig kominn.

Fulltrúi Repúblikanaflokksins, John McCain, er sá frambjóðandi sem alltaf þótti líklegast að myndi höfða til óháðra kjósenda. Þar að auki fann hann upp á því snjallræði að gera konu að varaforsetaefni og varð Sarah Palin, ríkisstjóri Alaska, fyrir valinu. Að vísu hafa konur verið í framboði til bæði forseta og varaforseta Bandaríkjanna áður, svo langt aftur sem á 19. öld. En aðeins einu sinni áður hefur kona haft verulega möguleika á að verða varaforseti, Geraldine Ferraro árið 1984. Ef einhver Repúblikani á möguleika á því að ná kjöri eftir langa óstjórn Georges W. Bush þá er það John McCain.

**Sama stefna**

Í kosningabaráttunni hefur hins vegar komið í ljós að John McCain stendur ekki fyrr neitt nýtt í samanburði við fyrri stjórn. Sérstaða hans í umhverfismálum er óðum að hverfa og frjálslyndi hans í félagsmálum dofnar dag frá degi. Valið á Palin sem varaforsetaefni var snjallt að sumu leyti, en undirstrikar fyrst og fremst að Repúblikanar ætla að halda áfram á sömu braut hægriöfga og áður. Palin sver sig í ætt við þá kristnu íhaldsmenn sem hafna nútímavísindum og vilja gera bókstafstrú að grundvelli þjóðlífs. Hún er hlynnt veiðum á dýrategundum í útrýmingarhættu og hefur afar slæman feril á sviði umhverfismála.

Verst af öllu er þó að McCain boðar óbreytta stefnu í utanríkismálum. Honum finnst Íraksstríðið vel heppnað og vill halda áfram á sömu braut. Hann vill grafa undan Sameinuðu þjóðunum og troða illsakir við Rússa vegna þess að þeir komu Suður-Ossetíumönnum til aðstoðar þegar Georgía réðst inn í héraðið. Stjórn undir forystu McCain og Palin yrði ríkisstjórn Bush og Cheney undir nýjum nöfnum. Heimsbyggðin hefur ekki efni á slíku enda njóta McCain og Palin varla mikils stuðnings utan Bandaríkjanna. Á hinn bóginn hafa ríkisstjórnir Evrópu að sumu leyti grafið undan Obama með beinu og óbeinu liðsinni við árásarstefnu Bushstjórnarinnar. Heima fyrir reynir McCain að skilgreina sig sem fulltrúa öryggis í alþjóðamálum, en ætlar samt að halda fast við stefnu sem hefur gert Bandaríkin að útlagaríki og ógn við heimsfriðinn.

**Hvað gera Demókratar?**

Oft hefur verið sagt að helsti óvinur bandaríska Demókrata sé þeir sjálfir. Það má að mörgu leyti til sanns vegar færa. Í kosningunum 2004 héldu Demókratar að sér höndum á meðan Repúblikanar voru með óvægnar persónulegar árásir á frambjóðanda þeirra, John Kerry. Nú ráðast Repúblikanar á Obama vegna reynsluleysis í stjórnun sem er auðvitað þversagnakennt því að fátt ætti að vera verra en að hafa komið nálægt stjórn Bandaríkjanna undanfarin áratug.

Að útmála McCain sem fulltrúa öryggis og Obama sem fulltrúa reynsluleysis í alþjóðamálum er hins vegar öfugsnúinn málflutningur. McCain er fulltrúi stefnu sem hefur gert heiminn ótryggari undanfarin ár svo ekki sé minnst á þær milljónir sem liggja í valnum vegna stríðanna í Afganistan og Írak. Obama hefur á hinn bóginn gert fátt en gert það vel. Fyrirheit hans um að binda enda á Íraksstríðið hafa greitt fyrir samningaviðræðum um brotthvarf Bandaríkjanna frá Írak en nú er útlit fyrir að það verði 2011. Bandaríkin þurfa ekki jafn mikið á neinu að halda og friði og með Obama við stjórnvölinn er smávægileg von um að þau færist skrefi nær í þá átt. Vinni McCain má hins vegar búast við áframhaldandi stríði í Írak, Afganistan og Pakistan, og hugsanlega nýjum átökum við Rússa út af Georgíu. Valið ætti að vera auðvelt.

# Einkavæðingin á Alþingi í dag

**UMRÆÐAN**

Ögmundur Jónasson skrifar um heilbrigðismál



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Við þingfrestun í vor var fallist á að skjóta á frest afgreiðslu frumvarps Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, heilbrigðisráðherra, um nýja Sjúkratrygginga- og innkaupastofnun á heilbrigðissviði. Í greinargerð með frumvarpinu segir að það byggi á reynslu Svía og Breta. Þessar þjóðir hafi haldið út á markaðstorgið með heilbrigðisþjónustu sína en hin nýja stofnun á einmitt að auðvelda þessa vegferð. Með því að fá afgreiðslu frumvarpsins frestað sumarlangt vildu menn skapa svigrúm til að grafast fyrir um afleiðingar kerfisbreytinganna í Svíþjóð og Bretlandi. Það gekk ekki eftir. Heilbrigðisnefnd Alþingis var aldrei kölluð saman í sumar. Og ekki er að sjá að stjórnarmeirihlutinn hafi lyft litla fingri til að kynna sér málin ef undan er skilin hraðsuðuheimsókn heilbrigðisnefndar Alþingis til Stokkhólms í vikunni áður en þing kom saman. Ferðin var farin undir handarjaðri verktakafyrirtækisins sem skipuleggur markaðsvæðingarátak heilbrigðisráðherrans!

Stjórnarandstaðan hefur hins vegar notað tímann og viðað að sér upplýsingum. Hverju skyldi sú rannsóknarvinna hafa skilað? Í ljós kemur að um þróunina í Svíþjóð er engin sátt. Markaðsvæðingin í heilbrigðiskerfi Svía sætir þvert á móti vaxandi gagnrýni. Útboð í heilbrigðisþjónustunni eru á undanhaldi vegna þess að þau gáfu ekki góða raun. Frá Bretlandi hafa einnig borist varnaðarorð. Einn helsti sérfræðingur Breta á þessu sviði, Allyson Pollock, prófessor við Edinborgarháskóla, sagði í erindi sem hún flutti hér á landi að umræddu frumvarpi svipaði til löggjafar í Bretlandi frá þeim tíma sem Bretar hófu vegferðina með heilbrigðiskerfi sitt inn á markaðstorgið undir leiðsögn Margrétar Thatcher.

Grundvallarbreytingar á samfélaginu á ekki gera umræðulaust. En þegar stjórnarmeirihlutinn er annaðhvort hlynntur einkavæðingu eða einfaldlega svo latur að hann nennir ekki að kynna sér málin er úr vöndu að ráða. Það er dapurlegt til þess að hugsa að vegna sinnuleysis á Alþingi, andvaraleysis almennings og doða fjölmiðlanna kunni frjálshyggjunni að takast að eyðileggja heilbrigðiskerfið okkar. Allt til þess eins að hleypa einkavinunum öllum á garðann – svo þeir geti gert heilbrigðisþjónustu landsmanna sér að féþúfu. Málið er á dagskrá Alþingis í dag.

*Höfundur er alþingismaður.*



**TRÖNUBER** eru nýjung í matargerð hérlendis. Þau eru talin vinna gegn þvagfærasjúkdómum. Ástæðan er talin vera sú að í berjunum er efni sem kallast proanthocyanid sem kemur í veg fyrir að bakteríurnar geti fest sig við þvagblöðruvegginn. Nánari upplýsingar á www.heilsuhusid.is.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
**www.madurlifandi.is**

**17. sept. Heilbrigði og hamingja**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*

**18. sept. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
*Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur*

**25. sept. Kökur og eftirréttir**
*Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur*

**08. okt. Ævintýralíf**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*

**16.okt. Kökur og eftirréttir**
*Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur*

Danmörk, Kaupmannahöfn. Til Leigu / Til Sölu/ eða leiguskipti.

*Langar þig til þess að búa erlendis. Núna er tækifærið. Gríptu það meðan tækifæri gefst.*





Til sölu eða leigu, eða jafnvel leiguskipti. Gullfallegt 200 fm einbýlishús í góðu hverfi í Kaupmannahöfn. Heimilisfangið er Enghøjvej 5, 3660 Ganløse, Danmark. ATH. Það tekur aðeins 17 mín að komast í miðbæ Köben. Mjög barnvænt og gott fjölskylduhverfi. Erum jafnframt til í að skoða öll skipti, jafnvel dýrara eignir og/eða atvinnuhúsnæði, í 50 km radíus frá Stórreykjavíkursvæðinu,. Húsnæðið var tekið í gegn fyrir 2 árum, heitur pottur í garði, ásamt 350 fm verönd og fleira og fleira. Áhugasamir hafi samband við Sólveigu sími: **496 0301** eða Kristján sími: **896 0602**, **sollabolla@gmail.com**

**Heimsóknavinir gefa lífinu lit**

Heimsóknavinir **Kópavogsdeildar Rauða krossins** eru alls konar fólk á ýmsum aldri. Þeir heimsækja fólk á einkaheimilum og stofnunum í Kópavogi til að draga úr einsemd og félagslegri einangrun, gefa lífinu lit.

**Gæti heimsóknavinur gefið þínu lífi meiri lit?**

Heimsóknavinirnir eru sjálfboðaliðar. Þeir veita félagsskap og nærveru. Til dæmis með því að spjalla, lesa, tefla, syngja og fara út að aka eða ganga. Margir reiða sig á heimsóknir sjálfboðaliðanna til að gleyma gráma hvunndagsins um stund.

**Þekkirðu einhvern sem myndi hafa gott af því að fá heimsókn sjálfboðaliða? Til dæmis einu sinni í viku, í klukkustund í senn?**

**Ekki hika við að hafa samband** í síma **554 6626** eða í netfangið **kopavogur@redcross.is**.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur




Ómar ómar er að setja á fót fyrirtæki sem mun standa fyrir ýmsum tónlistarviðburðum. Hann hefur stundað bootcamp í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stefnir á járnmanninn

**Ómar ómar hefur í nógu að snúast en auk þess að vera umboðsmaður rokkhljómsveitar og vinna sem tæknimaður, hleypur hann últramaraþon og stundar bootcamp af kappi.**

Ómar Ágústsson eða Ómar ómar eins og hann vill láta kalla sig, hefur stundað bootcamp-æfingar síðustu tvö árin en áður hafði hann ekkert stundað íþróttir að ráði.

„Ég hafði eitthvað verið að lyfta áður, en ég var ekki í neinum íþróttum. Ég hafði aldrei hlaupið meira en þrjá kílómetra áður en ég byrjaði í bootcamp,“ útskýrir Ómar en hann hljóp svokallað últramaraþon í sumar, 55 kílómetra hlaup frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk.

„Ég hef stundað bootcamp í tvö ár og árangurinn hefur verið stanslaus og áhuginn hjá mér eykst alltaf. Æfingarnar eru það fjölbreyttar að þetta er alltaf skemmtilegt. Svo hef ég eignast stóran hóp af kunningjum og vinum í þessu og það heldur manni líka við efnið “

Ómar hefur sett sér það markmið að taka þátt í Ironman-keppninni innan þriggja ára en það er þríþraut sem hefst á 3,8 kílómetra sundi, svo taka við 180 kílómetra hjólreiðar og endað er með því að hlaupa maraþon.

„Það verður reyndar haldin Ironman-keppni hér á landi næsta sumar, en ég ætla aðeins að sjá til hvernig veturinn gengur hjá mér og hvort ég get tekið þátt.“

*heida@frettabladid.is*


SEPTEMBER
Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
SUBWAY
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í september 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
HjartaHeill




**SUMIR** álíta að ungbarnanudd stuðli að því að börn þroskist og þyngist fyrr en önnur börn. Fyrirtækið Ungbarnanudd er eitt af þeim sem kenna slíkt nudd á Íslandi. Markhópur Ungbarnanudds eru foreldrar barna á aldrinum eins til tíu mánaða. Næsta námskeið hefst miðvikudaginn 17. september. Sjá www.ungbarnanudd.is.






# Hresst upp á kunnáttuna

**Þó að fólk hafi af einhverjum ástæðum fallið út úr skóla á það góða möguleika á að halda áfram að læra. Námsflokkar Reykjavíkur bjóða upp á einstaklingsmiðaða kennslu í nokkrum undirstöðugreinum.**

„Það er námsefni áttunda til tíunda bekkjar grunnskóla í ensku, íslensku og stærðfræði sem kennt er í grunnnámsdeildum okkar. Þar er verið að bæta undirstöðugreinar sem síðan er hægt að byggja ofan á,“ segir Katrín Þorgrímsdóttir námsráðgjafi hjá Námsflokkum Reykjavíkur.

Ný námskeið eru að hefjast þar í dag en Katrín segir reyndar alltaf hægt að byrja, enda sé námið einstaklingsmiðað og hver og einn geti farið á sínum hraða gegnum það. „Sumir taka bara eina önn og fara í framhaldsskóla eftir áramótin. Aðrir halda áfram hjá okkur,“ segir hún og tekur fram að fólk sé með svo mismunandi bakgrunn. „Sumir hafa dottið út úr grunnskóla en aðrir fallið í framhaldsskóla með einkunnir upp á 4,5. Langflestir hafa einhvern grunn að byggja á en þeir sem ekki hafa hann fá þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda,“ segir hún. „Svo er þetta kjörið nám fyrir fullorðið fólk sem vill hjálpa börnunum sínum við heimanámið en vill sjálft hressa upp á kunnáttuna fyrst,“ bendir hún einnig á.



„Langflestir hafa einhvern grunn að byggja á en þeir sem ekki hafa hann fá þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda,“ segir Katrín Þorgrímsdóttir, námsráðgjafi hjá Námsflokkum Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Katrín segir grunnnámið hafa verið vel sótt síðustu vetur og mikil ánægja hafi verið með það. Flestir nemendur hafi verið á aldrinum 16 til 20 ára og margir þeirra haldi áfram í framhaldsskóla. Misjafnt sé hvort fólk taki fyrir fleiri fög en eitt.

Kennslan fer fram í Mjóddinni á kvöldin og byrjar klukkan 17.20 og er til 21.

Á heimasíðunni www.namsflokkar.is er hægt að sjá allt um verð og tímana.

*gun@frettabladid.is*









**MATSELD.IS** er áhugaverð vefsíða þar sem hægt er að nálgast ógrynni uppskrifta og setja inn eigin uppskriftir til að deila með lesendum. Þar er líka spjallsvæði, sem skiptist niður í umræður um uppskriftir og veitingahús, hægt að afla sér alls kyns fróðleiks og gerast meðlimur.







Natalia fer meðal annars yfir það hvaða hráefni passa saman og hvernig megi skreyta diska og veisluborð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Osta-soufflé er meðal þess sem börnin læra að gera á námskeiðinu.

# Litlir kokkar sem geta allt

**Á Ratatouille-námskeiði Stjörnustelpna elda átta til ellefu ára börn mat frá öllum heimhornum. Þar geta þau, líkt og litla rottan í teiknimyndinni Ratatouille, sýnt að þau geta orðið jafnvíg hinum fullorðnu.**

Ekki er nauðsynlegt að vera hár í loftinu til að geta tekist á við krefjandi verkefni í eldhúsinu. Það sannaði litla rottan í Disney-myndinni vinsælu Ratatouille og hið sama geta þau gert, átta til ellefu ára börnin sem sækja Ratatouille-námskeið Stjörnustelpna.

Á námskeiðinu elda börnin rétti frá hinum ýmsu heimshornum auk þess sem þau læra um hreinlæti í eldhúsinu, næringarfræði og hvaða hættur ber að varast. Hin spænska Natalia Vico, eigandi Stjörnustelpna sem hefur búið á Íslandi síðastliðin tólf ár, hefur umsjón með námskeiðinu. „Ég hef alltaf haft brennandi mataráhuga og hjarta mitt er í eldhúsinu,“ segir Natalia, sem langaði að bjóða upp á matreiðslunámskeið fyrir krakka sem eru forvitnir um matreiðslu og vilja prófa sig áfram umfram það sem þau fá að gera í skólanum.

Námskeiðið stendur í tíu vikur og er eldað eftir nýrri uppskrift í hvert skipti. „Við verðum með asískt þema, mexíkóskt, íslenskt og fleira, förum yfir næringarefnin og hvað við getum borðað til að bæta húð eða hár svo eitthvað sé nefnt. Þá fjöllum við um hættur eins og krossmengun, hnífa, heitt vatn og olíu. Allt námskeiðið fer svo fram Ratatouille-leikur en þá er gerð leit að vinsælustu uppskriftinni og maturinn borinn á borð fyrir foreldra síðasta námskeiðsdaginn.“ Börnin fá að lokum veglega uppskriftabók sem hefur einnig að geyma upplýsingar um mannasiði og ýmiskonar fróðleik.

Natalia segir námskeiðið tilvalið fyrir upprennandi kokka sem hafa sýnt áhuga á eldamennsku heima fyrir. „Það er líka sniðugt fyrir foreldra sem vilja ekki gefa börnum sínum algerlega lausan tauminn í eldhússkápunum með öllu því umstangi sem fylgir. Ratatouille-námskeiðið fer fram í skólaeldhúsi Smáraskóla og hefst fimmtudaginn átjánda september.“ Sjá www.stjornustelpur.is *vera@frettabladid.is*









## BÍLAR & FARATÆKI

**Bílasalan Bílfang**
**www.bilfang.is**

Glæsilegur M-benz CLK 200 Elegance 05/98 ek 120 þ.km, leður, lúga, álfelgur ofl verð 1.480 ath skipti (eftir opnun 864-8989)

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**SG BÍLASALA**
**Sími: 421 4444**



MAZDA 3 S/D TS Árgerð 2005. Ekinn aðeins 40 þ.km. Sjálfskiptur. Toppeintak. Verð kr. 1890.000.



ISUZU D MAX AT D-MAX. árg. 2007, ek. 4 þús. Sjálfskiptur, lok á palli og húðaður pallur. Verð kr. 3490.000. Lán 2.250.000 áhvílandi



HYUNDAI I 30 CLASSIC, árg. 2008, ek. 8 þús. km. Verð kr. 1990.000. Áhvílandi lán hjá SP 1.250.000 vetrar og sumardekk.

**SG Bílasala**
**Bolafót 1,**
**Sími: 421 4444**

**100 bílar.is bílasala**



AUDI A4 1,8T S-line, árg. 12/2005, ek.44þús.km, ssk., leður, topplúga, 17" felgur omfl. Glæsilegur bíll!!! Ásett Verð 3590 þús.kr 100% fjármögnun fáanleg!!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

**Arnarbílar**
**www.arnarbilar.is**

**VEGNA MIKILLAR SÖLU VANTAR OKKUR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN**



MILJÓN KRÓNU AFSLÁTTUR VOLVO XC90 3.0 T6 272 HESTÖFL, árg 2005, ek 66.þ, Sjsk, Einn með öllu, Verð 4.790.þ TILBOÐ 3.790.þ stgr Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120727 S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

**TOYOTA Reykjanesbæ**



Toyota Land Cruiser 90 VX diesel nýskr 12/1999. Ekinn 109 þ.km sjálfskiptur 33". breyttur spoiler krókur varadekkshlíf kastaragrind + kastarar. Verð 2.50.000 - ath skipti. Uppl. í síma 420 6600.

**Toyota Reykjanesbæ**
**Njarðarbraut 19, 260**
**Reykjanesbær**
**Sími: 420 6600**

## Bílar til sölu




Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Dæmi um 2007/2008: Dodge Caliber frá 2.030 þús., Dodge Caravan og Chrysler Town and Country frá 2.000 þús., Toyota Camry frá 2.550 þús., Dodge Charger SXT frá 2.400, S. 5522000 - www.islandus.com.




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Suzuki Grand Vitara XL7 árg. '05. Ek. 90 þ. Yfirtaka 2.2 millj., afb. 40 þ. S. 897 0601.



VW Polo árg. '00. Ek.119 þ. Ný tímareim. Nýsk. Ásett verð 450 þ. Uppl. í s. 659 3459.



**Fæst á 490.000**
Til sölu Jeep Grand Cherokee árg. 1999. V8 einn með öllu ek. 97þ. mílur. Þarfnast smá lagf. fæst á 490.000. Uppl. í s. 844 0542.

**Sparibaukur**
Toyota Aygo árg. '07 ek. 17 þús. Eyðir eins og saumavél og þú þarft ekki að borga í stöðumæli. Yfirtaka á láni 22 þús. á mán. Uppl. í s. 421 2261 & 866 4035.

## 250-499 þús.

Suzuki Jimny, JLX, 1300, 3. dyra, Bensín, Beinskiptur. Ekinn: 132.000 km. Vel með farinn. Nýleg heilsársdekk. Verð: 340.000 kr. S. 821-6650

## 2 milljónir +




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á v. 0-70 þ. Uppl. í s. 845 9474.

Óska eftir millistærð af sendibíl, ódýrum. Uppl. í s. 849 2659 kvöldin í s. 552 2232.

**Skoðaður bíll óskast**
Fyrir allt að 150 þús. stgr. Uppl í s. 894 9002

## Jeppar




Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af jeppum. Dæmi um 2007/2008: Dodge Durango frá 2.900 þús., Ford Explorer frá 2.900 þús., Jeep Grand Cherokee frá 3.000 þús. S. 5522000 - www.islandus.com.



Econoline 7.3 diesel arg.88 ek. 313 þus km. Ný 36" dekk. Gott eintak. Er í RVK í þessari viku.verð 300þus uppl. 8611747

## Pallbílar




Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F250 frá 2.400 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tundra frá 2.700 þús., GMC Sierra C/K 1500 frá 2.600 þús. S. 5522000 - www.islandus.com.

## Sendibílar



**Sendi - húsbílaefni**
LDV. Maxus. (breskur) árg.'06. Ek. 49 þús. Sk.'09. Verð 1,6 m. S. 868 8565.

## Húsbílar

**www.caravan.is**
Húsbílaleiga á Íslandi. Uppl. í s. 822 1920 & 899 4161.

## Hjólhýsi

Óska eftir hjólhýsi í skiptum fyrir fellihýsi. S. 840 0472.

## Pallhýsi



Eigum til eftirárspallhýsi frá StarCraft á haustilboði á aðeins 950.000. MótorMax Klettháls 13. 563-4400.

## Mótorhjól




Haustútsala á hippum 250 cc á meðan birgðir endast. 3 litir. 5 gíra, þjófavörn, fjarstart, rollbar, töskur. Verð áður 380 þús. Verð nú 298 þús.



Vorum að fá krosshjálma í þremur litum og vespu/mótorhjólahjálma í þremur litum. Einnig barna krosshjálmar. Verð 12.900 kr.



X Motors Pit Bike 125 cc, 159 þús, 2 litir. X Motors Dirt Bike 250 cc, 249 þús. 2 litir.

**Mótor og sport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

## Vinnuvélar




## Bátar

**Skemmtibátar**
Bóklegur hluti í fjarnámi frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, SIG102, SIR102, STL102 og SIT102. Stefnt er á verklegt próf víðsvegar um land í samráði við nemendur. Skráning á vefnum www.fas.is Sími 4708070 Umsóknafrestur til 15.september 2008 og hefst kennsla 22.september.

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar

Til sölu 16" felgur með dekkjum undir Grand Cheeroke '99-'04 Ný málaðar. V. 45 þús. S. 894 4148.

## Varahlutir



**Vélar ehf. Vatnagarðar 16**
Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. S. 568 6625. www.velarehf.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14,**
**S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í Imprezu '97. Accent '95. Vinstra framljós á BMW X3 '03-'06. Uppl. í s. 896 8568.

## ÞJÓNUSTA

## Barnagæsla

**Laust dagmömmupláss**
**Vantar þig dagmóður? Ég er með laust pláss. Er í 200 Kóp. Uppl. í s. 564 6146, Linda.**

## Hreingerningar







Hreingerningar ehf. S: 868 5599






## Þjónusta



Flutningar
Á þínum vegum...
568 5000 NS Nýja sendibílastöðin

# flutningar

ÞRIÐJUDAGUR 9. SEPTEMBER 2008

## Flytja á öllum tímum sólarhringsins

**Ný sendibílastöð með nýja þjónustu**

BLS. 2





FRÉTTABLAÐIÐ



Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is**
eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

# Hollráð við flutninga

Oft er fólk að velta fyrir sér hvernig er best að pakka niður og ganga frá búslóðinni á sem öruggastan hátt þegar flutt er. Það sem gleymist þó stundum er að gæta þess hverju skal ekki pakka niður. Það getur beinlínis verið hættulegt að pakka sumum hlutum í kassa og setja í flutningabíl og einnig getur það valdið miklum vandræðum að týna nauðsynlegum skjölum og öðrum verðmætum. Eftirfarandi ber að forðast að pakka niður:











- Eldfim efni. Má sem dæmi nefna eldsneyti og þrýstibrúsa ýmiss konar sem innihalda hárlakk og annað eldfimt. Þrýstibrúsar geta líka sprungið og innihaldið spýtist þá út um allt.
- Ýmiss konar vökvar og þá sér í lagi hreinsiefni. Það má til að mynda aldrei setja ammoníak og klór saman.
- Skartgripir og annað smálegt. Best er að hafa slík verðmæti á sér því þau eiga það á til að týnast í stórum kössum.
- Mikilvæg skjöl á borð við vegabréf, fæðingarvottorð, tryggingaskírteini og fleira.
- Kerti. Þau geta bráðnað og klístrast utan í það sem fyrir verður.

Önnur góð ráð varðandi flutninga má finna á vefsíðunni www.realsimple.com en þar er til dæmis hægt að prenta út tékklista sem skipulagður er í tímaröð fyrir flutninga.



Þegar flutt er freistast margir til að henda öllu í kassa á augabragði. Þess ber þó að gæta að ekki má setja hvað sem er í kassana. NORDICPHOTOS/GETTY




Haukur Weihe og Sævar Birgisson eru eigendur Sendibílastöðvar Reykjavíkur sem býður meðal annars upp á þá nýjung að flytja á öllum tímum sólarhringsins, en einnig að pakka niður búslóð fyrir flutninga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ungir, hraustir og snöggir

**Sendibílastöð Reykjavíkur er nýr og spennandi kostur þegar kemur að hvers kyns flutningum, en fyrirtækið býður flutningsþjónustu frá A til Ö.**

„Við kynntumst hjá Jóa Fel þar sem ég er bakari og Haukur var með sinn bíl í erindagjörðum fyrir Jóa,“ segir bakarinn Sævar Birgisson sem ásamt Hauki Weihe stofnaði Sendibílastöð Reykjavíkur í júlímánuði í fyrra.

„Þá sáum við tækifæri á nýrri sendibílastöð og skelltum okkum í slaginn með frábærum árangri og afar góðum viðtökum, keyptum strax nýja bíla, þar af stóra til búslóðaflutninga og minni kælibíla sem henta vel fyrir flutning á matvöru, grænmeti, fiski og öðru sem krefst kulda við flutning á milli staða,“ segir Haukur þar sem þeir Sævar standa í ströngu við flutning húsmuna í Reykjavík.

„Við flytjum allt sem til fellur og bjóðum alhliða þjónustu í flutningum. Þannig þurfa þeir sem versla við okkur ekki að lyfta litla fingri við annars tímafrekan starfa sem útheimtir mikla orku. Við tökum að okkur að pakka niður búslóð og taka upp á nýjum stað, erum með drífandi mannskap í burð á búslóð á milli staða og hæða, og flytjum á öllum tímum sólarhringsins, sem er nýlunda í sendibílarekstri hérlendis,“ segir Sævar.

„Allri okkar þjónustu hefur verið tekið fagnandi og margir sem hafa nýtt sér búslóðapökkun, sem er þægileg og þjónar vel ólíkum hópum fólks. Hingað til hefur verið þrautin þyngri að fá sendibíl eftir klukkan sex á kvöldin og án góðs fyrirvara um helgar, en það breytir því ekki að margir þurfa að flytja með litlum fyrirvara og þurfa bíl þótt komið sé kvöld, en þar komum við með hjálpandi hendi,“ segir Haukur.

Þess má geta að Sendibílastöð Reykjavíkur flytur hvert á land sem er og gengur einnig frá búslóð og öðru í gáma til flutnings milli landa.

„Við gerum tilboð í öll verk og erum sanngjarnir í verði; reyndar svo mjög að aðrar sendibílastöðvar hafa elt okkur í verði. Þjónustan er þó það sem mestu skiptir og að fá allt sitt óskemmt á leiðarenda, en í því bjóðum við bæði toppþjónustu og toppbíla,“ segja þeir Sævar og Haukur hressir.

Hægt er að panta sendibíla hjá Sendibílastöð Reykjavíkur ehf. í síma 568 4400. *- þlg*

# Miklir bílaflutningar

Flutningafyrirtækið IceTransport í samvinnu við Heklu sá nýlega um flutning á hátt í tvöhundruð bílum hingað til lands, bæði flug-og sjóleiðina. Stór hluti bílanna kom með Norrænu í sérútbúnum flutningabílum. 39 komu með Boeing 747-200 flutningavél frá Atlas Air. Það er stærsti farmur af bílum sem komið hefur hingað til lands í einni flugferð. Fleiri komu um loftsins vegu.

Flestir bílanna eru af sjöttu kynslóð Volkswagen Golf sem kynntur er hér á landi í þessum mánuði. Allir munu þeir verða sendir sjóleiðina heim aftur til Þýskalands. *- gun*



Hluti nýja Golfbílaflotans kom með Norrænu.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

PÓSTURINN
allur pakkinn



# Komdu á netpósthúsið

www.postur.is

- **Finna sendingu**
  Hér getur þú með einföldum hætti fundið út hvar sendingin þín er. Hægt er að finna sendingar jafnt innanlands sem utan.

- **Netsamtal við þjónustufulltrúa**
  Netsamtal við þjónustufulltrúa er liður í aukinni þjónustu okkar. Þjónustufulltrúar liðsinna þér með ráðgjöf og veita þér upplýsingar um þjónustu Póstsins.

- **Breyta heimilisfangi**
  Við áframsendum almennan bréfapóst fyrir þá sem eru að flytja, bæði innanlands og erlendis. Almennar sendingar sem eru stílaðar á gamla heimilisfangið eru þá sendar áfram á nýja heimilisfangið.

- **Biðpóstur í fríinu**
  Við geymum almennar bréfasendingar fyrir þig meðan þú ert í fríi eða áframsendum til þín á umbeðið pósthús.



HVITA HUSID / SIA – 08-0945

# Krydd úr umhverfinu

Flutningabílstjórar þurfa hvíld og næringu á ferðum sínum um landið og til þess hafa þeir sína föstu viðkomustaði. Einn þeirra er Shellskálinn í Freysnesi í Öræfum. Bílstjórar sem aka milli Suðaustur- og Austurlands eiga þar vísan kvöldmat fimm daga vikunnar. Hafdís Gunnarsdóttir er yfirkokkur í skálanum og við slógum á þráðinn til hennar síðdegis í gær.

Hafdís, hvað ertu með í pottunum fyrir kvöldið?

„Ég verð með lambalæri kryddað með blóðbergi, birki og öðrum villijurtum úr umhverfinu, brúnaðar kartöflur, sósu, salatbar og súpu.“

Er lambakjötið vinsælt hjá bílstjórunum?

„Já, það er uppáhaldið.“

Áttu von á mörgum í mat?

„Það eru tólf til fimmtán manns í trukkaflotanum bæði á austur- og suðurleið og svo koma alltaf einhverjir inn af götunni líka.“

Eftirmatur?

„Ekki í kvöld, býst ég við en stundum bý ég til eitthvað gott í eftirmat. Það verður að vera tilbreyting í þessu. Svo er alltaf kaffi á könnunni.“ *- gun*



**Hafdís, til vinstri, eldar fyrir flutningabílstjórana fimm daga vikunnar og afgreiðir mat til ellefu á kvöldin.** MYND/SIG.GUNNARSSON

N3 FLYTUR FYRIR ÞIG
Búslóð og vöruflutningar N3.is



N3 • www.n3.is
Ásmundur • S: 899 7424

SENDIBÍLAR REYKJAVÍKUR
Fagmenn í flutningum!
568 1414



**Dýralæknirinn Sif Traustadóttir er sérfræðingur í atferli dýra. Hún segir hunda, ketti og stóra fugla eiga erfiðast með að skipta um heimkynni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Góð ráð við streitu og kvíða gæludýra

**Það tekur tíma að aðlagast nýjum heimkynnum, ekki síst fyrir vanaföst gæludýr, en til eru ýmis úrræði sem bægja frá þeim kvíða og streitu.**

„Flutningar geta valdið gæludýrum miklum kvíða og streitu, og eru kettir, hundar og stærri fuglar dæmi um afar vanaföst gæludýr,“ segir Sif Traustadóttir dýralæknir og sérfræðingur í atferli dýra.

„Köttum þarf að halda inni í allt að tvær vikur á nýjum stað, því annars vilja þeir leita aftur á gamla heimilið og algengt að þeir reyni strok við fyrsta tækifæri,“ segir Sif og bætir við að dýr geri sér vitaskuld enga grein fyrir því sem er að gerast hjá heimilisfólkinu og erfitt sé að útskýra flutninga fyrir þeim.

„Því er eðlilegt að þau vilji fara heim sem fyrst aftur og vera þar áfram. Kettir geta farið um mjög langan veg í leit að gamla heimilinu og reyna jafnvel að flytja inn á nýju íbúana, eða þá nágranna á gamla staðnum, til þess eins að þurfa ekki að segja skilið við gamla hverfið sitt. Gott ráð er að sjóða fisk og gera köttum gott svo þeir fái strax matarást á nýja staðnum,“ segir Sif.

„Hundar eru oftast sáttari við ný heimkynni því þeim líður vel innan um fólkið sitt og fara sjaldnast út nema í taumi. Nagdýr, fiskar og önnur gæludýr í búrum eru ekki eins viðkvæm fyrir flutningi því þau eru vön búri sínu sem föstum samastað,“ segir Sif og bendir gæludýraeigendum á sérstök lyktarhormón sem fáanleg eru hjá dýralæknum og gagnast vel í kringum flutninga.

„Þetta eru ferómón sem hafa slakandi og róandi áhrif, og hjálpa dýrum að komast yfir streitu og kvíða. Hormónin fást í úðabrúsa eða kló sem stungið er í innstungu og við það gufa upp ferómón sem dýrin skynja. Klóin dugar í mánuð og best að setja hana strax í samband á gamla staðnum meðan pakkað er og aftur á nýja staðnum þegar þangað er komið. Kattarhormónið inniheldur efni sem kettir framleiða í andlitskirtlum og nota til að merkja sér svæði þegar þeir nudda sér utan í húsgögn og skálmar fólks, en hundahormónið inniheldur efni sem tíkur framleiða í kirtlum kringum spena sína og tengjast mjólkurgjöf og umhirðu hvolpa. Hvort tveggja er heimilisleg lykt sem veitir róandi tilfinningu,“ segir Sif.

„Öllum gæludýrum þarf að sýna meiri athygli og hlýju í kringum flutninga, gleyma ekki að sinna þeim og hafa þau ekki útundan þótt annríkið sé mikið. Þegar streita leggst á ketti vilja þeir fela sig, leggjast undir rúm, ekki gefa sig að fólki og reyna að strjúka, en hundar ýmist draga sig í hlé eða taka upp á óþekkt sem þeir annars gera ekki,“ segir Sif og tekur fram að gruni gæludýraeigendur að dýr þeirra séu haldin sjúkdómi, eða viti til þess að þau séu lasin, með til að mynda flogaveiki, þurfi að fylgjast sérstaklega vel með þeim meðan á flutningunum stendur. *- þlg*



# Fyrirhafnarlitlir flutningar

Flutningar milli landa geta verið umfangsmiklir og að mörgu þarf að huga. Eitt er að pakka niður heilli búslóð og velja það sem taka á með, og annað er sá frumskógur eyðublaða sem þarf að fylla út og ganga frá. Hjá fyrirtækinu Pökkun & flutningar ehf. er boðið upp á þá þjónustu að fá allri búslóðinni pakkað niður og tekna upp á nýja heimilinu sé þess óskað. Fyrirtækið getur annast flutninga á áfangastað og einnig sjá starfsmenn fyrirtækisins um alla þá pappírsvinnu sem fylgir flutningunum, svo sem farmbréf, tollafgreiðslu og annað. Fyrirtækið gerir tilboð í hvert verk. Nánari upplýsingar á www.propack.is.

MIRALE

# ÚTSALAN

er hafin



allt að

60%

afsláttur

**MIRALE**
Síðumúla 33
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–16
www.mirale.is

**● SÉRSNIÐNAR LAUSNIR** Hafnarbakki ehf. býður upp á heildarlausnir í flutningum og búslóðageymslum ásamt sérsniðnum lausnum.

Við flutninga er gámur sendur heim að dyrum, sóttur þegar hentar og fluttur á áfangastað. Þá er boðið upp á búslóðageymslu á vöktuðu svæði á Hafnarbakka í Hafnarfirði sé þess óskað.

Fyrirtækið, sem er til húsa að Hringhellu 6, útvegar einnig sérsmíðaða gáma í samvinnu við Contimade-gámaframleiðandann og má nefna skúffugáma, loftpressugáma, verkstæðisgáma, lagergáma og sérsmíðaða frystigáma. Þá fást stálgámar, hálfgámar og einangraðir gámar bæði til kaups og leigu. Þeir geta til dæmis verið hentug lausn til geymslu á búslóð og eru sendir og sóttir hvert á land sem er. Þá getur gámur verið einföld lausn á ýmsum öðrum geymsluvandamálum.

Meðal nýjunga hjá fyrirtækinu er flutningskassinn en hann hentar bæði til flutninga og í geymsluna. Um er að ræða margnota umbúðir með handföngum sem auðvelt er að stafla. Á kassanum er sérstakur rammi fyrir merkingar sem tryggir gott skipulag.




**Hafnarbakki ehf., sem sendir gáma heim að dyrum og sækir þegar hentar, útvegar meðal annars sérsmíðaða gáma.**

# Hverju má henda?

**Arnar Tómasson á Salon Reykjavík veit hvað hann syngur þegar kemur að því að taka til í fataskápnum.**



**Arnar segir gott að miða við eitt og hálft ár þegar kemur að því að henda gömlum fötum. Ef flíkin hefur ekki verið notuð í þann tíma þá er tímabært að losa sig við hana.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Losaðu þig við flíkur sem þú hefur ekki notað í eitt og hálft ár,“ segir Arnar Tómasson, hárgreiðslumeistari og eigandi Salon Reykjavík. Þessa ágætu reglu uppgötvaði hann fyrir nokkrum árum, og segir hana svínvirka þegar tiltekt í fataskápnum er annars vegar.

„Ef við hendum aldrei neinu erum við heldur betur föst í því að halda í fortíðina. Við verðum að læra að losa okkur við flíkur sem við erum hætt að nota,“ segir Arnar ákveðinn og bætir við að líkt og með aðrar reglur séu þó nokkrar undantekningar á.

„Svört rúllukragapeysa sem við notum reglulega er dæmi um klassíska flík sem alltaf á heima í fataskápnum. En sumar flíkur langar okkur bara til að eiga. Flíkur sem við tengjum við sérstakar minningar, þó við notum þær sjaldan eða aldrei,“ segir Arnar þegar hann tiltekur helstu undantekningarnar.

„Þó að tískan fari í hringi breytist hún alltaf aðeins, en það er einmitt það atriði sem gerir tískuna áhugaverða. Jakki sem við erum orðin hundleið á og fer okkur ekki lengur á ekki að fara í geymsluna. Við eigum örugglega ekki eftir að sakna hans þar. Það er ekkert annað í stöðunni, en að gefa frá sér þær flíkur sem við erum hætt að nota,“ segir Arnar að bragði, þó svo að við viljum halda í þá von að gömlu fötin okkar komi aftur í tísku. *- vg*






STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Það er eins gott að gleyma ekki lyklinum að nýja heimilinu!

## Vika til stefnu!

Þegar vika er til stefnu til flutnings er gott að gera eftirfarandi:

- Láta símafyrirtæki vita um flutning heimanúmers.
- Láta póstinn og Hagstofuna vita um nýtt heimilisfang.
- Tæma ísskáp og frysti af mat sem á ekki að fara til nýrra heimkynna.
- Tæma, aftengja og þurrka slöngur uppþvottavéla og þvottavéla og festa tromlur með öryggisskrúfum.
- Setja ljósaperur, klósettrúllur, kerti, skrúfjárn, eldspýtur, reiðufé og mikilvæg símanúmer í kassa til reiðu við flutninginn.
- Ekki vökva blóm í vikutíma fyrir flutninga.
- Lesa á rafmagns- og vatnsmæla og láta orkufyrirtæki vita um flutning.
- Útbúa varalykla og koma fyrir á góðum stað.

## Sniðugir kassar til flutninga

Glærir plastkassar í öllum stærðum koma sér vel í flutningunum, en þá er til dæmis hægt að fá í Rúmfatalagernum og Ikea. Kassarnir fást í stöðluðum stærðum og henta vel fyrir litla sem smáa hluti. Þeir eru hannaðir með það í huga að hægt sé að stafla þeim upp. Stærri kassarnir eru mjög heppilegir í flutninga, sérstaklega vegna þess að þeir eru á hjólum. Auðvelt er að rúlla kössunum á eftir sér á milli herbergja og síðan upp og niður úr flutningabílnum. Plastið er líka auðvelt að þrífa og kassarnir raðast snyrtilega. Boxin eru þar að auki eiguleg og nýtast vel í geymslunni til frambúðar.



Plastkassana má til dæmis finna í Rúmfatalagernum og Ikea sem og í ýmsum smávöruverslunum.

Námskeiðsgjald 4.500 kr.
Skráning á spara.is
og í síma 5872580 og 577 2025

„ÚR MÍNUS Í PLÚS"



15 milljóna lán
heildargreiðsla á 40 árum
83 milljónir
þú sparar
39 milljónir
Með veltukerfi spara.is getur þú stytt lánstímann og sparað svo um munar
Miðað við styttingu lánstíma um 15 ár, 3,9% verðbólgu og 5,1% vexti.

25 milljóna lán
heildargreiðsla á 40 árum
139 milljónir
þú sparar
65 milljónir
Með veltukerfi spara.is getur þú stytt lánstímann og sparað svo um munar
Miðað við styttingu lánstíma um 15 ár, 3,9% verðbólgu og 5,1% vexti.



Ingólfur H. Ingólfsson
kennir þér að gera fjársjóð úr skuldunum þínum.

SPARNAÐUR

Það hefur aldrei verið svona hagstætt að koma á námskeiðið

ÞÁ ÁTT NÓG AF PENINGUM TIL AÐ:
...Greiða hratt niður skuldir
...Byggja upp sparnað og eignir
...Hafa gaman af að eyða peningum

FJÁRHAGSKERFI HEIMILISINS
Nýtt tölvukerfi verður kynnt á námskeiðinu sem sameinar bókhalds- og uppgreiðslukerfi spara.is og ýmsar reiknivélar sem finna hagstæðasta lánið og besta sparnaðinn. Þetta er fjárhagskerfi fyrir þá sem vilja ná árangri í fjármálum og hafa gaman af peningunum sínum.

EFTIRFARANDI NÁMSKEIÐ VERÐA Í BOÐI Í HAUST

| | | | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 15. sept. – Borgarleikhúsið | Egilsstaðir | 21. okt. – Menntaskólinn Egilsstöðum |
| Akureyri | 30. sept. – Brekkuskóli | Reykjavík | 3. nóv. – Borgarleikhúsið |
| Keflavík | 7. okt. – Ráin | Selfoss | 11. nóv. – Hótel Selfoss |
| Reykjavík | 13. okt. – Borgarleikhúsið | | |

Námskeiðin byrja kl 18:15 og eru 4 tímar í senn.

Sparnaður ehf greiðir niður námskeiðið
ÚR MÍNUS Í PLÚS úr 9.000 kr í 4.500 kr haustið 2008.
Holtasmára 1 201 Kópavogur Sími: 5772025 www.sparnadur.is

www.spara.is - Fjármál heimilanna ehf - 5872580

spara.is



LÁTTU DRAUMINN RÆTAST
20-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM OG RAFTÆKJUM.
TILBOÐ SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF !
20-30%
nettoline.dk



Friform
20-30%
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



# NOTAÐIR BÍLAR HJÁ INGVARI HELGASYNI SÆVARHÖFÐA 2

**FRÁBÆR ÞJÓNUSTA, GLÆSILEGT ÚRVAL!**

## ÞÚ FINNUR DRAUMABÍLINN HJÁ IH!

Frábært úrval notaðra bíla og góðum kjörum. Kíktu á bilaland.is og skoðaðu þá alla!

### TILBOÐSBÍLAR



TILBOD

**1.990.000,- kr**

**HYUNDAI TUCSON**
Nýskr: 12/2006, 2000cc, 5 dyra, Beinskiptur, Grár / Svartur, Ekinn 8.000 þ.
Verð: 2.850.000



TILBOD

**3.190.000 ,- kr**

**NISSAN PATROL**
Nýskr: 03/2005, 3000cc DISEL, 5 dyra, Sjálfskiptur, Brúnn, Ekinn 56.000 þ.
Verð: 3.980.000



TILBOD

**1.780.000,- kr**

**SUBARU FORESTER**
Nýskr: 05/2004, 2000cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður / Grár, Ekinn 66.000 þ.
Verð: 2.180.000



TILBOD

**950.000,- kr**

**SUBARU LEGACY**
Nýskr: 06/2002, 2000cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrænn, Ekinn 144.000 þ.
Verð: 1.150.000

### 500.000 - 1.500.000



**1.410.000,- kr**

**LAND ROVER DISCOVERY SERIES II**
Nýskr: 10/2000, 2500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður,
Ekinn 152.000 þ.



**1.030.000,- kr**

**SKODA OCTAVIA**
Nýskr: 05/2002, 1600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 91.000 þ.



**890.000,- kr**

**SUBARU FORESTER**
Nýskr: 07/2000, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Svartur,
Ekinn 146.000 þ.



**790.000,- kr**

**SUBARU IMPREZA**
Nýskr: 09/2001, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 177.000 þ.

### 1.500.000 - 3.000.000



**2.360.000,- kr**

**HYUNDAI SONATA**
Nýskr: 03/2006, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár,
Ekinn 35.000 þ.



**2.790.000,- kr**

**ISUZU D-MAX**
Nýskr: 01/2007, 3000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 45.000 þ.



**1.590.000,- kr**

**ISUZU TROOPER**
Nýskr: 09/2000, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 145.000 þ.



**1.970.000,- kr**

**MAZDA 3**
Nýskr: 07/2 2006, 1600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 26.000 þ.

### 3.000.000 - 4.500.000



**3.950.000,- kr**

**BMW 118I**
Nýskr: 05/2007, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur,
Ekinn 10.000 þ.



**5.190.000,- kr**

**NISSAN NAVARA**
Nýskr: 05/2006, 2500cc DISEL
5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur,
Ekinn 21.000 þ.



**5.290.000,- kr**

**NISSAN PATHFINDER**
Nýskr: 12/2005, 2500cc DISEL
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár,
Ekinn 54 þ.



**3.760.000,- kr**

**NISSAN QASHQAI**
Nýskr: 06/2007, 2000cc DISEL
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 2.000 þ.

### ATVINNUBÍLAR



**1.440.000,- kr**

**RENAULT KANGOO**
Nýskr: 03/2005, 1600cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 107.000 þ.



**2.750.000,- kr**

**RENAULT AT MASTER**
Nýskr: 10/2005, 0cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur / Grár,
Ekinn 71.000 þ.



**1.420.000,- kr**

**RENAULT AT TRAFIC**
Nýskr: 11/2004, 1900cc
6 dyra, Beinskiptur, Gulur,
Ekinn 117.000 þ. Verð: 1.820.000



**2.850.000,- kr**

**RENAULT AT TRAFIC**
Nýskr: 03/2006, 2500cc 9 Manna
6 dyra, Sjálfskiptur, Blár,
Ekinn 107.000 þ. Verð: 3.450.000

FINNDU RÉTTA BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS!

Á nýja vefnum okkar, bilaland.is, geturðu fundið nákvæmlega þann bíl sem þú leitar að með einfaldri leit. Þú gramsar og rótar og færð allar upplýsingar um hvern bíl og skoðar fjölda mynda áður en þú kemur á staðinn - þannig verða bílakaupin miklu markvissari.



**bílaland**
BILALAND.IS 575 1230
SÆVARHÖFÐI 2

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

### INTENSIVE ICELANDIC I-IV

Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 15/9, 13/10, 3/11 Level II: 7 weeks; Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 13/10. Level III: 10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 23/9, Level IV: 10 weeks; sat/sun 10-11:30 start: 27/9. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Heimilislaus kanína óskar eftir góðu heimili. Fæst gefins. Uppl. í s. 891 7190.

Ath. Froskabúr til sölu. Selst ódýrt. Nýlegt froska/skriðdýra búr (exo terra 45x45x45x) með hitaplötu til sölu. Uppl. i síma 892-2720

Íslenskir/Bordercollie hvolpar fást gefins. Gulir og hvítir. S. 894 5504.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




### Sjóstangveiði - Andrea

Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn

### Góðir maðkar

Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

### Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Free rent in September

Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

### Opnunartilboð

Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

### ÍBÚÐIR TIL LEIGU Í KAUPMANNAHÖFN

Lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða arnar@stracta.com

ROOM BREIÐHOLT w/furnture ac. kitchen /bathroom. Pricce 60000 a month singl 75000 two. Uppl. í s. 897 3611.

Room to rent for woman. Close to Hlemmur. 30. þús. S. 661 5219.

3 herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi til leigu í Seljahverfi Breiðholti. Langtímaleiga. Reglusemi áskilin. Laus strax. Verð 120þ. Uppl. í s. 664 8363.

106 fm, 4 herbergja íbúð á fyrstu hæð með sérverönd í Innri Njarðvík. Byggt 2006. Eldhústæki fylgja. Uppl. 867-6154

Ert þú nemi í leit að góðu herbergi á svæði 105 Rvk. 70 fm nýuppgerð íbúð m. 2 herb. þar sem eldhús, baðherbergi og þvottaaðstaða er samnýtt. 60 þ. per. herb. Uppl. í s. 821 8292.

Til leigu glæsileg 4ra herb. sérhæð m. bílskúr á besta stað í Hfj. Stutt í alla þjónustu. Leigist í 6 mán. í senn. S. 868 4582.

Falleg 2 herb. nýuppgerð með öllu innbúi í Kópavogi 200. Tímabil 1. okt - 1. júní eða 2-3 mán. í senn. V. 110 þ. Uppl. í s. 865 8342 eða mail elklinger@msn.com

Herbergi f. kvk nálægt Hlemmi. 30 þús. Uppl. í s. 661 5219.

Rúmgóð 2 herb. íbúð í Kóp. Laus strax! Leiga 110 þ. Einn mán. fyrirfarm. Allt innifalið. S. 897 2318.

4ra herb. íbúð til leigu í hverfi 105, Bugðulækur. Allar nánari uppl. í s. 698 3335.

Til leigu góð 2 herb íbúð í miðbænum. Leiga 115 þús. Innifalið hiti og hússjóður. Leigist reglusömum. Uppl í s 662 1573.

Til leigu í Álftamýri tvö 2 manna herb. annað er m. svölum m. eldhúsaðst., baði og þvottah. Einnig einstaklingsherbergi á sama stað.S. 899 6876 e. kl. 16.

## Húsnæði óskast

4-5 herb húsnæði á jarðhæð í 203 kóp óskast fyrir 5 manna fjölskyldu. Uppl 899-0403

4ra manna fjöldskylda m. 2 hunda óskar eftir 4-5 herb í RVK svæði, sérhæð, einbýli, raðhús frá og með 1.nóv. V.h. 140-180 þ. Uppl. í s. 849 6778.

Hljómsveit óskar eftir æfingarhúsnæði/bílskúr á höfurborgarsvæðinu,s6950808

Reglusöm 47 ára einhleyp kona bráðvantar íbúð frá 1. okt. 2 herb. Greiðslugeta um 80 þús. S. 867 2082.

### Vinnuskúr

Til leigu sirka 15 fm vinnuskúr með WC. Er á heysi. Uppl í s 898 0555.

Óska eftir að taka á leigu sumarbústað í nágrenni Selfoss í vetur. Uppl. í síma 899-0861 (Pálmi)

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu iðnaðarhúsnæði. Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórar innkeyrsluhurðir með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ. Laust nú þegar. Uppl. í s. 480 0000.

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. 80, 90, 180, 270 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 660 1060 & 822 4200.

Herbergi með svölum í Hlíðunum M. húsg. Aðg. Að eldh + baðh. Internet. Stutt í Kringluna strætó. Room w. balcony in 105 w. furniture. Access to kitchen, bath, internet, close to Kringlan and busses. Kr. 50.000. S. 821 6929.

Herbergi á 104 m. húsg. internet, sér inng. aðg. að eldh. + baðh. + þvottah. 50 þ mán Room in 104 w. furniture, internet, privat entrance, access to kitcen, bath, wasching, 50. t. pr. m. S/tel 821 6929

2herb. íbúð í Hlíðunum. leiga 115þ+rafm&hiti upplýsingar s:6604526. Laus 15sept

Hljómsveitin Bloodgroup óskar eftir æfinga & stúdíóaðstöðu miðsvæðis í Reykjavík. Hallur 8221611

250 fm. iðnaðarbil nálægt Borgartúni til leigu, verð aðeins 970kr/fm, uppl. í s. 858 5868.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

### geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

### HÚSVAGNAGEYMSLA

Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

### Vetrargeymsla

Geymdu gullin þín í Gónhól Eyrarbakka. Uppl. og skráning Gónhóll.is - Símar 771 1936 & 899 1128 http://www.gonholl.is

Geymslugámar

Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

Hringhellu 6 - 221 Hafnarfirði S. 535 2550 - www.hafnarbakki.is

## Gisting

### Ferðamenn

2ja herb. íb. m/öllu til leigu í einn dag til viku eftir samkl. S. 6997371

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Gullnesti Grafavogi

**Auglýsir eftir starfsfólki í fullt starf. Einnig vantar fólk kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.**

### Vélsmiðja í skipaþjónustu

**Óskum eftir að ráða járniðnaðarmenn, vélvirkja og aðra starfsmenn. Tökum við nemum. Möguleiki á hlutastarfi.**
**Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.**

### Kofi Tómasar frænda.

**Kaffihúsið Kofi Tómasar Frænda vantar dyraverði um helgar.**
**Nánari upplýsingar á staðnum.**
**Laugavegi 2**
**101 Reykjavík**

### Hressingarskálinn Austurstræti

**Hressingarskálinn óskar eftir þjónum í fulla vinnu. Ef þú ert jákvæð/ur, brosmild/ur og vinnuþjarkur, þá endilega komdu hingað á Hressó og fylltu út umsókn hjá okkur á Austurstræti 20.**
**Hressingarskálinn Austurstræti 20**

Bakarameistarinn

### Villtu ganga til liðs við okkur?

**Bakarameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurveri, Austurveri og Glæsibæ leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar 897 5470 milli kl. 9-16 Umsóknareyðublöð á netinu www.bakarameistarinn.is**

SÍMSTÖÐIN

### Kvöld og helgarvinna

Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

## Þjónusta


Glæsilegt tilboð á Dong Fang Salon:

Allar vaxmeðferðir með 20% afslætti!
Gildir til 1. október.

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方 DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR


## Þjónusta


Langar þig í frían nuddtíma?
Keyptu 5 tíma í nuddi að eigin vali og fáðu 1 tíma frían.
Tilboðið gildir til 1.október



東方 DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR



DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR SÍMI: 444-4085
Opið virka daga frá kl.11.00-21.00 Laugardaga frá 10.00-18.00

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

### Kornið
Kornið óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu, annars vegar í fult starf og einnig frá 13:00-18:30 Uppl. í s. 864 1593 Ella fyrir kl. 18:00

PLAYERS KÓPAVOGUR

Players óskar eftir starfsfólki í sal, bar og dyravörslu. Góð vinna með skóla. Uppl. í s. 544 5514 eða joi@players.is

### Vaktstjóri Select
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra á Select Vesturlandsvegi. Nánari upplýsingar veitir Þorbjörg stöðvarstjóri í síma 587 9730 eða á starf@skeljungur.is. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.**

### Starfsmaður í barnafataverslun
**Starfsmaður óskast til starfa í barnafataverslun 3 daga í viku frá kl. 13-18.**
**Upplýsingar í s. 690 0077, Elva.**

ALORKA

### HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA.
Við óskum eftir að ráða trausta starfsmenn á þjónustustöðvar okkar í Reykjavík og á Akureyri. Um er að ræða tímabundin störf í haust. Áhugasamir hafi samband í síma 577 3080 eða á alorka@alorka.is

### Bakarí
Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl. 06-13. Möguleiki á helgarvinnu. Uppl. í s. 551 1531, f.h. Ingunn, eða á staðnum fyrir hádegi. Björnsbakarí, við Skúlagötu.

Vantar fólk í vinnu við þakpappalagnir. Fullt starf. Uppl. í s. 849 3106.

Háseti óskast á línubát. Upplýsingar. í síma 864 8096

**Vantar mann í hellulagnir og lóðafrágang. S. 698 0098.**

## Atvinna óskast

### Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vandvirk og traust. Uppl. í s. 693 6878.

velamaður, vanur verkstjórn, með meira prof og adr, vanur vinnu vélum, getur byrjað strax, upplys i sima 8650364

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Hefur þú séð Dödu? Eyrnamerkt 1346. Ef svo, vinsamlega hafðu samband. S. 899 3281.

## Einkamál

### Stefnumót.is
Nýr vefur: „Þar sem íslendingar kynnast“. Nýttu þér vandaðan vef fyrir fólk sem gerir kröfur! Vertu velkomin/n.

### Leitar þú að dansfélaga?
Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast dansfélaga við hæfi. Stefnumót.is.

### Viltu eignast nýja vini?
Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast nýju fólki á þínum forsendum. Stefnumót.is

### Leitar þú varanlegra kynna?
Ertu í makaleit? Leitar þú að rómantík? Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast fólki sem leitar þess sama og þú. Stefnumót.is.

### Yndislegar dömur
Nú kólnar í veðri og þá hitnar hjá dömunum á Rauða Torginu, síbreytilegum hóp yndislegra kvenna. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg) og 535 9999 (kreditkort). Nánar á www.raudatorgid.is

### SÍMAÞJÓNUSTUR
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

### Símaþjónusta Spjalldömur
**S. 908 6666 opið allan sólarhringinn.**




## Til sölu

### Gul-Mótaborð, - Dregarabitar
Eigum gul mótaborð. 50x300 á góðu verði.
Verðdæmi kr. 1240.-/ lm
Einnig dregarabita. H-20 í flestum lengdum
meðalverð kr. 1410.-/ lm
**Þýsk gæðavara.**
**ASETA ehf Tunguháls 17-19 s. 5331600**

## Atvinna

RAMMI

### Vélstjóri
1. vélstjóri óskast á Fróða II ÁR 38 (681 kw) sem gerður er út frá Þorlákshöfn á humartroll og snurvoð. **Áhugasamir hafi samband við rekstrarstjóra, gsm 899-1785**

SÓMI Júmbó

## ÚTKEYRSLA
Sómi - Júmbó óskar eftir að ráða bílstjóra, viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Reglusemi, stundvísi og góð framkoma skilyrði. Keyrt er út á bíl fyrirtækisins og er unnið frá 5 á morgnana fram á miðjan dag.

**Upplysingar á staðnum eða senda umsókn á siggi@jumbó.is**

Sómi - Júmbó, Gilsbúð 9 Garðabæ.

### Fjölbreytt skrifstofustarf
## Heyrnarhjálp
félag heyrnarskertra á Íslandi.

### Við leitum að öflugum starfmanni í hlutastarf
Viðkomandi þarf að hafa góða almenna menntun, vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa gott vald á íslensku, tölvufærni, ríka þjónustulund og gott viðmót. Kostur að hafa vald á erlendum tungumálum, færslu bókhalds og reynslu af félagsmálum.

Heyrnarhjálp er vaxandi félag og okkar markmið er að bæta hag heyrnarskertra og þjónustu við þá. Í þessu starfi gefst tækifæri til frumkvæðis og uppbyggingar á félaginu. Góð vinnuaðstaða.

Frekari upplýsignar um starfið veitir framkvæmdastjóri, Málfríður Gunnarsdóttir, í síma 89 89 636.

**Umsóknarfrestur er til 18. september n.k.**

**Heyrnarhjálp, Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík**
**Sími: 551 5895 • Fax: 551 5835 • Veffang: heyrnarhjalp.is**
**netfang: heyrnarhjalp@centrum.is**

### Fasteignablaðið
Sími:
**512 5469**
**694 4103**



Ruth Bergs
ruth@365.is

## Fasteignir

### Leifsgata 25
101 Reykjavík
Rólegur staður

**Stærð: 70,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1943**
**Brunabótamat: 11.350.000**
**Bílskúr: Nei**

**Opið Hús**



**Í dag kl. 18.30-19**
**Verð: 21.500.000**

Skemmtileg 3ja herb íbúð í kjallara í litlu fjölbýli í mjög rólegu hverfi Skipulag íbúðar er skemmtilegt og óhefðbundið ef svo mætti að orði komast. Nýlega var skipt um skólp í húsi. Þak var tekið í gegn fyrir ca.3árum. Gluggar í íbúð eru nýlegir

RE/MAX Eignastýring



Svana Ingvaldsdóttir
8669512
svana@remax.is

**RE/MAX Eignastýring - Síðumúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5344040 - www.remax.is**

## Atvinna

M·A·C

# VILTU VERÐA HLUTI AF ÖFLUGU TEYMI
## SEM FER ÓTROÐNAR SLÓÐIR VIÐ SÖLU Á SNYRTIVÖRUM?

MAC óskar eftir að ráða förðunarfólk til starfa í verslun sína í Kringlu.

Starfsmenn MAC hafa brennandi áhuga á förðun og tísku. Þeir eru menntaðir í förðun, sýna frumkvæði og hafa mikla þjónustulund. Við leitum að fólki sem vill bætast í hópinn. Við auglýsum eftir fólki í hlutastörf.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá ásamt mynd á bjorg@artica.is fyrir 11. september.

## M·A·C KRINGLUNNI, 2 HÆÐ

Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000
Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is
Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009



# Skipholt 50a

Kynnum mjög vel staðsettar nýjar íbúðir stutt frá miðbæ Reykjavíkur.

Nýjar rúmgóðar 2-3 herb. íbúðir frá 58 fm. – 147 fm. Þær eru fullbúnar með parketi á gólfum nema böð eru flísalögð, eldhúsin eru með tækjum úr stáli og hvítum innréttingum. 1. hæð með útgengi í garð/verönd og gott aðgengi fyrir hjólastóla. Voldugt anddyri er sameiginlegt fyrir allar íbúðirnar. Ýmis eignaskipti möguleg. Tilvalið fyrir einstaklinga, leigufélög eða félagasamtök.

**Verð frá 20.9 millj.**





Leitum að góðri eign í Þingholtum fyrir fjársterkan aðila

Leitum að húsi í Smáíbúðahverfinu með tveimur íbúðum.

Erum með kaupanda að einbýlishúsi við Skerjafjörðinn.

Leitum að stórri sérhæð, par- eða raðhúsi á svæði 107 og 170. Verð allt að 60 millj.



**Álakvísl - 4ra herb. Sérinngangur**
115,1 fm. endaíbúð með sérinngangi í þríbýli ásamt 30 fm. stæði í bílgeymslu, alls 145,1 fm. Uppgerð fyrir þremur árum. S.V. svalir. Laus við kaups. Verð 34,9 millj.



**GRENIMELUR- 88 fm NEÐRI SÉRHÆÐ**
Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, 2 svefnh., saml. stofur og bað. Eignin hefur verið flott endurnýjuð á síðustu 4 árum.
Verð 32.5 millj.



**Stórikriki - Mosfellsbæ**
250 fm.vandað gullfallegt einbýlishús á einni hæð ásamt stórum bílskúr. Hönnun allstaðar í fyrirrúmi. Sjá frekari uppl á stakfell.is. Verðtilboð



**Öldugata - Virðulegt einbýli.**
245,4 einbýlishús a 3 hæðum. Húsið er mjög virðulegt og vel við haldið. Mikið endurn. þ.a.m. eldhús, gler, rafmagn, gólfefni. Séríb. í kj. Bílskúr. Verð 110 millj.



**Langagerði-Einbýli**
260 fm. tvílyft auk 55 fm. bílskúr. Hol, stigi, 2 stofur, eldhús, borðstofa, bað. Í risi eru 2 svefnh., hol og bað. Í kjallara er 2ja herb.íbúð Verð 57 millj.



**Kirkjuvegur - Nýtt**
Nýtt 200 fm hús nálægt miðbæ Hafnarfjarðar. Innb. bílskúr. Húsið er fullbúið að utan múrað hvítlituðum múr og tilbúið til innréttingar. Hiti í gólfum. Tilboð óskast.



**Bollagarðar - Seltjarnarnesi - Útsýni.**
200 fm. tvílyft einbýlishús m/bílskúr á Seltjarnarnesi. Nýtískulegar innréttingar. S-verönd með timbur skjólveggjum. Frábært útsýni til Esjunnar og út á flóann. Verðtilboð



**Stararimi - Einbýli**
165 hús á einni hæð, þar af 32.3 bílskúr, við rólega götu. Vönduð eign á frábærum stað. Til S.V. er stór afgirt hellulögð verönd. Mikið útsýni. Verð 52,5 millj.



**Garðhús - raðhús**
192.5 fm raðhús í Grafarvogi. Húsið allt innréttað á vandaðann máta. Garður með sólpalli mót suðri. Innb. bílskúr. Verð 53 millj.



**Bakkasel - Raðhús**
264 fm tvílyft raðhús með sér kjallara í snyrtilegum botnlanga í Seljahverfinu. 19,5 fm. bílskúr innif. fm. fj. Skjólsæll og fallegur garður. Hitalagnir að húsi. Verð 49,5 millj.



**Kúrland 19 - Raðhús.**
300 fm tvílyft raðhús. Efri hæð: anddyri, stofa, eldh., 4 herb. og bað. Neðri hæð: forst., hol, 4 herb., bað, þvottah. og geymsla. Verðtilboð



**Safamýri - Efri sérhæð**
162 fm sérhæð í þríbýli í 105, Reykjavík. Bílskúr. Búið er að taka eignina alla glæsilega í gegn að utan sem og innan. Verðlaunagarður 2007. Tilboð óskast



**Norðurbakki - "Penthouse"**
Glæsileg 121 fm íbúð á 4.hæð. Stórar saml. stofur - hátt til lofts. Tvö stæði í bílageymslu. Afhendist án gólfefna. Verð 57 millj



**Álftamýri - 3ja herb.**
82 fm endaíbúð 105 í Reykjavík. Parket og flísar á gólfum. Í kjallara er geymsla, þvottahús og hjólag. Verð 22,9 millj.



**Hagamelur - 3ja herb**
70,4 fm. bjarta íbúð á efstu hæð í V-bæ Rvk. Stutt í H.Í. og miðbæinn. Parket og flísar á gólfum. Verð 22,9 millj.



**Stórholt - 3ja herb**
67 fm íbúð mjög miðsvæðis í 105 Reykjavík. Íbúðin er björt. Parket og hurðar úr Eik. Verð 23.5 millj



**Háholt - 5ra herbergja**
113,6 m2 íbúð á þriðju hæð á þessum fallega stað í Hafnarfirði. Vel skipulögð og björt íbúð í nánd við golfvöllinn Keilir. Stutt í leikskóla og barnaskóla.
Verð 24,9 millj.



**Ásvallagata - 3ja herb**
70,3 m² íbúð á 2. hæð við Ásvallagötu, 101 Rvk. Íbúðin er í hol, bað, 2 svefnh., eldhús og stofa. Stutt í H.Í. Verð 21.8 millj.



**Þingholtsstræti - 2ja herb. ÚTSÝNI**
Íbúðin 80 fm. skiptist í opið rými með stofu, eldhúsi og borðstofu, 1. svefnh. og bað. Góðar svalir. í kjallara þvottah. og sér geymsla.
Verðtilboð



**Rauðarárstígur - 2ja herb.**
48 fm íbúð á 1. hæð, 101 Rvk. Hvítar fulninga innr. í eldhúsi. Bað flísalagt. Geymsla og þvottur í kjallara. Stæði bakatil. Verð 15.5 millj



**Herjólfsgata- 60 ára +**
96 fm. 2ja herb. útsýnisbúð á efstu hæð í lyftuhúsi. Stofa, eldhús, svefnh., milliloft og bað. Stór geymsla. Bílageymsla m/þvottaaðstöðu. Verð 32.9 millj.



**Melalind Kóp. - 2ja herb. Útsýni**
63 fm íbúð á jarðhæð með 40 fm sólpall. Íbúðin er hol, bað, svefn., stofu, eldhús og geymsla. Parket og flísar á gólfum.Verð 19.9 millj



**Nýbýlavegur - 2ja herb. með bílskúr.**
77.6 fm íbúð á 2. hæð. Þar af er bílskúrinn 27,4 fm. Búið er að endurnýja gólfefni og bað mjög smekklega. Verð 19.9 millj.



**Hólmgarður - 2ja herb**
Nánast algjörlega endurnýjuð 2ja herbergja 62,4 m² íbúð á fyrstu hæð (jarðhæð) við Hólmgarð, Reykjavík. Verð 20.4 millj.



**Njörvasund - 2ja herb**
71,8 fm herbergja íbúð í kjallar í fallegu þríbýlishúsi á þessum vinsæla stað í sundunum. Verð 19.8 millj



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og mágur,

**Guðni Sigurjónsson**

Rauðagerði 28, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans föstudaginn 5. september. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. september kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Björgunarsveitina OK, reikningur nr. 1103-26-9342 kt. 530679-1449.

**Elínborg Kristinsdóttir**
**Hildur Guðnadóttir**
**Arnar Guðnason** **Hafdís Hafsteinsdóttir**
**Sigurjón Guðnason** **Inga Hildur Þórðardóttir**
**Ragnheiður, Þórhildur, Ágúst, Magnús Bjarki, Arndís Ósk, Guðni Freyr, Kristinn Snær og Viktor Hrannar**
**Magnús Kristinsson.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Bjarni Hannes Ásgrímsson**

frá Suðureyri v/Súgandafjörð,
Höfðabraut 7, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 2. september. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 11. september kl. 14.00.

**Auður Minný Árnadóttir**
**Anna Bjarnadóttir**
**Sólrún Bjarnadóttir**
**Benedikt Bjarnason** **Stella Hjaltadóttir**
**Anton, Bjarni Ingi, Dagur og Auður Líf.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ari Benjamínsson**

bifreiðarstjóri,
Hringbraut 2a, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala Hafnarfirði 6. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Ólafsdóttir**
**Sóldís Aradóttir** **Jóhannes Harðarson**
**Ólafur Arason** **Agnes Arthúrsdóttir**
**Ingibjörg Þ. Aradóttir** **Guðmundur Sigurjónsson**
**Draumey Aradóttir** **Lars Nyström**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Soffía Ólafsdóttir**

Viðjugerði 12, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju í dag, þriðjudag kl. 15.00.

**Björg Ingólfsdóttir**
**Ágústa Ingólfsdóttir**
**Ólafur Ingólfsson** **Bjarghildur Jósepsdóttir**
**Hrafnhildur Ingólfsdóttir** **Magnús Á. Magnússon**
**Finnbogi Ingólfsson** **Kristín Birna Jakobsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og hluttekningu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Þóru Abigael Þorvarðardóttur**

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði.

Guð blessi ykkur öll.

**Hafsteinn Viðar Halldórsson** **Erla S. Engilbertsdóttir**
**Hafdís Abigael Gunnarsdóttir** **Garðar S. Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**LEIKKONAN MICHELLE WILLIAMS ER 28 ÁRA Í DAG.**

*„Ég og fjölskyldan hans fylgjumst með Matildu litlu hvísla að trjánum og faðma dýr og finnum að hann er enn á meðal okkar.“*

***Michelle Williams um barnsföður sinn og fyrrum sambýlismann, Heath Ledger, sem féll frá á árinu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9. SEPTEMBER ÁRIÐ 1926

## *Fjölmiðlafyrirtækið NBC stofnað*



Bandaríska fyrirtækið National Broadcasting Company, NBC, var stofnað af Radio Corporation of America, RCA, á þessum degi árið 1926. Það var fyrsti risinn meðal ljósvakamiðla í Bandaríkjunum.

NBC var upphaflega í eigu fyrirtækjanna General Electric, Westinghouse og RCA og höfuðstöðvar þess í Rockefeller-byggingunni í New York þar sem þær eru enn. Fyrirtækið hefur tekið ýmsum breytingum undir handleiðslu ólíkra aðila og haft mikil áhrif í sjónvarpi og útvarpi. General Electric keypti meirihluta í því árið 1986 fyrir 6,4 billjónir dollara. Bob Wright varð forstjóri fyrirtækisins eftir yfirtökuna en Jeff Zucker tók við. Fyrirtækið er nú í eigu NBC Universal, sem er hluti af General Electric og Vivendi.

NBC er aðgengilegt á 112 milljónum heimila í Bandaríkjunum eða 98,6 prósentum bandarískra heimila. Það á tíu starfandi sjónvarpsstöðvar og næstum 200 fyrirtæki sem tengjast starfssemi þess í Bandaríkjunum og yfirráðasvæðum þeirra.

Krossaskilti
Skilti á leiði
2.990 kr. stk.
MARKO MERKI
AUGLÝSINGAVÖRUR
SKILTAGERÐ
www.marko.is
565-1999

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**SVEINSBAKARÍ:** MEÐ BRAUÐ ÁRSINS 2008 Á ALDARAFMÆLINU

# Gott gengi á afmælisári

Sveinsbakarí fagnar 100 ára afmæli á árinu en það var stofnað af Sveini Hjartarsyni á Bræðraborgarstíg árið 1908. Svo skemmtilega vill til að nú á afmælisárinu sigraði Kristján P. Sigmundsson, bakari hjá Sveinsbakaríi til tuttugu ára, keppni um brauð ársins 2008 og er eigandinn Hjálmar E. Jónsson að vonum ánægður með þá tilviljun.

Kornax stóð fyrir keppninni nú fyrir skömmu í samstarfi við Landssamband bakarameistara og var það Sportbrauð Kristjáns sem vakti mesta lukku á meðal dómara en þeir höfðu ekki hugmynd um hvaðan brauðin í keppnina komu. Það er hollt og matarmikið og mun vera í boði hjá flestum bakaríum á komandi vetri. „Ef það vekur almenna ánægju vonumst við til að það sé komið til að vera,“ segir Hjálmar.

Hann byrjaði að vinna í Sveinsbakaríi aðeins sextán ára en þá var það til húsa að Vesturgötu 52 og í eigu Guðmundar Ágústssonar. Hjálmar hefur síðan haldið tryggð við bakaríið, ef frá er talið eitt ár, og keypti það árið 1982 ásamt Atla Edgarssyni.„Þá fluttum við upp í Nóatún og rákum þar heildsölubakarí og bökuðum aðallega fyrir Nóatúnsverslanirnar og spítalana.“ Árið 1989 keypti Hjálmar Atla út úr rekstrinum og flutti bakaríið í Arnarbakka 4-6 þar sem það það hefur verið allar götur síðan. Þá eru útibú í Skipholti 50b og Engihjalla 8.

Hjálmar segir mikið hafa breyst á þeim rúmu 30 árum sem hann hefur starfað í greininni. „Tegundunum hefur fjölgað og margar af þeim gömlu eru dottnar út, segir Hjálmar sem fann sína hillu snemma og finnst alltaf jafn gaman að baka.

Fjórir bakarar og tveir aðstoðarmenn starfa í fyrirtækinu en í allt eru starfsmennirnir 22. Hjálmar segist ekki eiga von á því að hann stækki við sig en stefnt er að því að verslunin í Skipholti fái andlitslyftingu á næstu mánuðum. Þá geta viðskiptavinir átt von á því að sérstök afmæliskaka verði fáanleg í bakaríunum þegar líða tekur á vetur.

**vera@frettabladid.is**



**SKEMMTILEG TILVILJUN** Hjálmar eigandi Sveinsbakarís og Kristján bakari þar til tuttugu ára eru að vonum kampakátir með að hafa unnið keppni um brauð ársins 2008 nú þegar bakaríið á stórafmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Jónsdóttir**

Hraunvangi 7, Hafnarfirði, áður til heimilis að Suðurgötu 61, Hafnarfirði,

sem lést þriðjudaginn 2. september, verður jarðsungin fimmtudaginn 11. september kl. 15.00 frá Hafnarfjarðarkirkju.

**Vilborg Pálsdóttir** **Þráinn Kristinsson**
**Katrín Pálsdóttir**
**Anna María Pálsdóttir** **Per Landrö**
**Páll Gunnar Pálsson** **Ólína Birgisdóttir.**



Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Sigurðardóttir**

áður til heimilis að Smárahlíð 10E, Akureyri,

andaðist sunnudaginn 24. ágúst að Dvalarheimilinu Hlíð. Útförin fer fram frá Glerárkirkju, miðvikudaginn 10. september kl. 14.00.

**Laufey Sigurbjörnsdóttir**
**Guðmundur Sigurbjörnsson** **Ásdís Loftsdóttir**
**Þorsteinn Sigurbjörnsson**
**Gunnar Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur maðurinn minn,

**Benedikt Reynir Valgeirsson**

Sigtúni 45, Reykjavík,

er látinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Hulda Karlsdóttir.**



Elskuleg kona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lilja Þorleifsdóttir**

frá Litlanesi á Gjögri í Strandasýslu, búsett á Áshamri 5, Vestmannaeyjum,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja þann 4. september síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Landakirkju laugardaginn 13. september kl. 14.

**Brynjúlfur Jónatansson**
**Halldór Guðbjarnason**
**Ragnheiður Brynjúlfsdóttir** **Smári Grímsson**
**Hjálmar Brynjúlfsson** **Margrét Ársælsdóttir**
**Anna Brynjúlfsdóttir**
**Rúnar Páll Brynjúlfsson** **Edda Sigurbjörg Jóhannsdóttir**
**Brynhildur Brynjúlfsdóttir** **Rafn Pálsson**
**Steinunn Jónatansdóttir** **Óðinn Steinsson**
**ömmubörn og fjölskyldur þeirra.**

# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI

**6. SEPTEMBER TIL 14. SEPTEMBER**

**Afgreiðslutímar:**

**Laugardag og sunnudag 10-18**
**Mánudag - föstudag 12-18**

## GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR VETURINN

### 66°Norður

Jakkar..........................frá 5.000 kr.
Flíspeysur......................frá 2.500 kr.
Dúnúlpur.......................frá 8.000 kr.
Krakka jakkar...............frá 5.000 kr.
Regnjakkar barna............. 1.500 kr.
Krakka flíspeysur............. 2.500 kr.
Barna flísbuxur.................1.000 kr.
Vinnu flíspeysur..............2.000 kr.
Vinnuúlpur........................3.000 kr.
Vind jakki.........................2.500 kr.
Vind buxur........................1.000 kr.

### Skór

Herraskór frá........................ 2000 kr.
Dömuskór frá........................ 1000 kr.
Barnaskór frá........................ 500 kr.
Ecco dömuskór frá. 5000 áður 11995 kr.
Dömustígvél frá. 6000 áður 14995 kr.

**Markaðurinn í fullum gangi**
**Fyllum á vörur daglega**



Kaupfélagið

66° NORÐUR

ecco

skór.is

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN






NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

# Ranghugmynd mín um útlit Íslands

Ég lét gamlan draum rætast um helgina og fór hringinn. Skoðaði Ísland. Tók myndir út um gluggann, borðaði dýran mat á ferðamannastöðum og lét verða af því að sjá Kárahnjúkavirkjun og Skógafoss.

Við það að ferðast um landið gerði ég mér grein fyrir því hvað hugmynd mín um Ísland er ólík því Íslandi sem svo bar fyrir augu. Kárahnjúkavirkjun var mun óaðgengilegri, ljótari og kaldari en ég hefði getað ímyndað mér. Eins var Seyðisfjörður minni, Skaftafell gróðursælla, Snæfellsnes hrjóstugra. Sandarnir voru ljósari en í myndabókunum, Suðurland fullt af fjöllum sem enginn hefur sagt mér frá og áður en ég vissi af var hringurinn búinn. Ég sem hélt að þetta tæki óratíma.

Einhver hafði fyllt mig af ranghugmyndum eða er það minn eigin hugur sem hefur teiknað allar þessar fölsku myndir?

Það er frekar skrítið að komast að því að maður veit ekkert um sitt eigið land. Maður kann að teikna upp glansmyndina fyrir útlendinga sem um það spyrja en er tilbúinn að mála skrattann á hvaða vegg sem er þegar ræða á Ísland við Íslendinga. Hvorugt á raunverulega innstæðu nema að litlu leyti. Ísland er miklu fallegra en við segjum vinum okkar í Útlandinu frá. Því er ástand þjóðmálanna ennþá verra en við ræðum við nágrannann.

Það hafa allir gleymt því hvernig Ísland lítur út í raun og veru, sérstaklega okkar margblessaða ríkistjórn. Ég mæli með að fólk kíki sjálft upp á hálendi, fari á kanó um Skjálfanda og líti Bakka. Sjái friðlönd og þjóðgarða Íslands, áður en allt fer að líkjast afstyrminu við Kárahnjúka og myndin af landinu skekkist enn frekar.



# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












# Flóm fjölgar á franska farsanum

Fló á skinni var frumsýnd norður á Akureyri snemma á þessu ári. Hún var hugsuð til að draga að gamla samkomuhúsinu þúsundir áhorfenda, fullnægja þeim tilgangi leikhússtjórans að fylla húsið og fylgja þannig eftir fyrri aðsóknarsýningum. Mikið var í lagt, leikarahópurinn í sýningunni er stór miðað við þá tekjumöguleika sem sætafjöldi gaf. Kvöldkostnaður var því hár nema sýningarfjöldi í hverri viku færi yfir meðallag. Aðstaða í gamla samkomuhúsinu er þröng og verður það áfram þar til félagið fær sýningaraðstöðu í nýju menningarhúsi.

Flóin var afar vinsæl nyrðra. Gamalt orðspor frá sviðsetningum LR 1972 og 1990 gaf góða forkynningu. Gísli Rúnar Jónsson íslenskaði verkið og leikstjórn var falin Maríu Sigurðardóttur sem hafði fyrr átt vinsælar sviðsetningar á försum í Reykjavík. Auglýsingaherferð var vel hugsuð og skilaði sínu.

Flóin er siðagamanleikur, einn margra sem urðu til í byrjun 20. aldar í samfélögum þar sem borgaraskapur gat skemmt sér í daðri við lausung í samskiptum kynjanna. Hið forboðna kynlíf sem virtur mórall fordæmdi var látlítil uppspretta gamanmála, kokkállinn og sá kokkálaði, hið synduga frelsi konunnar var milli tannanna á fólki. Mörg þessara verka bárust hingað upp og nutu vinsælda í staðfærslum Emils Thoroddsen, fléttur smituðust yfir í revíurnar, fyrir miðja öldina. Hinn vammlausi beturstæði borgari var í oddinum, illa leikinn af kringumstæðum blekkinga og aðdróttana.

Húmorlaus virðulegur kall á miðjum aldri verður í Flónni harðar leikinn sökum þess að hann á sér tvífara, aulabárð, mannhrak sem ofan í kaupið er saupsamur. Snilld verksins liggur í byggingunni sem er verkfræðilegt undur sem heimtar af aðalleikaranum tíð fataskipti og hamskipti í bókstaflegri merkingu: einn leikur tvo sem eru eins og þó ólíkir - gerólíkir.

Texti verksins er í sjálfu sér ekki fyndinn, það eru manngerðirnar sem eru skoplegar í stílfærslu sem jaðrar við að vera fordómafull, holgóma maður, stúlka sem talar bjagað og vitlaust mál. Gísli bætir um betur, þriðji maðurinn er kominn til sögunnar sem talar brotið mál. Allar aðrar persónur eru venjubundnar í málsniði.

Í vinnslu Gísla með textann verður fyndnin fyrst og fremst bundin í snjöllum tilsvörum - sumum reyndar nokkrum teygðum en eins og hans er von og vísa víða fjarska fyndnum. Kringumstæðurnar verða þannig í öðru sæti, hin neyðarlega situasjón er víða borin ofurliði af eigindum samtalsins.

Í hinum klassíska gamanleik eru persónur og kringumstæður fyndnar eins og við sjáum til dæmis í sketsum hinna íslensku höfunda síðari ára. Það er fasið, hvernig fólk ber sig sem er fyndið, frekar en hið sagða sem er oft flatneskjulegt. Í Flónni bætist við „slapstick“, gríðarlega hraður leikur sem er fyrst og fremst líkamlegur.

Nú er þessari síðbornu gagnrýni á sýningu Leikfélaga Akureyrar og Reykjavíkur varla ætlað að hafa áhrif á velgengni hennar: Fló á skinni er þegar orðin massasýning – uppselt á þriðja tug sýninga hér í Reykjavík eftir metaðsókn nyrðra. Fólk mun skemmta sér á sýningunni. Leikstíllinn er losaralegur, jafnvel kærulaus hjá einstaka leikurum, eins og Þresti Leó Gunnarssyni, Jóhannesi Hauki Jóhannessyni, sviplítill eins og hjá Lindu Ásgeirsdóttur og Tinnu Lind – týpur geta þær ekki búið til úr þessum stúlkum. Öðrum tekst það aftur: Halldóri Gylfasyni til dæmis.

Mér þótti áhugaverðast að sjá Atla Þór Albertsson, Hallgrím Ólafsson og Kristínu Þóru Haraldsdóttur á sviðinu. Þau takast öll á við bjagað mál, eru sterk í líkamlegri beitingu, þótt þeirra frammistaða eins og flestra í sýningunni líði fyrir ómarkvissar stöður til að flytja hljóðið í salinn víðan. Það hefur reyndar verið þraut mörgum sem stíga á stóra svið Borgarleikhússins í fyrsta sinn. En þar sem fyndni byggir mest á orðum er afar mikilvægt að það heyrist til manna. Stórir kaflar í sýningunni týnast, heyrast illa. Það er engin afsökun þótt hlátur kæfi orðaskil. Sýningin á Flónni er búin að vera svo lengi á sviði að menn eiga að kunna að leika á móti hlátri, kunna að taka þögnina, halda spennunni og láta næsta svar falla. Þetta er galli sem á að laga skipulega. Og í tilviki þessara þriggja er það nauðsynlegt því öll eru þau að vinna skipulega og af hörku.

Stundum er sagt að gamanleikurinn sé þyngsta þraut allra stíla í leikhúsi. Það er náðargáfa að kunna kómedíu. Guðjón Davíð Karlsson er flinkur leikari. Hann er fullungur fyrir hlutverkið og svipur hans alla jafna tvíræður: honum hentar ekki húmorslaust fas og fyrir bragðið nær hann ekki sannfærandi tökum á hrakfallabálknum Jóhannesi Ringsted – hinn helmingur hans á sviðinu – Klemmi – er í yfirfærslu Gísla Rúnars undarlegur samsetningur, stundum eins og hryðjuverkamaður í fléttunni, trúður með sjálfstæða tilveru, óútreiknanleg stærð, maður sem er til alls líklegur, enginn auli. Og þó Guðjón berjist eins og hetja verður verkefnið honum einfaldlega ofviða.

Þúsundir áhorfenda verða á öðru máli. Sigurganga farsa er smit, rýfur garða sem hið borgaralega leikhús er aflukt í. Og það er alltaf fagnaðarefni þegar fólk streymir í leikhús, jafnvel þegar sviðsetningar skortir aga hins þaulhugsaða stíls.

**Páll Baldvin Baldvinsson**



**LEIKHÚS** Gísli Rúnar Jónsson er raunar stjarna kvöldsins á Flónni og skyggir jafnvel á höfundinn – hann er hvort eð er dauður.

**LEIKLIST**

**Fló á skinni eftir George Feydeau í leikgerð og þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar.**

Leikstjóri: María Sigurðardóttir. Leikmynd: Snorri Freyr Hilmarsson. Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson.

★★

Rysjóttur farsi en víða fyndinn



**BARDUKHA** Hljómsveitin leikur heimstónlist á Café Rosenberg á fimmtudagskvöld.

# Heimstónlistin ómar

Hljómsveitin Bardukha kemur fram á tónleikum á Café Rósenberg við Klapparstíg kl. 21 á fimmtudagskvöld. Bardukha leikur margvíslega heimstónlist, en sú tónlistarstefna er sífellt að sækja í sig veðrið hér á landi. Nýir meðlimir hafa bæst í hljómsveitina; þeir Haukur Gröndal sem leikur á klarínett og fiðluleikarinn Matthías Stefánsson. Upprunalegir meðlimir Bardukha eru enn á sínum stað, Ástvaldur Traustason á harmóníku, Birgir Bragason á bassa og Steingrímur Guðmundsson á slagverk. Miðaverð á tónleikana er 500 kr. - vþ

ÍSLAGNIR
Löggildir rafverktakar
Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur
Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is



**> TVÍBURAR?**

Fregnir herma að Ashlee Simpson og Pete Wentz muni bætast í ört stækkandi hóp tvíburaforeldra í Hollywood. Vinur tónlistarmannsins staðfesti við fjölmiðla á dögunum að þau ættu von á tvíburum, en þau hafa áður vísað því á bug. Áætlað er að börnin komi í heiminn á hrekkjavökunni 31. október.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Britney kom, sá og sigraði

Söngkonan Britney Spears kom, sá og sigraði á verðlaunahátíð MTV-stöðvarinnar í Los Angeles þegar hún vann þrenn verðlaun fyrir myndbandið við lag sitt Piece Of Me. Meðal annars hlaut hún stærstu verðlaun kvöldsins, eða fyrir myndband ársins.

Britney var harðlega gagnrýnd fyrir frammistöðu sína á sömu hátíð í fyrra en núna leit hún vel út og steig hvergi feilspor. Þakkaði hún Guði fyrir að hafa blessað hana þegar hún tók á móti verðlaunum sínum. Um tímamót var að ræða fyrir Britney því fyrir hátíðina hafði hún sextán sinnum verið tilnefnd til MTV-verðlauna fyrir myndbönd sín án þess að bera sigur úr býtum. „Ég átti ekki von á þessu,“ sagði hún. „Þetta er mikill heiður fyrir mig. Ég vil þakka aðdáendum mínum. Þetta er tileinkað ykkur.“

Á meðal fleiri verðlaunahafa voru Pussycat Dolls, Linkin Park, Lil Wayne og Chris Brown. Rapparinn Kanye West, sem kvartaði undan því á síðustu hátíð að fá engin verðlaun, endurtók leikinn í Los Angeles og fór tómhentur heim.



**TAKK FYRIR MIG** Britney Spears þakkaði Guði og aðdáendum sínum fyrir verðlaunin sem hún hlaut fyrir Piece of Me.

# Heimsendir á morgun?
# Ekki gera þetta í dag!

10. Skrifa langt lesendabréf með yfirskriftinni „Enn um línuívilnun“.

9. Semja við Skattinn.

8. Byrja á Stríði og friði.

7. Taka til í bílskúrnum.

6. Horfa á myndir með Rob Schneider.

5. Panta þér DNA-rannsókn.

4. Byrja á agúrkukúr.

3. Hlusta á heildarverk Yoko Ono.

2. Kaupa ósamsett húsgögn.

1. Fara til spákonu.



**HEIMSENDIR Á MORGUN?** Á morgun verður kveikt á Large Hadron risarafalnum í Sviss til að rannsaka hvað gerðist í Miklahvelli. Þeir svartsýnustu telja að svarthol myndist í kjölfarið sem jörðin og við öll munum sogast inn í á ógnarhraða.



**TROÐIÐ** Áhorfendur á öllum aldri gátu glaðst yfir útgáfutónleikum Mammút í Iðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SJÓÐHEIT** Mammút hefur fest sig í sessi sem ein áhugaverðasta rokkhljómsveit landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Troðið á Mammút í Iðnó

Hljómsveitin Mammút fagnaði útgáfu nýrrar plötu, Karkara, á föstudagskvöldið með tónleikum í Iðnó. Eins og sjá má á þessum myndum var sveitinni vel tekið, mikið af fólki var í húsinu og eru gagnrýnendur, hvað þá áhorfendur, sammála um að nýjasta afsprengi sveitarinnar sé með endemum gott.

Blöðrur og diskókúla settu svip sinn á þetta annars sögufræga hús, en það hentaði hópnum vel. Ekkert aldurstakmark var á tónleikana og því mættu áhorfendur á öllum aldri til að hylla hljómsveitina.

Til upphitunar spilaði raftónlistarmaðurinn Klive og var vel tekið.

Næstu tónleikar Mammút verða á Tunglinu næsta laugardag á hinu svokallaða Iceland Music Festival, en nýtt lag þeirra, Geimþrá, er komið í spilun á öllum helstu útvarpsstöðvum.

- kbs



# Aðdáandi réðst á Noel

Brjálaður aðdáandi réðst á Noel Gallagher, gítarleikara Oasis, á tónlistarhátíðinni V Festival í Toronto fyrir skömmu. Þegar hljómsveitin var að spila lagið Morning Glory stökk hann upp á sviðið og ýtti Gallagher í jörðina.

Náunginn var umsvifalaust handsamaður af öryggisvörðum og nokkru síðar ákærður fyrir líkamsárás. Eftir árásina gerði Oasis stutt hlé á spilamennsku sinni en hélt síðan ótrauð áfram og spilaði sex lög í viðbót, þar á meðal Don´t Look Back in Anger, Wonderwall og Bítlalagið I Am the Walrus.



**NOEL GALLAGHER** Ráðist var á Gallagher á tónleikum í Toronto fyrir skömmu.



**SAMA HVAR ÞÚ ERT** Grafíklistamaðurinn Kristjan Zaklynsky vann myndbandið við lagið Sama hvar þú ert.

# Gefur út myndband

Páll Óskar Hjálmtýsson hefur gefið út nýtt myndband við lagið Sama hvar þú ert sem verður á safnplötunni Silfursafnið sem kemur út 1. nóvember.

Myndbandið var unnið af grafíklistamanninum Kristjan Zaklynsky og hægt er að nálgast það á síðunum youtube.com/thisispauloscar, myspace.com/palloskar og á tonlist.is. Sama hvar þú ert er eftir Sigurjón Kjartansson en textinn er eftir Pál Óskar. Örlygur Smári annaðist nýja útsetningu á laginu. Það kom fyrst út á fyrstu safnplötu Páls Óskars, Stuð, fyrir fimmtán árum.

# Monitor hégómafyllri en FM

Hægt og rólega fer stærð afmælishátíðar Monitor að koma í ljós. Halda skal verðlaunaafhendingu á Apótekinu 11. september, á afmælisdegi Monitor og bera verðlaunin það skemmtilega nafn Nöglin.

„Verðlaunagripirnir sjálfir eru keyptir hjá sama gaur og gerði verðlaunagripina fyrir FM 957-verðlaunin. Hann sýndi okkur svona prótótýpu af FM 957-verðlaunagripnum en sagði að þeir hefðu ekki tímt að kaupa hann og skipt yfir í miklu ódýrari og léttari grip. Þannig að nöglin er í raun verðmætari en FM 957-verðlaunin. Við erum hégómafyllri en FM 957,“ segir Atli Fannar Bjarkason, ritstjóri Monitor.

Fyrir veisluna er auglýst eftir afmælisdverg, en til hvers? „Við getum ekki gefið upp akkúrat hvert hlutverk hans er en það er mjög virðulegt og skemmtilegt. Það virðist vera erfitt að finna dverg í dag sem er til í að sprella aðeins.“

Manneskja af venjulegri hæð myndi ekki duga? „Við verðum með nóg af þeim og það eru hvort sem er allir búnir að fá nóg af þeim. “ Heyrst hefur að Sirkus Agora muni láta sjá sig. „Ég get ekki staðfest það en maður veit aldrei hvar þetta sirkusfólk endar.“ Atli lofar góðu teiti. „Þetta verður mjög sérstakt. Monitor er frekar sérstakt í íslenskri tímaritaflóru og þetta partí mun vera alveg jafn sérstakt og við erum sérstök.“ **- kbs**



**AFMÆLISHÁTÍÐ** Atli Fannar, ritstjóri Monitor, leitar að dverg og afhendir Nöglina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# LJÓST OG LEIKANDI Í NY

**Tískuvikan í New York stendur nú sem hæst. Eftir haust og vetur þar sem fókusinn hefur að miklu leyti verið á snið og skarpar línur virðist vorið ætla að verða töluvert léttara. Hönnuðir á borð við Alexander Wang og Yigal Azrouel sýndu línur sem einkenndust af látlausum og þægilegum fötum og dálítið sportlegum stíl í ljósum og náttúrulegum litum.**



Kvenlegu buxurnar frá haustinu halda áfram inn í vorið en eru gerðar sportlegri með stuttum jakka hjá BCBG Max Azria.



Munstraður bolur úr næfurþunnri bómull og köflóttar stuttbuxur, hjá Karen Walker, eru eflaust þægilegar í sumarhita.



Herðasláin lífgar upp á annars einfaldan klæðnað hjá Yigal Azrouel.

Svartur bolur og bómullarbuxur verða töluvert töffaralegri með skóm eins og þeim sem Alexander Wang sýndi.

Stuttur og útskorinn jakki gerir kjólinn frá Preen afslappaðri en ella, eins og rauðu skórnir.



Samfestingurinn frá BCBG Max Azria er mitt á milli þess að vera sportlegur og kvenlegur.



Afslappaður og þægilegur vorklæðnaður frá Yigal Azrouel. NORDICPHOTOS/GETTY



SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 5:50D - 8D - 10:20D | 16 |
| DEATH RACE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| TROPIC THUNDER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| STAR WARS | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 5:40 - 8:30 - 10:20 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40D | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 8:10D - 10:30D | 16 |
| GET SMART | kl. 3:40 - 5:50D - 8D - 10:10 | L |
| STAR WARS | kl. 3:50D - 6D | L |
| DARK KNIGHT | kl. 10:10 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40D | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 5:50 | L |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| THE ROCKER | kl. 10:10 | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 8 - 10 | 16 |
| STAR WARS | kl. 6 | L |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 6 - 8 | L |
| GET SMART | kl. 10 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 8 - 10 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 6 - 8 | L |
| TROPIC THUNDER | kl. 10:10 | 16 |
| MAMMA MÍA | kl. 5:50 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| STEP BROTHERS LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 - 8 - 10.10 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5.45 – 8 – 10.15 | L |
| SKRAPP ÚT | kl. 8 - 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 | |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MAKE IT HAPPEN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| THE ROCKER | kl. 8 - 10.20 | 7 |
| X - FILES | kl. 5.40 - 8 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.20 | 16 |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| STEP BROTHERS | kl. 8 - 10 | 7 |
| TROPIC THUNDER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STEP BROTHERS | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 9 | L |


# Indí-fólk hefur lítið sjálfsálit

Aðdáendur indí-tónlistar hafa lítið sjálfsálit og eru stefnulausir í lífinu en líta samt á sjálfa sig sem skapandi einstaklinga. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem gerð var af Heriott Watt-háskólanum í Edinborg og tónlistarsíðunni Peopleintomusic.com. Í könnuninni, sem um 36 þúsund manns svöruðu, var spurt um persónuleika þátttakenda og tónlistaráhuga þeirra.

Aðdáendur rapptónlistar hafa mikið sjálfsálit og eru ákaflega opnir einstaklingar en rokkarar eru skapandi og hafa nægt sjálfsálit, auk þess að vera duglegir og sáttir við sjálfa sig.



**KURT COBAIN** Fyrrum forsprakki Nirvana var mikill indí-aðdáandi þegar hann var uppi.

Blúsáhugamenn eru opnir, með sjálfsálitið í lagi og aðdáendur reggítónlistar eru skapandi, opnir, ljúfir og örlátir en frekar latir. Fólk sem hlustar á danstónlist er opið en óvingjarnlegt og hugsar of mikið um eigið skinn. Í könnuninni komu fram töluverð líkindi með þungarokkurum og aðdáendum sígildrar tónlistar. Báðar manngerðirnar hafa frekar mikið sjálfsálit en eru að sama skapi frekar lokaðar. „Fyrir utan aldursmuninn eru þeir eiginlega sama manneskjan,“ sagði prófessorinn Adrian North. „Margir þungarokksaðdáendur hafa gaman af Wagner vegna þess að tónlist hans er stór í sniðum og hávær. Einnig er mikið um leikhúsáhrif bæði í þungarokki og sígildri tónlist og mig grunar að aðdáendurnir leitist við að heyra þau áhrif í tónlistinni.“



Persónur úr Skilaboðaskjóðunni blönduðu geði við unga gesti sem kunnu vel að meta boðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gleði og glaumur

**Þjóðleikhúsið opnaði dyr sínar upp á gátt á laugardaginn og bauð gestum í kynningarferð um leikhússlendur. Margir þáðu boðið með þökkum og fengu að skyggnast baksviðs, máta búninga, fá lit í andlitið og gæða sér á grillmat í boði ræningjanna úr Kardimommubænum. Eins og sjá má var mikil gleðistemning í leikhúsinu á laugardag.**



Andlitsmálning og hressing hjá Kasper, Jesper og Jónatan féll vel í kramið hjá ungum gestum.



Þjóðleikhússtjórinn Tinna Gunnlaugsdóttir tók á móti gestum í sínu fínasta pússi - fengnu úr búningadeild Þjóðleikhússins.



Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri fylgist með á meðan einn gesta fær innsýn í gerð leikmynda fyrir sviðið.

# Gylfi semur um Breiðavík

Breiðavíkurmálið hefur verið flestum landsmönnum hugleikið. Gylfi Ægisson hefur nú samið ljóð um Breiðavíkurdrengina, sem hann kallar einfaldlega Breiðavíkurdrengirnir.

*Í Breiðavík þeir brutu niður drengi,*
*brenndu fyrir lífstíð þeirra sál.*
*Viðgekkst þessi kúgun vel og lengi,*
*Enda yfirmanna leyndarmál.*
*Ekki máttu í þeim heyrast hljóðin,*
*við því kunnu kvalararnir ráð.*
*þeir börðu þá til hlýðni til að slóðin,*
*Þeirra yrði af yfirborði máð.*

*Kirkju börnin byggðu upp frá grunni,*
*böðlum að biðjast fyrir í.*
*Þeir vildu sýna það í þykjustunni,*
*Þeir tryðu á Guð og færu eftir því.*
*Á nóttinni þeir notuðu svo börnin,*
*nætursvefninn þeirra lítill var.*
*Lítið veitt á móti var þá vörnin,*
*enda ólíku að jafna þar.*

*En upp komst þetta allt og þjóðin frétti,*
*í hvelli lamdi hún hnefanum í borð.*
*Almenningur vildi þetta ekki,*
*að framin væru á börnum sálarmorð.*
*Yfirvaldið ei gat tárum varist,*
*að svona nokkuð gæti hérna gerst.*
*Í nafni réttlætis yrði nú barist,*
*unnið yrði úr málinu sem best.*

*Drengjunum nú yrðu bætur bættar,*
*bæta yrði öllum þeirra mein.*
*Enda sálir þeirra sundur tættar,*
*og aðrar farnar burtu ein og ein.*
*Vinir þeirra fyrir eigin hendi,*
*úr heimi þessum horfnir voru á braut.*
*Á líf sett vildu frekar binda endi,*
*En lifa áfram slíka sálar þraut.*

*Eflaust fá þeir ekki háar bætur,*
*ef miða á við sambærileg mál.*
*í myrkrinu enn litla barnið grætur,*
*verið er að eyðileggja sál.*
*Á endanum samt alla dæmir Drottinn,*
*ekkert okkar sleppur víst frá því.*
*Undan honum kemst sko enginn hrottinn,*
*endar sem sagt vítis logum í.*



**BREIÐAVÍKURMÁLIÐ ER MÖRGUM HUGLEIKIÐ** Gylfi Ægisson hefur samið ljóð.


MÁLTÍÐ MÁNAÐARINS
Style Club Samloka
franskar & Coke
895.-
AMERICAN STYLE
BÍLDSHÖFÐI ★ SKIPHOLT ★ TRYGGVAGATA
★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR
STOFA 53

## > Mikil pressa á Burley

George Burley, landsliðsþjálfari Skota, er undir mikilli pressu þegar Ísland og Skotland mætast á morgun. Skoskir fjölmiðlar tala um að þetta sé líklega einn mikilvægasti leikurinn á ferli Burley og telja að hann gæti fengið að fjúka nái Skotar ekki hagstæðum úrslitum á Laugardalsvelli. Burley hefur reynt að hressa upp á þunglamalegt lið Skota síðan hann tók við en með litlum árangri. Er því spáð að hann muni fara í gamalkunnar leikaðferðir gegn Íslandi þar sem skoska liðið ráði lítið við léttleikandi bolta. Yfir 75 prósent lesenda Daily Record, sem er stærsta blað Skotlands, segja að Burley ætti að taka pokann sinn ef Skotland tekur ekki þrjú stig á Laugardalsvelli.



# sport

sport@frettabladid.is

**HERMANN HREIÐARSSON:** SEGIR FRÁBÆRT AÐ VINNA MEÐ HARRY REDKNAPP, KNATTSPYRNUSTJÓRA PORTSMOUTH

## *Það bætir ekki fótboltahæfileikana að borða pasta*

Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, hefur undanfarið verið að prófa sig áfram með leikkerfi þar sem hann beitir sóknarbakvörðum í fimm manna varnarlínu og þar hafa vinstri bakverðirnir og lánsmennirnir Armand Traore frá Arsenal og Nadir Belhadj frá Lens verið teknir fram yfir Hermann Hreiðarsson. Redknapp segir hins vegar í nýlegu viðtali á stuðningsmannasíðu Portsmouth að Hermann hafi enn gríðarlega mikilvægu hlutverki að gegna innan félagsins.

„Hermann er karakter sem þú vilt hafa í kringum þig. Þvílíkur keppnismaður, sem veldur þér aldrei vonbrigðum og gefur alltaf gjörsamlega allt sem hann getur. Ég sé hann ekki fyrir mér sem sóknarbakvörð, en hann er varnarsinnaðri en bæði Traore og Belhadj og getur spilað sem miðvörður eða vinstri bakvörður í fjögurra manna varnarlínu og einnig sem miðvörður í fimm manna varnarlínu," segir Redknapp.

Hermann tekur aukinni samkeppni um stöður í byrjunarliði hjá Portsmouth með stóískri ró.

„Það er fínt að fá samkeppni og svoleiðis en ætli ég neyðist ekki bara til þess að fara að æfa hægri kant í staðinn. Það var að opnast staða í liðinu þar vegna meiðsla," segir Hermann á léttum nótum.

Hermann hefur, líkt og Redknapp um Hermann, ekkert nema góða hluti að segja um Redknapp.

„Redknapp er mikill karakter. Hann er náttúrulega gríðarlega virtur á Englandi og álit hans er þar hvarvetna mikils metið. Það er því gaman að sjá hvernig hann nálgast hlutina og ekkert nema jákvætt að vera búinn að vinna með honum í þetta rúma ár sem ég hef verið hjá félaginu. Hann er líka mikill húmoristi og er einn af þessum ensku knattspyrnustjórum af gamla skólanum og hugmyndafræði hans er lituð af því. Hann sagði okkur til að mynda einu sinni að það væri jú flott að borða fullan disk af pasta, en það myndi samt ekkert bæta fótboltahæfileika leikmanna," segir Hermann.






**ÞJÁLFARARNIR** Lúkas Kostic og Magnús Gylfason hafa ekki gert merkilega hluti með U-21 árs liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

U-21 árs lið karla:

## Mætir Slóvökum í Víkinni

**FÓTBOLTI** Lokaleikur U-21 árs liðs karla í undankeppni fyrir EM 2009 fer fram á Víkingsvelli í dag. Þá mæta strákarnir liði Slóvakíu en leikurinn hefst klukkan 17.00.

Það verður seint sagt að Lúkas Kostic og drengirnir hans hafi gert stórkostlega hluti í undankeppninni en Ísland situr í næstneðsta sæti riðilsins með jafn mörg stig og Kýpur.

Aðeins einn sigur hefur unnist, liðið hefur gert þrjú jafntefli og tapað þrem leikjum. Þá hefur liðið aðeins skorað fimm mörk í sjö leikjum sínum. - hbg

Stjórastaðan hjá West Ham :

## Donadoni og Zola líklegastir

**FÓTBOLTI** Enn þrengist hringurinn í stjóraleit West Ham. Nú er ljóst að Slaven Bilic og Michael Laudrup taka ekki við liðinu og valið virðist því standa á milli Ítalanna Roberto Donadoni og Gianfranco Zola.

Laudrup ákvað í gær að taka við knattspyrnustjórastöðunni hjá Spartak Moskvu og mun hann vera búinn að samþykkja 18 mánaða samning.

Bilic ítrekaði enn og aftur í gær vilja sinn til að standa við gerða samninga við króatíska knattspyrnusambandið og kvaðst því ekki vera að fara að taka við West Ham. - óþ

# Getum náð öðru sæti riðilsins

**Guðjón Þórðarson, fyrrum landsliðsþjálfari, segir Ísland vel geta náð öðru sætinu í sínum riðli í undankeppni HM. Hann segir liðið líka geta lent í neðsta sæti. Það gleður Guðjón að sjá almennilegt vinnuframlag hjá leikmönnum landsliðsins á ný og hann vill að menn hafi trú á því að þeir geti náð góðum úrslitum.**

**FÓTBOLTI** Íslendingar taka á móti Skotum á Laugardalsvelli annað kvöld. Leikurinn gegn Norðmönnum á laugardag gaf góð fyrirheit um framhaldið og verður áhugavert að sjá hvernig lærisveinar Ólafs Jóhannessonar mæta til leiks. Fréttablaðið fékk Guðjón Þórðarson, fyrrum landsliðsþjálfara, til þess að spá í spilin.

„Þessi leikur er mjög mikilvægur fyrir báða aðila. Það var áfall fyrir Skota að tapa í Makedóníu. Skotarnir hefðu reyndar getað sagt sér að það yrði erfiður leikur. Við fengum fín úrslit á laugardaginn en þau úrslit verða ekki fín nema við fáum aftur fín úrslit gegn Skotunum," sagði Guðjón.

Batamerkin á leik íslenska liðsins glöddu Guðjón. „Það var rosalegur munur frá því sem áður var. Þetta var kannski ekki endilega góður fótboltaleikur en það skipti ekki öllu máli á þessum tímapunkti. Það sem skipti öllu máli var hugarfarið. Menn komu tvisvar til baka og sýndu karakter. Þessi frammistaða kom mér ekkert endilega á óvart enda hefur maður verið að bíða eftir því að liðið færi í gang.

Ég hef beðið eftir því að sjá menn klára vinnuna sína. Það stóðu sig margir vel í þessum leik og það er mikilvægt að fá mann eins og Heiðar aftur inn. Vinnan á liðinu var miklu betri en áður og getur enn batnað. Það var mjög ánægjulegt að fylgjast með þessu," sagði Guðjón.

Ólafur Jóhannesson tók við landsliðinu í mjög döpru ástandi. Leikur liðsins var í molum og það sem verra var að þá virtust margir leikmenn hreinlega ekki nenna að leggja sig fram af heilum hug og var mikið talað um agaleysi í hópnum, innan vallar sem utan. Framförin á stuttum tíma er því talsverð.



**KÁTUR** Frammistaða Íslands gegn Noregi gladdi Guðjón Þórðarson. Hann vill sjá að leikmenn hafi áfram trú á því sem þeir eru að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það sem er skrítnast af öllu er að það þurfi að mótivera menn í landsleiki. Menn sem mæta í landsleiki eiga að hafa það eitt að markmiði að leggja sig 120 prósent fram. Það er í fyrsta skipti núna í langan tíma sem við sjáum almennilegt vinnuframlag hjá leikmönnum. Ef allir hefðu spilað á hámarksgetu gegn Noregi hefði Ísland unnið leikinn."

Guðjón var ánægður með framlag Eiðs Smára Guðjohnsen í Ósló en vill sjá meira frá honum. „Eiður þarf að gefa meira af sér í landsliðið en hann er að gera. Hann getur það vissulega og þegar það kemur mega menn fara að passa sig á okkur."

Riðill Íslands er afar áhugaverður en það er erfitt að halda því fram að himinn og haf séu á milli getu íslenska liðsins og hinna liðanna í riðlinum fyrir utan Holland. Guðjón segir að möguleikar séu svo sannarlega fyrir hendi í stöðunni.

„Ég held að Hollendingar séu enn að hlæja yfir þessum riðli sem þeir lentu í. Allar hinar þjóðirnar geta svo lent í öðru sæti. Riðillinn er þannig að við getum allt eins lent í öðru sæti riðilsins eins og því síðasta. Ég held að þetta verði mjög snúið og heimavöllurinn okkar verður að standa.

Leikmenn mega aftur á móti ekki falla í þá gryfju að halda að hlutirnir gerist af sjálfu sér þegar heim er komið. Leikurinn í Noregi á að gefa mönnum byr í seglin og gefa mönnum þá tiltrú sem til þarf að ná úrslitum því það er svo sannarlega hægt," sagði Guðjón sem telur það vinna með Íslandi að mikil pressa sé á Skotunum.

„Skotarnir eru að mörgu leyti öðruvísi en Norðmenn en ég tel samt að Skotarnir séu ekki mikið sterkari en Norðmenn," sagði Guðjón en hann vill að menn stefni á þrjú stig gegn Skotum.

„Ég held að það sé eitthvað sem við verðum að ætla okkur. Ef maður ætlar sér aldrei að sigra þá sigrar maður aldrei. Við erum með fullt af frambærilegum leikmönnum í liðinu og við verðum að standa í fæturna og ætla okkur hlutina," sagði Guðjón sem segir liðið hafa verið sinn versta andstæðing hingað til.

„Við höfum ekki farið á fulla ferð í langan tíma og trúað því að við gætum náð úrslitum. Það þarf að breytast núna," sagði Guðjón Þórðarson. henry@frettabladid.is

40%



**MEIDDUR** Brady haltrar hér af velli. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Áfall fyrir NE Patriots:

## Brady líklega úr leik

**NFL** Besti leikmaður NFL-deildarinnar á síðustu leiktíð, stórstjarnan Tom Brady, mun væntanlega ekki leika meira með New England Patriots í vetur eftir að hafa meiðst illa á hné í fyrsta leik liðsins á tímabilinu um síðustu helgi.

Brady missti af öllu undirbúningstímabilinu vegna meiðsla og varð að yfirgefa völlinn strax í fyrsta leikhluta þegar hann var tæklaður illa í vinstra hnéð.

Þetta er eðlilega gríðarlegt áfall fyrir Patriots enda fór Brady á kostum í fyrra og setti meðal annars NFL-met yfir flestar snertimarkssendingar. Liðið tapaði ekki leik allt tímabilið og eina tapið kom í sjálfum úrslitaleiknum.

Talið er að Patriots muni fá nýjan leikstjórnanda í stað Brady og Chris Simms, fyrrum leikstjórnandi hjá Buccaneers, er þar efstur á blaði. **- hbg**



**ÁGÆT FRAMMISTAÐA** Sonja Sigurðardóttir sést hér eftir sundið. MYND/JBÓ

Ólympíuleikar fatlaðra:

## Fínt sund hjá Sonju

**ÓL FATLAÐRA** Sundkonan Sonja Sigurðardóttir var fyrsti íslenski keppandinn sem tók þátt á Ólympíuleikum fatlaðra í gær.

Sonja tók þátt í 50 metra baksundi og hafnaði í tíunda sæti af fjórtán keppendum og komst ekki í úrslit. Tími Sonju var engu að síður mjög góður, 57,90 sekúndur sem er hennar besti tími í tæp tvö ár. **- hbg**


Renault Kangoo

Mest seldi atvinnubíll íslands á frábæru tilboðsverði.



SAGA flotastjórnun

Með hverjum Kangoo fylgir frí uppsetning á SAGA staðsetningartæki og hugbúnaði frá ND og 2 mánaða áskrift án endurgjalds.

NEW DEVELOPMENT

LAGERLOSUN

LAGERLOSUN Á VINSÆLASTA ATVINNUBÍL FYRR OG SÍÐAR. FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ.

Eigum **örfá eintök eftir** af einum vinsælasta atvinnubíl fyrr og síðar, Renault Kangoo. Nýr Kangoo er á leiðinni til landsins og því höfum við ákveðið að selja nokkur eintök af eldri gerðinni á ótrúlegu verði. Ráðgjafar okkar eru tilbúnir við símann. Hringdu í **575 1224** eða sendu fyrirspurn á **arnif@bl.is** til að tryggja þér eintak. Fyrstir koma, fyrstir fá!

VERSLAÐU ATVINNUBÍLA AF ÞEIM SEM GETA ÞJÓNUSTAÐ ÞIG!

Þeir sem eru í atvinnurekstri vita að þjónusta skiptir öllu máli þegar kemur að atvinnubílum. Atvinnurekendur verða að geta treyst á 100% nýtingu bílaflotans. Atvinnubíladeild B&L er þekkt fyrir að þjónusta viðskiptavini sína af miklum metnaði. **Verslaðu við ábyrga aðila, sem þú getur treyst.**

B&L ATVINNUBÍLAR



LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR OG ENGIN FÆRSLUGJÖLD

Nýir viðskiptavinir Netbankans sem sækja um debetkort án færslu- og árgjalda, fá 18,45% yfirdráttarvexti fyrstu 6 mánuðina sem þeir eru í viðskiptum. Að auki býðst nýjum viðskiptavinum almennt e-Vildarkort án árgjalds fyrsta árið.

Kynntu þér málið og sæktu um á www.nb.is eða hafðu samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800.

www.nb.is

Netbankinn – með betri vexti

Miðast við meðal-yfirdráttarvexti á sambærilegum reikningum.



> **Gregory Smith**

„Ekki reyna að vera eins og fólkið sem þú umgengst. Vertu þú sjálfur, því þú ert einstakur.“ Smith leikur í þættinum Everwood sem sýndur er í Sjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFIR Í EINRÚMI

## *Auglýsingar: sýnist sitt hverjum*

Hver sá sem hefur yndi af því að stunda vandað og úthugsað sjónvarpsáhorf veit vel hversu mikil plága það getur verið að horfa á sjónvarpið með öðrum. Líkt og með aksturslag eða hreinlætisvenjur hefur hver sinn persónulega stíl þegar kemur að sjónvarpsglápi. Það má gróflega skipta heimsbyggðinni í tvo hópa: þá sem kunna að nýta sjónvarpstækið til þess að fá sem mest út úr áhorfsreynslu sinni og svo þá sem gætu eins verið að góna á rykið þyrlast um stofugólfið. Auðveldast er að komast að því hvorri fylkingunni fólk tilheyrir með því að skoða viðhorf þeirra til sjónvarpsauglýsinga. Þeir sem kunna að horfa á sjónvarp vita sem er að það borgar sig ekki að skipta um stöð þó svo að auglýsingahlé klippi þáttinn þeirra í sundur. Fyrir það fyrsta eru auglýsingar oft stórskemmtilegar, stundum hreinlega betri en sjónvarpsefnið sem þeim er skotið inn í, og maður gæti því verið að klúðra málunum



stórfellt með því að sneiða hjá þeim. Í annan stað gæti maður misst af mikilvægum sekúndum í þættinum sem maður er af veikum mætti að reyna að fylgjast með ef maður tekur sénsinn á annarri stöð. Það gæti reynst manni dýrkeypt þar sem maður veit aldrei fyrirfram hvar mikilvægustu sekúndurnar eru staðsettar í sjónvarpsþætti. Í þriðja lagi mynda auglýsingahlé og þættir heillandi samfellu, dálítið eins og landslag séð um bílglugga á ferð, sem gott er að njóta í afslöppuðu ástandi. Þeir sem ekkert kunna að glápa standa afturámóti margir í þeirri trú að auglýsingar séu til þess eins gerðar að pranga inn á áhorfendur drasli sem þeir þurfa ekki og sniðganga þær því í þeirri trú að þeir séu þarmeð að sniðganga heimtufrekju neytendasamfélagsins. Jamm, því það er einmitt ætlunin þegar maður glápir á imbann.

En þessar ólíku nálganir leiða oft af sér átök milli heimilisfólks um fjarstýringuna. Það er því kærkomin þróun að sjónvörp hafi tekið að birtast í öllum herbergjum nútímaheimila.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Rosenstrasse STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.35** Less Than Perfect SKJÁREINN



▶ **21.05** Chuck STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (20:26)

**18.00 Arthúr** (133:135)

**18.25 Feðgar í eldhúsinu** (Harry med far i køkkenet) (5:6)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.00 Everwood** (12:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.

**20.45 Heilabrot** (Hjärnstorm) (8:8) Í þessum sænsku þáttum eru teknir fyrir ýmsir þættir í hugsun og hegðun manna svo sem minni, eftirtekt, ákvarðanataka og líkamstjáning.

**21.15 19. öldin á röngunni** (1800-tallet på vrangen) (8:8) Í þáttunum er fjallað um ýmsa snillinga, afreksmenn og brautryðjendur meðal Dana á 19. öldinni. Einnig, listir, ástir og armæðu á miklu mótunarskeiði í sögu landsins.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Vincent** (Vincent II) (1:4)

**23.35 Stuttmyndadagar 2007** Sýndar verða verðlaunamyndir Stuttmyndadaga í Reykjavík 2007 og leikstjórar þeirra kynntir.

**00.25 Kastljós** (e)

**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.15 The Perez Family**

**10.05 Les triplettes de Belleville**

**12.00 Shopgirl**

**14.00 The Perez Family**

**16.00 Les triplettes de Belleville**

**18.00 Shopgirl**

▶**20.00 Rosenstrasse** Áhrifamikil og ljúfsár mynd um ástir og örlög tveggja kvenna sem báðar áttu sárt um að binda í seinni heimstyrjöldinni.

**22.15 Prey for Rock and Roll**

**00.00 Sylvia**

**02.00 Enemy Mine**

**04.00 Prey for Rock and Roll**

**06.00 The Pink Panther**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Draugasögur Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (144:300)

**10.15 Flipping Out** (4:7)

**11.10 60 minutes**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Life is Ruff**

**14.35 Friends** (6:23)

**15.00 Friends** (1:24)

**15.25 Sjáðu**

**16.18 Ginger segir frá**

**16.38 Justice League Unlimited**

**17.03 Ben 10**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (2:22)

**19.55 Friends** (13:24)

**20.20 Two and a Half Men** (6:19)

**20.40 The Big Bang Theory** (4:17) Leonard og Sheldon eru klárir eðlisfræðingar og nördar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins. Líf þeirra breytist til muna þegar þeir kynnast Peggy sem er einlæg, fögur og skemmtileg.

▶**21.05 Chuck** (2:13) Chuck Bartowski er óskóp venjulegur maður sem lifir frekar óspennandi lífi. Þegar hann opnar tölvupóst sem matar hann af öllum hættulegustu leyndarmálum CIA breytist allt.

**21.50 Moonlight** (16:16)

**22.35 The Daily Show. Global Edition**

**23.00 Silent Witness** (10:10)

**23.55 60 minutes**

**00.40 Ghost Whisperer** (42:44)

**01.25 Life is Ruff**

**02.50 Medium** (2:22)

**03.35 Chuck** (2:13)

**04.20 Silent Witness** (10:10)

**05.10 Friends** (6:23)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.40 Þýski handboltinn - Hápunktar** Í þessum þætti um þýska handboltann er hver umferð er gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**17.20 Undankeppni HM** Útsending frá leik Andorra og Englendinga í undankeppni HM en þetta var fyrsti alvöru leikur Englendinga undir stjórn Fabio Capello

**19.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**19.30 Undankeppni HM 2010** Útsending frá leik Noregs og Íslands í undankeppni HM en íslenska liðið sýndi oft á tíðum frábæra takta á Ulleval.

**21.25 Countdown to Ryder Cup** Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa og Bandaríkin mætast dagana 19. - 21. september næstkomandi.

**21.55 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi. Að þessu sinni verður BMW Championship mótinu gerð góð skil.

**22.50 Million Dollar Celebrity Poker** ▶Að þessu sinni mæta stjörnurnar til leiks í póker og keppa um stórar fjárhæðir.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Aston Villa og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 PL Classic Matches** Newcastle - Man Utd, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.50 PL Classic Matches** Man United - Newcastle, 02/03). Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**23.20 English Premier League**

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 America´s Funniest Home Videos** (e)

**19.45 Family Guy** (e)

**20.10 Frasier** (8:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.

▶**20.35 Less Than Perfect** Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni.

**21.00 Design Star** (8:9) Það er komið að lokauppgjörinu og Todd og Kim þurfa að leysa krefjandi verkefni á framandi slóðum þar sem dramatíkin nær hámarki.

**21.50 High School Reunion** (5:6) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þessi skrautlegi hópur hittist á ný. Framleiðandi þáttanna er Mike Fleiss, sá sami og stendur á bak við The Bachelor.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 C.S.I. New York** (e)

**00.20 Trailer Park Boys**

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**

**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Mænan er ráðgáta – hjálpumst að við að leysa hana

Taktu þátt í landssöfnun sem miðar að því að lækning finnist við mænuskaða. Það gefur fjölda fólks um heim allan von um að ganga á ný.

Hringdu núna:

Síminn

**904 1000 | 904 3000 | 904 5000**

og þú gefur 1.000 kr. | og þú gefur 3.000 kr. | og þú gefur 5.000 kr.



Mænuskaðastofnun Íslands

STOÐIR bakhjarl landssöfnunarinnar

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.35

### The Daily Show: Global Edition



Umtalaðasti, mest verðlaunaði, beittasti og fyndnasti spjallþáttur í bandarísku sjónvarpi er loksins kominn í íslenskt sjónvarp. Í þættinum fer snillingurinn Jon Stewart á kostum í einstaklega spaugsamri umfjöllun um það sem hæst ber í fréttum hverju sinni. Engum er hlíft og allir eru tilbúnir til að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Vincent

### Sjónvarpið kl. 22.25

Breskur spennumyndaflokkur um hörkutólið Vincent Gallagher, einkaspæjara og fyrrverandi lögreglumann. Í þættinum í kvöld biður örvingluð kona Vincent um að rannsaka mál mannsins síns sem hún heldur að hafi þegið borgun fyrir að sitja af sér fangelsisdóm fyrir morðingja. Með aðalhlutverk fara Ray Winstone og Suranne Jones.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Óskalög sjómanna
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Dyr standa opnar
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (11:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (12:260)
**17.00 Seinfeld**
**17.30 Ally McBeal** (12:23)
**18.15 Smallville** (4:20)
**19.00 Hollyoaks** (11:260)
**19.30 Hollyoaks** (12:260)
**20.00 Seinfeld** Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
▶**20.30 Ally McBeal** (12:23) Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 síðari ára er nú sýndur aftur á Stöð 2 Extra. Frábærir gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma.
**21.15 Smallville** (4:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.00 So you Think you Can Dance** (18:23) Fjórða þáttaröðin af So You Think You Can Dance. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**23.25 So you Think you Can Dance** (19:23)
**00.10 Missing** (18:19)
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson Gestir: Marta Eiríksdóttir, Vilborg Loftsdóttir formaður Leiðtoga-Auðar, Margrét Kristmannsdóttir formaður Félags kvenna í atvinnurekstri.
**21.00 Nútímafólk** Umsjón: Randver Þorláksson. Gestur: Jakob Frímann Magnússon Stuðmaður.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** SPAM 2008 - verdens største computerfestival **14.30** Haren og Hunden **14.35** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **15.00** Lucky Luke **15.25** F for Får **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Med livet i hænderne **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander. Dødens horoskop **21.35** Seinfeld **22.00** Forlisets helte

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Niklas' mat **12.35** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Familien **13.30** Dracula junior **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Hund i huset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Ansikt til ansikt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** I skyggen av Snøhvit **20.25** Extra-trekning **20.35** Paralympics i Beijing **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heroes **21.55** Den deprimerte reporteren **22.55** 4·4·2. Bakrommet. Fotballmagasin **23.25** Kulturnytt **23.35** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Oväntat besök **10.35** Doobidoo **11.40** Kvarterets olycksfågel **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Nima **14.50** Iver **15.00** I drömmarnas trädgård **15.30** Piggley Winks äventyr **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Sixties **18.30** Paralympics 2008 **19.00** Videokväll hos Luuk **19.30** Imaginary Heroes **21.20** Kulturnyheterna **21.35** Den hårda linjen **22.25** 2010




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Bestu veitingastaðir Íslands eru auðvitað sushi-staðir, enda er ferskleikinn þeirra bragð. Vilji maður spennandi sushi þá er hraðlestin í Iðuhúsinu málið. Vilji maður rómó með sinni heittelskuðu þá er sushi take out í fiskihúsunum málið, enda toppar fátt að sitja og horfa á sólina setjast yfir smábátahöfninni.“*

Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri.

# Sky stelur frá Stöð 2

Íslenskar auglýsingastofur og markaðsdeildir hafa stundum orðið uppvísar að því að fá að „láni“ erlendar auglýsingar, herferðir, lógó eða markaðsímyndir. Nýjasta dæmið er Símaauglýsingin fyrir „Núllið“ sem er alveg eins og auglýsing frá T-mobile. Það hljóta því að teljast ánægjuleg tíðindi þegar dæmið snýst við, þegar erlendir risar stela íslenskum hugmyndum.

Breska sjónvarpsstöðin Sky hóf á dögunum nýja „rebranding“ herferð og kynnti til sögunnar nýtt útlit og nýtt lógó á Sky One.

Allt er þetta sláandi líkt útliti Stöðvar 2, blá glerbrot á flugi. Leó Lúðvíksson hjá Sagafilm á heiðurinn af Stöðvar 2-útlitinu og var það kynnt til sögunnar fyrir um ári.



**KJÁNALEGT AÐ STANDA Í MÁLAFERLUM** Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.

„Við lítum nú bara á þetta sem heiður,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. „Sky er eitt eftirtektarverðasta fyrirtækið í bransanum og við lítum einna mest til þess að því er varðar fyrirmynd. Því er það eiginlega bara sérstaklega ánægjulegt að Sky skuli fá lánað hjá okkur.“

En á að fara í hart og kæra?

„Nei, það væri afar kjánalegt að fara að standa í málaferlum,“ segir Pálmi og hlær. **- drg**





**BLÁ GLERBROT Á FLUGI** Útlit Stöðvar 2 og Sky er sláandi líkt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | 10 | | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | 19 | | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** skófla, **6.** tveir eins, **8.** hluti verkfæris, **9.** dýrahljóð, **11.** tveir eins, **12.** glæsileiki, **14.** trappa, **16.** tveir eins, **17.** æðri vera, **18.** for, **20.** í röð, **21.** umkringja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ákaflega, **3.** tveir eins, **4.** umhverfis, **5.** ái, **7.** töf, **10.** bók, **13.** arr, **15.** dugnaður, **16.** verkur, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** moka, **6.** ff, **8.** orf, **9.** urr, **11.** ii, **12.** reisn, **14.** stígi, **16.** tt, **17.** guð, **18.** aur, **20.** mn, **21.** króa.
**LÓÐRÉTT: 1.** ofur, **3.** oo, **4.** kringum, **5.** afi, **7.** frestur, **10.** rit, **13.** sig, **15.** iðni, **16.** tak, **19.** ró.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Ljósanótt.
2. Glacierworld.
3. 1998.


Plastkassar
í öllum stærðum
Undir smáhlutina | Undir bókhaldið
Í eldhúsið | Undir ljósmyndir
í bílskúrinn | Í þvottahúsið
Heima | Í bílinn
Í sumarbústaðinn | Undir verkfærin
Undir saumadótið | Í barnaherbergið
Í geymsluna | Undir garðáhöldin

HAMMAR PLAST
TAKK hreinlæti ehf.
Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
Kíktu á heimasíðuna okkar
www.takk.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


ÍVAR ÖRN ÞÓRHALLSSON: KREFST MILLJÓNA VEGNA RANGRAR FRÉTTAR

# Sonur Ladda í dómsmál vegna fréttar Séð og heyrt

„Þetta er náttúrulega bara vitleysa og það verður að stoppa þessa menn af,“ segir Ívar Örn Þórhallsson sem hefur höfðað mál á hendur tímaritinu Séð og heyrt vegna umfjöllunar þess um hann. Frétt birtist um Ívar í tímaritinu í lok ágúst. Fyrirsögnin á forsíðu blaðsins var „Sonur Ladda. Hommi á Barnalandi“ Í stefnu Ívars er þess krafist að fyrirsögnin verði dæmd dauð og ómerk. Ívar fer fram á tvær milljónir króna í miskabætur, að dómurinn verði birtur í Séð og heyrt og að blaðið greiði 400 þúsund krónur til að kosta birtingu í tveimur dagblöðum. Þá stefnir Ívar útgáfufélaginu Birtingi, sem gefur út Séð og heyrt, fyrir birtingu á ljósmyndum án leyfis. Krefst hann tæpra 260 þúsund króna í skaðabætur og 600 þúsund króna í miskabætur.

Eins og umrædd fyrirsögn gefur til kynna er Ívar sonur skemmtikraftsins Þórhalls Sigurðssonar - Ladda. Ívar er afar ósáttur við umfjöllun blaðsins, segir hana alranga og að hún hafi skaðað mannorð hans. Málavextir eru þeir að Ívar tók þátt í umræðum á spjallsíðunni ER.is. Þar birtist mynd af honum förðuðum og í kjólfarið fór af stað umræða um að hann liti út fyrir að vera samkynhneigður. Ívar segist hafa tekið þátt í umræðunni í gríni. Þegar hann svo fór aftur inn á síðuna rúmum sólarhring síðar og umræðan var enn í gangi hafi hann leiðrétt hana. „Svo hringir Séð og heyrt tveimur dögum síðar. Ég sagði þeim að þetta hafi verið grín sem fór úr böndunum. Ég sé ekki samkynhneigður, mér þyki bara alltof vænt um kvenfólk til þess. Svo veit ég ekki fyrr en blaðið kemur út. Og þá lít ég allt í einu út eins og barnaníðingur,“ segir Ívar. Hann segist sérstaklega ósáttur við þessa Barnalandstengingu, enda hafi umræðan ekki farið fram þar.



**ÓSÁTTUR OG KREFST MILLJÓNA** Ívar Örn Þórhallsson, sonur skemmtikraftsins Ladda, er ósáttur við frétt blaðsins Séð og heyrt um sig. Hann hefur höfðað mál gegn blaðinu og krefst hárra fébóta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Myndirnar sem birtust með fréttinni segir Ívar að hafi verið teknar í leyfisleysi af læstri Myspace-síðu. „Þessar myndir voru af mér og fyrrverandi konu minni óléttri. Hún var auðvitað líka mjög óhress þegar fólk fór að hringja í hana út af þessari frétt.“

Lögmaður Ívars er Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og er Ívar vongóður um málið vinnist og honum verði dæmdar miskabætur. „Þeir eru að birta vitleysu trekk í trekk. Mér finnst þetta síst of há upphæð enda er verið að stimpla mig sem barnaníðing. Ætli þeir hafi ekki líka fengið meira út á auglýsingar og sölu vegna þessa. Mér finnst að sem flestir sem hafa lent í blaðinu ættu að kæra þá og fara fram á háar bætur, svo þeir finni fyrir því.“

Eiríkur Jónsson, ritstjóri Séð og heyrt, var erlendis þegar Fréttablaðið náði af honum tali í gær. Hann kvaðst ekki hafa heyrt af stefnu Ívars og því ekki geta tjáð sig um málið að svo stöddu.

**hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ólöf Arnalds** spilar á WOMEX (World Music Expo) í Sevilla á Spáni um mánaðamótin október/nóvember. Þetta er langstærsta heimstónlistarhátíð í heimi og hefur verið haldin árlega síðan 1994. Ólöf verður fyrst Íslendinga til að spila á hátíðinni. Nýrri plötu, sem Ólöf hugðist gera á árinu, hefur verið slegið á frest fram á næsta ár.



Ljósanótt í Reykjanesbæ tókst gríðarlega vel. „Þetta er miklu flottara en á menningarnótt,“ heyrðist víða eftir flugeldasýninguna og ljóst að verkefnastjórinn **Ásmundur Friðriksson** og samstarfsfólk hans getur verið stolt af árangrinum. Þá kom vera hermanna á Nato-æfingu á djamminu í Keflavík mönnum í nostalgíu fíling með tilheyrandi handalögmálum.



**Börkur Gunnarsson** vinnur fyrir Nató í Afganistan og á í mestu erfiðleikum með að skoða sumar íslenskar heimasíður vegna ritskoðunar. Nato-sían bannar honum að skoða síðu **Jónasar Kristjánssonar**, sem væri kannski skiljanlegt ef sían myndi ekki líka banna honum að skoða bjorn.is. Börkur hefur áður unnið fyrir Nató í Írak og gerir þeirri reynslu skil í bók sem væntanleg er á næstunni. **- drg**



# Nýtt lag Villa Vill á leið í spilun

„Það er ekki alveg tilbúið. Við erum að leggja lokahönd á það og það kemur á næstu dögum, við erum að vona fyrir helgi,“ segir tónlistarmaðurinn Magnús Kjartansson um nýtt lag með söngvaranum Vilhjálmi Vilhjálmssyni sem nefnist Tölum saman.

Eins og komið hefur fram hefur Magnús unnið að nýrri upptöku á þessu týnda lagi og nýtur hann liðsinnis tónlistarmanna á borð við Gunnlaug Briem, Vilhjálm Guðjónsson og Þóri Baldursson í hljóðverinu. „Þetta er gert árið 2008, þannig að það mun bera keim af því,“ segir Magnús um lagið og bætir því við að það eigi eftir að koma á óvart. „Það hefur hver tími sinn sjarma og sitt sánd en þetta verður á 2008-sándi. Þetta verður alveg eins og þetta hafi verið unnið með Villa í síðustu viku.“



**VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON** Vilhjálmur söng lagið Tölum saman fyrir 33 árum en nú lítur það loksins dagsins ljós.

Tölum saman verður að finna á hátíðarútgáfu síðustu plötu Vilhjálms, Hananú, sem kemur út skömmu fyrir tónleika til heiðurs söngvaranum í Laugardalshöll í október. Maðurinn á bak við þá er einmitt Magnús Kjartansson. Um tvenna tónleika verður að ræða en uppselt varð á þá fyrri eftir að fjögur þúsund miðar seldust á tuttugu mínútum. Magnús segist hafa orðið undrandi á þessum frábæru viðbrögðum. „Ég var viss um að það yrði full höll einu sinni en núna er fólk búið að hrekja mann í að halda aðra tónleika. Núna lætur maður sig dreyma um að þeir sem voru seinir til síðast láti sig detta inn á þá tónleika. Þetta verður á laugardagskvöldi á besta tíma og allir verða sjóðheitir,“ segir hann. **- fb**



**MAGNÚS KJARTANSSON** Nýtt lag með Vilhjálmi Vilhjálmssyni, Tölum saman, er væntanlegt í spilun á allra næstu dögum.




# Nýjar aukasýningar í sölu kl. 10!

## Til að mæta gríðarlegri eftirspurn hefur nýjum aukasýningum verið bætt við

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Þri. 09/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Fös. 26/09 | kl 22.00 | UPPSELT |
| Mið. 10/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Lau. 27/09 | kl 19.00 | UPPSELT |
| Fös. 12/09 | kl 19.00 | UPPSELT | Lau. 27/09 | kl 22.00 | UPPSELT |
| Fös. 12/09 | kl 22.00 | ÖRFÁ SÆTI LAUS | Fim. 02/10 | kl 20.00 | UPPSELT |
| Lau. 13/09 | kl 19.00 | UPPSELT | Fös. 03/10 | kl 19.00 | UPPSELT |
| Lau. 13/09 | kl 22.00 | ÖRFÁ SÆTI LAUS | Fös. 03/10 | kl 22.00 | UPPSELT |
| Sun. 14/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Lau. 04/10 | kl 19.00 | UPPSELT |
| Fim. 18/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Lau. 04/10 | kl 22.00 | UPPSELT |
| Fös. 19/09 | kl 19.00 | UPPSELT | Mið 15/10 | kl 20.00 | NÝ AUKASÝN. |
| Lau. 20/09 | kl 19.00 | UPPSELT | Sun 19/10 | kl 20.00 | NÝ AUKASÝN. |
| Lau. 20/09 | kl 22.30 | UPPSELT | Mið 22/10 | kl 20.00 | NÝ AUKASÝN. |
| Fim. 25/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Fim 23/10 | kl 20.00 | NÝ AUKASÝN. |
| Fös. 26/09 | kl 19.00 | UPPSELT | Fös 24/10 | kl 19.00 | NÝ AUKASÝN. |



Áhorfendasýning ársins

**Tryggðu þér miða á sýninguna sem allir ætla að sjá**

Miðasalan opnar kl. 10. Sími **5688000.**

Miðasala allan sólarhringinn á netinu: **borgarleikhus.is**




## Nú fá allir sér áskriftarkort í Borgarleikhúsið

Þú getur valið Fló á skinni sem kortasýningu í áskriftarkorti Borgarleikhússins. Veldu fjórar sýningar af glæsilegri dagskrá leikhússins í vetur á aðeins 8.900 kr. Ungt fólk og námsmenn fá kortið á hálfvirði með rausnarlegum stuðningi SPRON.

Sett upp í Reykjavík í samstarfi við

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Orkuveita Reykjavíkur

Miðasala er í síma **568 8000** og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
TOYOTA-þjónusta



Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510 - www.bilasprautun.is





**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur


## *Fræg og fáklædd*

För mín út á vinnumarkaðinn úr háskólanum einkenndist af háleitum hugsjónum og hóflegum skammti af reiði út í heiminn. Mér fannst ég sérlega gáfuð og herðar mínar voru sligaðar af byrðum pólitískrar rétthugsunar og fögrum vangaveltum um hvað mætti og mætti ekki í fjölmiðlum. Robert Fisk var minn maður og stuðningsmenn Íraksstríðsins óvinir mínir.

**AF FYRRGREINDUM** ástæðum varð ég svolítið hissa fyrsta vinnudaginn minn á ritstjórn. Reiðileg kona færði mér prentaða snepla og undraðist ég að á þeim voru aðeins frásagnir af holdafari fólks í Hollywood, samförum þeirra við aðra íbúa svæðisins, smáhundum þess og fatnaði. Eins og glaðværri ljósku sæmir þá brosti ég kurteislega til illskulegu konunnar og hófst svo handa við þýðingar. Mér fannst ég sérlega sniðug og bjóst við því að eftir að reiða konan hefði lesið skrif mín og glöggvað sig á mér myndi hún sleppa mér úr slúðrinu og yfir í að bjarga heiminum.

**ÉG REYNDIST** ekki sannspá heldur rétt leit hún á skrifin og því næst á mig yfir gleraugun og spurði: „Fyrirgefðu, þekkir þú ekki muninn á Kid Rock og Chris Rock," Ég vildi náttúrulega ekki að hún héldi að ég væri hálfviti og reyndi því að redda mér með því að svara. „Æ, jú er annar þeirra ekki kallaður The Rock?" Reiða konan ályktaði að ég væri fáviti og sagði. „Þetta eru mest lesnu fréttir fjölmiðla og þeim á að sýna virðingu." Ég sá að engu tauti yrði komið við þetta illkvendi sem virtist halda að jörðin snerist í kringum rassinn á Jennifer Lopez og brosti því bara blítt.

**LEIÐIR** okkar grömu konunnar hafa síðan legið samhliða í gegnum árin. Þó hvorug okkar skrifi lengur um áhyggjur heimsins af skallablettum eða fitusogsaðgerðum á fræga fólkinu erum við býsna vel að okkur hvað þetta varðar. Það sama virðist gilda um þorra fréttanotenda ef marka má lista vefmiðla yfir mest lesnu fréttirnar. Það eru sko ekkert fréttir af efnahagskreppu, orkumálum eða góðum stjórnsýsluháttum sem þar slá í gegn.

**ÞETTA** eiga stjórnmálamenn að vita og nýta sér. Sá eini í heiminum sem virðist hafa áttað sig á því er auðvitað Pútín, maðurinn sem svo ótrúlega heppilega er staddur með deyfibyssu í Síberíu einmitt þegar sjaldgæfur tígur sleppur af friðlandi sínu. Aldrei bregst það heldur að færir ljósmyndarar eru með forsetisráðherranum í för. Þetta hefði okkar fólk mátt hafa í huga þegar ísbirnir gengu hér upp á land og einhverra hluta vegna þurfti að hringja í Dani til að biðja um búr og engin deyfibyssa fannst á öllu landinu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 9. september, 253. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.34 | 13.25 | 20.14 |
| Akureyri | 6.15 | 13.10 | 20.02 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


